

Skýrsla

**Össurar Skarphéðinssonar samstarfsráðherra
Norðurlanda um störf
Norrænu ráðherranefndarinnar 2007**

(Lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008)

Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytisins
Janúar 2008

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	3
2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda	5
3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda	6
4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins	15
5. Menningarmál	18
6. Jafnréttismál	22
7. Málefni dómsmálaráðuneytisins	23
8. Menntun og rannsóknir	26
9. Vinnumál og vinnuverndarmál	29
10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál	35
11. Heilbrigðis- og félagsmál	42
12. Efnahags- og fjármál	48
13. Umhverfismál	52
14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvælamál og skógrækt	59
15. Samstarf við nágrannasvæðin	62
16. Norrænar stofnanir á Íslandi	63
16.1. Norræna húsið	63
16.2. Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	69
17. Norrænar lánastofnanir	71
17.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	71
17.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	74
17.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	77
17.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	78
17.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda	80
Fylgiskjal 1: Punkaharju-yfirlýsing	
forsætisráðherra Norðurlanda	81
Fylgiskjal 2: Styttingar	84

Niðurröðun efnis er í samræmi við fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar og skipulag skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar

SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2007

1. Inngangur

Forsætisráðherrar Norðurlanda komu til árlegs sumarfundar í Punkaharju í Finnlandi í júní 2007 og samþykktu þar stefnuyfirlýsingu fyrir samstarf Norðurlanda (sjá fylgiskjal 1). Samkvæmt henni verða aðgerðir til að styrkja Norðurlönd í því nýja umhverfi sem hnattvæðingin hefur í för með sér settar í fyrirrúm. Meginmarkmiðið er að auka þekkingu, rannsóknir og nýsköpun, gera löndin sýnilegri út á við og efla þar velmegun. Hún var höfð að leiðarljósi í allri starfsemi ráðherranefndarinnar síðari hluta árs. Helstu áherslumál Finna sem fóru með formennsku í ráðherranefndinni 2007 voru í sömu veru og yfirlýsing forsætisráðherranna því þar var forgangsmálið að auka möguleika landanna á að svara áskorunum hnattvæðingarinnar.

Á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar var stunduð fjölbreytt starfsemi og margvíslegur árangur náðist. Meðal þess var eftirfarandi:

Viðbrögð við Punkaharju-yfirlýsingu forsætisráðherranna var veigamesta viðfangsefni ársins. Grunnur var lagður að þeim átta verkefnum sem forsætisráðherrarnir báðu um að hraðað yrði, en þau snúa að loftslags- og umhverfismálum, rannsóknum og nýsköpun, menntamálum og því að auka sýnileika Norðurlanda út á við. Þá var hafinn undirbúningur að hnattvæðingarþingi sem haldið verður í Riksgränsen í Norður-Svíþjóð í apríl 2008, en fyrirhugað er að forsætisráðherrar landanna boði árlega til slíkra umræðuþinga um viðbrögð við hnattvæðingunni.

Akvörðun var tekin um sérstakan vettvang um stjórnsýsluhindranir til að hleypa nýju lífi í vinnuna við að rjúfa laga- og stjórnsýslulegar hindranir á för borgaranna og búferlaflutningum milli landanna. Starfsemin, sem hófst í byrjun árs 2008, á jafnframt að beinast að hindrunum sem snúa að atvinnulífinu.

Unnið var að undirbúningi sameiginlegrar gáttar um almannatryggingar á Norðurlöndum sem opnuð verður árið 2008.

Í svonefndu Álandseyjaskjali sem samþykkt var á árinu var ákveðið að styrkja stöðu sjálfstjórnarlandanna í samstarfinu.

Norræna vísindasamstarfið er í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk stofnunarinnar sem hóf störf 2005. Þar er lögð rík áhersla á að nýta fjármunina þannig að samlegðaráhrif skapist og laðaðir séu til starfa fram-sæknuðu aðilar í vísindum til að ná fram sem sterkustum áhrifum á alþjóða mælikvarða. Sett hafa verið á stofn norræn öndvegissetur á fimm sviðum sem snúa að hug- og félagsvísindum, velferðarsamfélaginu, hnattrænum breytingum, læknisfræðilegri sameindalíffræði, matvælum, næringu og heilsu. Í tengslum við öndvegissetrin eru starfræktir norrænir rannsóknarnámsskólar og skipulagt netsamstarf rannsóknarnámsskóla á Norðurlöndum.

Til að efla samstarf háskóla á Norðurlöndum og hinn sameiginlega norræna menntamarkað á þeim sviðum þar sem Norðurlönd eru faglega sterk ákváðu menntamálaráðherrarnir að styrkja samstarf háskóla á Norðurlöndum til að setja upp og bjóða fram sameiginlega norræna meistaraþráðu. Stefnt er að því að starfsemin hefjist á árinu 2008.

Gagngerri endurskipulagningu á menningarsamstarfinu lauk á árinu. Hið nýja skipulag einkennist af því að starfsemin fer nú fram samkvæmt tíma- bundnum áætlunum og öll yfirbygging hefur verið einfölduð mikið.

Ákveðið var að sameina fjórar stofnanir, sem allar starfa á félags- og heilbrigðismálasviði í eina, þ.e. Norrænu samstarfsmiðstöðina um málefni fatlaðra (NSH), Norrænu menntamiðstöðina á sviði daufblindu (NUD), Norrænu samstarfsmiðstöðina um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS) og Norrænu rannsóknarnefndina á sviði vímuefna (NAD).

Til að styrkja starfsemi þá sem snýr að erfðavísnum plantna og búpenings voru norrænu genbankarnir fyrir nytjaplöntur og búpening og Norræna frænefndin í skógrækt sameinuð í eina stofnun, NordGen, sem verður norræn þekkingarmiðstöð um lífbreytileika nytjategunda.

Í samstarfinu við Norðvestur-Rússland hefur aðaláherslan beinst að því að stofna til tengslaneta m.a. á sviði menntunar, rannsókna, félags- og heilbrigðismála, umhverfismála, lýðræðisþróunar og landamærasamstarfs. Gerður var samstarfssamningur við borgaryfirvöld í St. Pétursborg um samstarf á sviði jafnréttis-, félags- og heilbrigðismála þar sem aðgerðir gegn mansali og félagslegum vandamálum eru í fyrirrúmi.

Forgangsmálið í samstarfinu við Eystrasaltsríkin er frekari þróun þeirra tengslaneta sem fyrir eru, þ. á m. Nordplus rammaáætlunarinnar. Þá var gerður samningur við þau um upplýsingatæknirannsóknir og komið á laggirnar samstarfi á sviði nýsköpunar um stofnun klasa á vettvangi atvinnulífsins.

Ráðherranefndin styrkir eins og síðastliðin ár, í samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB), hvítrússneska útlagaháskólann European Humanities University (EHU) sem starfræktur er í Víníus þar sem u.þ.b. 500 hvítrússneskir stúdentar stunda nám.

Ákveðið var að hraða vinnu við að samræma málefni norræna raforku- markaðarins.

Unnið var að því að gera löndin að sameiginlegu svæði hvað varðar nýsköpun og hafin vinna við verkefni á því sviði, sem snúa meðal annars að skapandi atvinnugreinum, mikro- og nanotækni og neytendastýrðri nýsköpun.

Starfsemi sjóðsins Norrænar orkurannsóknir (NEF) var styrkt til muna á árinu með auknum fjárframlögum. Eitt stærsta verkefni sem sjóðurinn hefur fjármagnað lýtur að rannsóknum á áhrifum loftslagsbreytinga á endurnýjanlega orkugjafa, en því er stýrt af Vatnamælingum Orkustofnunar.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar landanna komu með nýjum og afgerandi hætti að starfsemi ráðherranefndarinnar á fundi sínum 18.–19. júní í Finnlandi með því að setja samstarfinu nýja dagskrá. Það var gert í formi yfirlýsingar sem kennd er við fundarstaðinn, Punkaharju.

Í yfirlýsingunni kemur fram sú fyrirætlan ráðherranna að Norðurlönd nýti þau tækifæri og mæti þeim áskorunum sem falist geta í hnattvæðingunni með því að þróa áfram norræna líkanið þar sem velmegun íbúa, samkeppnishæfni fyrirtækja, atvinnusköpun og hagvöxtur, sameiginleg menning og sjálfbær þróun skipa mikilvægan sess.

Forsætisráðherrarnir telja í því sambandi áriðandi að beita öflugu menntakerfi landanna, sérfræðiþekkingu og rannsóknum, upplýsingatækni og sköpunargáfu til nýsköpunar. Með þessum rökum hleyptu þeir af stað hinni nýju norrænu áherslu á hnattvæðinguna og viðbrögð við henni.

Yfirlýsingin felur í sér aðgerðaráætlun í 12 liðum sem forsætisráðherrarnir fólu samstarfsráðherrunum að hrinda í framkvæmd í samráði við Norðurlandaráð. Auk þess var vísað til skýrslu með fjölmörgum tillögum sem framkvæmdastjóri ráðherranefndarskrifstofunnar hafði lagt fyrir þá.

Samkvæmt Punkaharju-yfirlýsingunni er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar gefi forsætisráðherrunum skýrslu um framvindu hnattvæðingaráherslunnar á hvorum þeirra tveggja funda sem þeir halda árlega. Var slík skýrsla lögð fyrir þá í fyrsta sinn á fundi þeirra í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló um mánaðarmótin október/nóvember.

Í umræðum forsætisráðherranna kom fram að ekki væri útilokað að hnattvæðingarátakið leiddi til þess að nauðsynlegt væri að endurskipuleggja starfsemi ráðherranefndarinnar og að það félli í skaut Svía sem færu með formennsku í ráðherranefndinni árið 2008 að leiða athugun á þörf þess.

Forsætisráðherrarnir tóku ásamt leiðtogum stjórnarandstöðunnar í löndunum þátt í svokölluðum leiðtogafundi í upphafi þings Norðurlandaráðs í Ósló um viðbrögð Norðurlanda við loftslagsbreytingunum. Þar kom fram í máli forsætisráðherra Íslands að staða Norðurlanda á sviði endurnýjanlegrar orku og loftslagsvænnar tækni væri ákaflega góð. Svíar og Finnar væru framarlega í framleiðslu á lífrænu eldsneyti, Danir leiðandi á sviði vindorku, Íslendingar í jarðvarma og Norðmenn brautryðjendur í niðurdælingu koldíoxíðs. Hann kvað vissulega ástæðu til að vekja athygli umheimsins á þessu, því heimsbyggðin þyrfti ekki eingöngu nýtt samkomulag um loftslagsmál, heldur ekki síður praktískar lausnir á vandanum. Og einmitt hér ættu Norðurlönd að koma sterk inn, ekki bara hvert um sig heldur einnig sameiginlega. Þess vegna væri hnattvæðingaráherslan svo mikilvæg, þar væri andrúmsloftið, orkan og umhverfið sett í forgang og norrænt samstarf um þau mál bæði heima og á alþjóðavettvangi væri forgangsmál.

Í umræðunum um málefni Sameinuðu þjóðanna kom fram að löndin

leggja öll mikla áherslu á að hagræðingarferlið beri árangur og Norðurlönd hafa sömu afstöðu til framkominna tillagna nema hvað varðar öryggisráðið. Áhyggjuefni væri hins vegar hve starfinu miðaði hægt.

Ráðherrarnir lýstu sem fyrr stuðningi við framboð Íslands til setu í öryggisráðinu og kváðust leggja sitt af mörkum til að afla framboðinu fylgis.

Ráðherrarnir áréttuðu að brýnt væri að sátt næðist um nýjan samning eftir að gildistíma Kyoto-bókunarinnar lyki, að nýr samningur gengi lengra en sá sem nú er í gildi og að fleiri ríki gerðust aðilar að honum. Fram kom að líkur væru á að skilningur Bandaríkjanna á mikilvægi málsins væri að aukast. Í umræðum um loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 2009 var lögð rík áhersla á að Norðurlönd störfuðu saman að undirbúningnum til að stuðla að hagfeldri niðurstöðu þar.

Sérstaklega var bent á þróunarástoð í forni tækniþekkingar sem leið til að minnka kolefnislosunina í heiminum, en Ísland hefur, með það að markmiði, flutt út þekkingu á sviði jarðvarma til þróunarlanda.

Varðandi stöðu mála á vettvangi ESB kom fram að fjölgun aðildarlandanna væri helsta ástæða þess hve nauðsynlegt væri að gera ákvarðanatökufarlið markvissara. Nýju stjórnarskrárdrögin sem felld hefðu verið í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi árið 2005 hefðu átt að taka á því. Síðan þá hefði ríkt hálfgerð kreppa í starfsemi sambandsins þar til nú er hreyfing væri komin á málið. Lausnin fælist líklega í nýjum samningsdrögum sem gengju ekki eins langt í að innleiða meirihlutaákvarðanir og fyrri drög. Það væri þó vissum vandkvæðum bundið að finna lausn því þau lönd sem samþykkt hefðu fyrri drög vildu eftir sem áður ganga lengra. Að því tilskildu að staðfestingarferlinu í löndunum lyki á árinu 2008 gæti nýja stjórnarskráin gengið í gildi árið 2009.

Á fundi forsætisráðherranna með stjórnarleiðtogum sjálfstjórnarlandanna lýstu allir leiðtogarnir yfir ánægju með þann árangur sem náðst hefði með niðurstöðum Álandseyjaskjalsins um að bæta stöðu sjálfstjórnarlandanna í norrænu samstarfi.

Þar var einnig á dagskrá ráðstefna sú sem ráðherranefndin efnir til á Grænlandi í september 2008 um málefni Norðurskautsins. Hún verður haldin í samstarfi við ESB, Norðurskautsráðið (AC), Rússland, Kanada og Bandaríkin.

Ráðherrarnir áttu að venju fundi í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló með bæði forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Þar var rætt um þau mál sem hæst bar á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk.

Meginstefnan í norrænu samstarfi er mótuð af forsætisráðherrunum ásamt samstarfsráðherrum Norðurlanda (MR-SAM). Samstarfsráðherrunum ber

samkvæmt Helsingforssamningnum að stuðla að auknu norrænu samstarfi og samræmingu starfsemi hinna ýmsu fagsviða, en samstarfið fer fram innan 11 fagráðherranefnda. Auk þess bera samstarfsráðherrarnir ábyrgð á ýmsum þverfaglegum samstarfsmálefnum. Má þar nefna áætlunina um sjálfbæra þróun, afnám stjórnsýsluhindrana, aðgengismál fatlaðra, málefni barna og ungmenna, málefni norðurskautsins, samstarf við grannlönd og -svæði (sjá nánar kafla 15 um samstarf við nágrannasvæðin), alþjóðlegt samstarf, kynningarmál og upplýsingamiðlun. Norrænu fjárlögin, sem unnin eru í samráði við Norðurlandaráð, eru ákveðin af samstarfsráðherrunum. Þeir bera ábyrgð á að skipting fjárveitinga á fagsvið sé í samræmi við þau pólitísku markmið sem ákveðin eru fyrir samstarfið hverju sinni þannig að lesa má út úr fjárlögum meginstefnu og áherslur þess.

Alþjóðlegt samstarf skipar ríkan sess í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar, en undir það fellur samstarfið við Norðvestur-Rússland, Eystrasaltsríkin, Hvíta-Rússland og ESB. Af sama toga eru reglulegir samráðsfundir ráðherranefndarinnar með Eystrasaltsráðinu og Barentsráðinu sem og samstarfið við Norðurskautsráðið en ráðherranefndin styrkir mikilvæg verkefni sem unnin eru á vegum þess.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) starfar í umboði samstarfsráðherranna, og undirbýr fundi þeirra. Samstarfsnefndin er jafnframt í hlutverki stjórnarnefndar fyrir aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norrænu fjárlögin 2007 voru samtals 858,572 millj. d.kr. á verðlagi þess árs. Að raunvirði var fjárhagsramminn óbreyttur frá árinu áður. Sem fyrr segir má lesa úr fjárlögum þær pólitísku áherslur sem ber hvað hæst í samstarfinu hverju sinni.

Hæstu framlögin runnu til samstarfs á sviði menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Einnig má sjá í tillögunni að eftirfylgni við skýrsluna „Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu“ og framtíð norræna velferðarkerfisins vega þungt í norrænu samstarfi í framtíðinni. Menningin er áfram í forgrunni samstarfsins og styrkum stöðum rennt undir Norræna menningarsjóðinn. Samstarf á norrænum landamærum er og áfram mikilvægt og afnám stjórnsýsluhindrana milli landanna talið skipta miklu fyrir aðdráttarafl Norðurlanda sem sameiginlegs markaðssvæðis.

Út úr fjárlögum ársins 2007 má jafnframt lesa að norðurskautssamstarfið heldur áfram að færast ofar á verkefnalista ráðherranefndarinnar, en það er þróun sem staðið hefur yfir undanfarin ár. Jafnframt sýna fjárveitingar ársins að Norðurlönd ætla að gera sig gildandi á Alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2009, en þar skipa loftslagsmálin mikilvægan sess. Árið var fyrsta starfsár verkefnisins „Ný norræn matvæli“ sem var formlega kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Ósló haustið 2006. Tilgangur þess er að auka norrænt samstarf í matvælaframleiðslu og matreiðslu auk þess að tengjast verkefnum á sviði ferðaþjónustu, heilbrigðis, byggðaðróunar og viðskipta. Evrópska sjónar-

hornið, samstaðan í Norður-Evrópu og á Eystrasaltssvæðinu skiptir æ meira máli í starfsemi ráðherra nefndarinnar. Hugsunin er að norrænt samstarf nýtist til að styrkja stöðu Norðurlanda í sameinaðri Evrópu.

Fjárlögin sýna einnig þær breytingar sem eru að eiga sér staða varðandi samstarfið við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland. Um leið og fjárveitingar til starfsemi í Norðvestur-Rússlandi voru auknar, var jafnframt dregið úr framlögum til verkefna í Eystrasaltsríkjunum. Þessi stefna var mörkuð með inngöngu Eistlands, Lettlands og Litháens í ESB en markmiðið er að samstarfið við ríkin þrjú verði á fjárhagslegum jafnræðisgrundvelli. Starfsemi í Hvíta-Rússlandi er nýtt áherslusvið, en litið er á aðkomu ráðherra nefndarinnar að rekstri útlagaháskólans European Humanities University í Vilnius sem sameiginlegt framlag Norðurlanda til lýðræðisuppbyggingar í Hvíta-Rússlandi.

Við gerð fjárlaga 2007 ákváðu samstarfsráðherrarnir að skapa ákveðið fjárhagslegt svigrúm til þess að bregðast við pólitískt mikilvægum forgangsverkefnum. Þannig var unnt að ráðstafa 20,4 millj. d.kr. innan ramma fjárlaganna. Þau verkefni sem fengu aukaframlög voru rannsóknir og nýsköpun (12 millj. d.kr.), samstarf við grannlönd og -svæði (5 millj. d.kr.), norðurskautssamstarfið (2 millj. d.kr.) og samstarf á norrænum landamærum (1,4 millj. d.kr.).

Viðbrögð Norðurlanda við hnattvæðingunni: áskoranir og tækifæri.

Í Punkaharju-yfirlýsingunni er því beint til samstarfsráðherranna að þeir, ásamt fagráðherrum innan Norrænu ráðherra nefndarinnar, sjái til þess að hnattvæðingaráformin komi til framkvæmda. Ráðherra nefndinni er jafnframt uppálagt að tryggja að allt að 60 millj. d.kr. verði til ráðstöfunar á árinu 2008 til þess að sinna hnattvæðingarverkefnum auk þess sem leysa þurfi fjárþörf vegna þeirra á komandi árum.

Yfirlýsing forsætisráðherranna hafði að vonum mikil áhrif á norrænt samstarf á árinu og jafnframt varð ljóst að hún myndi hafa mikil áhrif á norrænt samstarf til frambúðar. Eftir sumarfundinn vann ráðherra nefndarskrifstofan í Kaupmannahöfn að nánari útfærslu á yfirlýsingunni ásamt því að finna til nauðsynlega fjármuni til að koma verkefnum sem allra fyrst í framkvæmd. Fljótlega voru skilgreind nokkur verkefni sem voru sett í forgang hvað varðar upphaf framkvæmda.

Um er að ræða eftirfarandi verkefni:

Efling norrænna hágæðarannsóknna á loftslagsbreytingum, umhverfi og hreinni orku og heilbrigðis- og velferðarmálum. Hafinn var undirbúningur við gerð sérstakrar rannsóknaráætlunar á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála sem lögð verður fyrir fund forsætisráðherranna sumarið 2008. Norræna rannsóknastofnunin NordForsk stendur að gerð áætlunarinnar í samráði við fagaðila frá löndunum og norrænu stofnanirnar Nordisk Innovationscenter (NICE) og Nordisk Energiforsking (NEF). Áhersla er lögð á að starfsemi sú sem áætluð er verði ekki bara kostuð af norrænum fjárveitingum heldur einnig frá löndunum beint og atvinnulífinu.

Vinnan við gerð áætlunar um eflingu rannsókna á sviði heilbrigðis- og velferðarmála hefst síðar og verður þá byggt á fenginni reynslu af gerð nú umræddrar áætlunar.

Úttekt á möguleikum þess að opna samnorrænar nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu. Finnar og Danir hafa þegar stofnað nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu og víðar. Starfsemi þeirra er mjög mismunandi, allt frá því að vera eins konar samstarfssamningar um rannsóknir á afmörkuðum sviðum og yfir í að taka til viðtækrar starfsemi á sviði fjárfestinga, útflutnings á nýsköpun og hátækni og tengingu við atvinnulífið og vísindaumhverfið á staðnum. Oft eru miðstöðvarnar reknar í tengslum við sendiráð eða sendiskrifstofur landanna.

Samstarfsráðherrarnir settu vinnuhóp í málið sem var einnig falið að skoða kynningu og markaðsfærslu á Norðurlöndum sem einu svæði. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum fyrri hluta árs 2008.

Norræn nýsköpunarverðlaun. Norrænu atvinnuáráðherrarnir tóku vel í hugmyndir forsætisráðherranna um að stofnað yrði til norrænna nýsköpunarverðlauna. Ef af verður verða verðlaunin afhent í fyrsta sinn á Norræna hnattvæðingarþinginu í Reykjavík 2009. Málið er nú til skoðunar í samráði við Norðurlandaráð, en taka verður tillit til þeirra norrænu verðlauna sem þegar eru fyrir hendi, þ.e.a.s. bókmenntaverðlaunin, tónlistarverðlaunin, kvikmyndaverðlaunin og umhverfisverðlaunin. Ætlunin er að leggja tillögu um málið fyrir Norðurlandaráðsþing haustið 2008.

Orkusýning – Energiexpo. Í tengslum við leiðtogafundinn um loftslagsmál í Kaupmannahöfn í desember 2009 er í yfirlýsingunni lagt til að Norðurlönd standi saman að sýningu, Energiexpo, þar sem ný tækni og sjálfbær orkunotkun verða í brennidepli. Áhersla er lögð á að móta og kynna ímynd Norðurlanda sem það svæði sem stendur fremst í flokki hvað varðar umhverfisvæna orkunotkun og -framleiðslu og beina sjónum að öfluggu vísindaumhverfi landanna á þessu sviði. Áhersla er lögð á að atvinnulífinu verði þar búinn góður vettvangur til að kynna sig og styrkja í sessi.

Fram eru komnar tillögur um að þemað verði „Japanskur garður“ sem byggir á samspili manns og náttúru, ró, jafnvægi, fegurð og einfaldleika. Áherslan yrði lögð á mold (lífmassa og jarðgas), vatn (vatns- og gufuafli), eld og stein (olíu og gas) og loft (vindafl og vetni). Hugmyndin er að sama þema megi nota víðar þar sem Norðurlönd kynna sig sameiginlega t.d. í Bandaríkjunum og Kanada og á heimssýningunni í Sjanghæ, ef þar verður um samstarf að ræða milli landanna.

Heimssýningin í Sjanghæ 2010. Ekki stendur til að byggja sameiginlegan norrænan skála á heimssýningunni í Sjanghæ eins og var í Japan 2005. Hins vegar eru uppi hugmyndir um að löndin sameinist um einhverja viðburði undir meginþema sýningarinnar „Better City – Better Life“. Norrænu atvinnuáráðherrarnir munu kanna hvort áhugi sé fyrir því meðal þeirra sem skipuleggja þátttöku landanna að sýningarsalir landanna verði nýttir fyrir samnorræna viðburði eða sýningar.

Norrænt hnattvæðingarþing – Nordiskt globaliseringsforum. Tímasetning fyrsta hnattvæðingarþingsins er 8.–9. apríl 2008 og verður það haldið í Riksgränsen í Norður-Svíþjóð. Þingið á að vera árlegur viðburður þar sem skipst verður á skoðunum og hugmyndum um viðbrögð við þeim áskorunum sem felast í hnattvæðingunni.

Meginþema þingsins 2008 verður loftslag og orka með sérstöku tilliti til samkeppnisfærni. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður en það sækja fulltrúar atvinnulífsins, vísindageirans, stjórnmalamanna og frjálsra félagasamtaka. Auk þess verður sérstökum gestum utan Norðurlanda boðið til þingsins.

Aðgerðir til að stuðla að árangursríkri niðurstöðu í samningum um nýjan loftslagssamning eftir 2012 – Norrænar hringborðsumræður um loftslagsbreytingar 2008. Kyoto-samningurinn rennur út 2012. Forsenda þess að staðfestur samningur verði í höfn fyrir 2013 er að samstaða náist um nýjan samning á leiðtogafundinum um loftslagsmál í Kaupmannahöfn í lok árs 2009. Til að stuðla að því er lagt til að efnt verði til þriggja hringborðsumræðna þar sem leitast verður við að greina ákveðin vandamál sem upp geta komið í samningaviðræðunum um nýja samninginn og leita mögulegra lausna sem nýst gætu sendinefndum landanna í viðræðunum. Hugmyndin er að þátttakendur verði sérfræðingar í loftslagsmálum og að þemu umræðnanna verði ákveðin með tilliti til niðurstaðna aðildarríkjafundarins á Balí í desember sl.

Um stofnun *samstarfsvettvangs um afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum – Grenshindersforum* – er fjallað í sérstökum kafla hér á eftir.

Við þetta bætast svo þau verkefni sem voru ekki sérstaklega tímasett, en verður hleypt af stokkunum í byrjun árs 2008:

Áætlun um NORIA – Nordic Research and Innovation Area. Árið 2004 samþykktu rannsókn- og atvinnuáráðherrarinn ályktun um að gera Norðurlönd að framúrskarandi svæði á sviði rannsókna og nýsköpunar. Í Punkaharju-yfirlýsingu forsætisráðherranna kemur fram eindregin ósk um að þessu ferli verði hraðað og því gefið aukið vægi í samstarfinu. Markmiðið er að styrkja samkeppnisfærni Norðurlanda á heimsvísu með því gera NORIA að veruleika og búa þannig til opinn og sameiginlegan markað fyrir rannsóknir og nýsköpun á Norðurlöndum.

Áætlun um að efla æðri menntun á Norðurlöndum. Í yfirlýsingu forsætisráðherranna er undirstrikað mikilvægi þess að efla tengslin milli norrænna háskólastofnana og að gera Norðurlönd að aðlaðandi svæði til þess að stunda nám og rannsóknir á æðri stigum. Markmiðið er að efla Norðurlönd hvað þetta varðar og styrkja sameiginlega ímynd þeirra á sviði mennta og vísinda.

Verkefnaáætlun um bættu menntun fyrir ungmenni og fullorðna. Markmiðið er að fá fleiri ungmenni en nú er tilfellið til að afla sér menntunar eftir grunnskóla og að afla aukinnar vitneskju um hvernig best sé að haga lestrar- og skriftarkennslu fyrir fullorðna.

Áætlun um að kynna Norðurlönd sem miðstöð fyrir skapandi atvinnugreinar. Á Norðurlöndum er mikil gróska í skapandi atvinnugreinum en þrátt fyrir það eru miklir þróunarmöguleikar í þeim efnun vannýttir og skortur er á samræmingu í aðgerðum milli landanna. Markmiðið er að þróa og markaðssetja Norðurlönd sem sjálfbært svæði þar sem skapandi atvinnugreinum er gert hátt undir höfði.

Aform um að gera úttekt á áhrifum loftslagsbreytinga á náttúruauðæfi Norðurlanda. Markmiðið er að varpa ljósi á þær afleiðingar sem loftslagsbreytingarnar hafa í för með sér fyrir frumvinnslugreinarnar, þ.e. landbúnað,

sjávarútveg, skógrækt og matvælaíðnað. Einnig er það markmið með verkefniinu að skilgreina hvernig Norðurlönd geta brugðist við loftlagsbreytingunum með tilliti til þessara atvinnugreina.

Samræming norræna raforkumarkaðarins. Nánara og öflugra orkusamstarf á Norðurlöndum var eitt af því sem forsætisráðherrarnir tóku sérstaklega upp á fundi sínum í Punkaharju. Markmiðið er að norræni raforkumarkaðurinn verði enn skilvirkari og sjálfbærari en hann er í dag þannig að unnt verði að afgreiða rafmagn með öruggum hætti um öll Norðurlönd. Eins og staðan er nú eru of margir flöskuhálsar í dreifikerfinu, verðmunur milli landanna of mikill og flutningsgetan of takmörkuð.

Álandseyjaskjalið – sjálfstjórnarlöndin í norrænu samstarfi.

Staða Færeyja, Grænlands og Álandseyja í norrænu samstarfi hefur verið til umfjöllunar í hópi samstarfsráðherranna með hléum frá því í lok árs 2002. Seint á árinu 2005 var skipaður norrænn starfshópur sérfræðinga á sviði lögfræði og þjóðréttarfræði sem var falið að kortleggja á hlutlausan hátt hina raunverulegu stöðu sjálfstjórnarlandanna gagnvart föðurlöndunum, norrænum samningum sem og reglugerðum og starfsháttum bæði Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Úttekt sérfræðinganna var kynnt samstarfsráðherrunum í júní 2006 og var fjallað um hana á nokkrum fundum þeirra á því ári. Í febrúar sl. ákváðu samstarfsráðherrarnir síðan að skipa starfshóp sem fékk það verkefni að móta tillögur um hvernig unnt væri að bæta stöðu sjálfstjórnarlandanna í samstarfinu innan þess ramma sem Helsingforssamningurinn markar því.

Meðlimir Norrænu samstarfsnefndarinnar tóku sæti í starfshópnum og hélt hann fyrsta fund sinn í apríl. Hópurinn kynnti tillögur sínar á fundi samstarfsráðherranna sem haldinn var á Álandseyjum í byrjun september sl. en málið var einnig kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Ósló. Samstarfsráðherrarnir gerðu tillögurnar að sínum með því að samþykkja þær á Álandseyjafundinum, en þær eru settar fram í Álandseyjaskjalinu (Álandsdokument).

Samkvæmt tillögnum er m.a. gert ráð fyrir að:

- færeyskir og grænlandskir ráðherrar og embættismenn geti leitt norræna fundi fyrir hönd Danmerkur og að sama skapi geti ráðherrar og embættismenn Álandseyja gert slíkt hið sama fyrir hönd Finnlands.
- sjálfstjórnarlöndin geti tekið þátt í stjórnun og stefnumótun samnorræna stofnana á sömu forsendum og norrænu ríkin.
- eftirleiðis muni sjálfstjórnarlöndin svara fyrirspurnum og ályktunum Norðurlandaráðs þegar um er að ræða málefni sem þau hafa sjálf lögsögu yfir.

Tekið skal fram að *Færeyingar* telja að þessar tillögur séu ágætar svo langt sem þær ná, en Álandseyjaskjalið fullnægir ekki þeim kröfum sem þeir gera um þátttöku sína í norrænu samstarfi – ekkert nema full aðild gerir það. Færeyingar líta svo á að umsókn þeirra frá 2003 um aðild að Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði standi enn og að ekki hafi verið tekin afstaða til hennar.

Samstarfsvettvangur um afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum – Grenshindersforum.

Eftir að hinu svokallaða Schlüter-ferli lauk í byrjun árs 2006 var það mat samstarfsráðherranna að rétt væri að nota tækifærið til að söðla um og taka upp nýjar starfsaðferðir við afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum. Síðla árs 2006 tóku til starfa svokallaðir „pádrivere“, eða erindrekar, annar á sviði atvinnulífsins og hinn á sviði félags- og heilbrigðismála. Þeirra hlutverk var að greina stjórnsýsluhindranir, hver á sínu sviði, og ýta á um úrbætur við þar til bær stjórnvöld.

Á vormánuðum 2007 sendi Norðurlandaráð frá sér ályktun þar sem mælt var til þess við Norrænu ráðherranefndina að skipaður yrði norrænn samræmingaraðili – „samordnare“ – sem hefði það hlutverk að vinna að hagsmunum þeirra norrænu borgara og fyrirtækja sem vilja flytjast búferlum eða stofna til viðskipta í öðru norrænu landi. Á sumarfundi forsætisráðherranna voru stjórnsýsluhindranir ræddar sem hluti af sameiginlegum viðbrögðum Norðurlanda við áskorunum hnattvæðingar (sjá nánar kaflann hér að framan). Á fundinum var kveðið fastar að því en oft áður að það þyrfti að neyta allra tiltækra ráða til að ryðja úr vegi óþarfa hindrunum sem kæmu í veg fyrir frjálsa för borgara og viðskipti innan Norðurlanda. Finnar brugðust skjótt við og skipuðu þriggja manna sendinefnd sem fór í yfirreið um öll löndin í ágúst sl. til að kanna hvaða hindranir væri hægt að losna við með tiltölulega einföldum aðgerðum ef til þess stæði pólitískur vilji. Samhliða þessu vann skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn að tillögum um hvernig ætti að skipuleggja þetta starf á næstu árum. Tillögurnar voru samþykktar af forsætisráðherrunum á fundi þeirra í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló sl. haust.

Í samræmi við tillögurnar var um áramót stofnuð nefnd eða *samstarfsvettvangur um afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum*. Á sama tíma létu erindrekarirnir af störfum. Löndin 5 tilnefna hvert um sig sinn fulltrúa í nefndina – einnig er sjálfstjórnarsvæðunum boðið að eiga þar sína fulltrúa. Finninn Ole Norrback, sendiherra og fyrrv. ráðherra er formaður nefndarinnar. Norrback starfar samkvæmt sérstöku umboði norrænu forsætisráðherranna og ekki sem fulltrúi Finnlands – Finnar tilnefna sérstakan fulltrúa fyrir sig. Aðrir sem eiga sæti í nefndinni eru Larserik Häggman, Finnlandi, Pia Kihult, Svíþjóð, Bjarne Mørk Eidem, Noregi, Thomas Börner, Danmörku, Guðríður Sigurðardóttir, Íslandi og Gunnar Westerholm, Álandseyjum. Grænlandingar og Færeyingar ákváðu að taka ekki þátt í störfum nefndarinnar. Framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar tekur einnig sæti í nefndinni. Gert er ráð fyrir að nefndin komi saman 4 sinnum á ári, en hlutverk hennar verður í stuttu máli að fara yfir tilkynningar um stjórnsýsluhindranir, greina og forgangsraða málum og setja í farveg í hverju landi til þess að unnt sé að finna úrlausnir.

Starfsemi í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi.

Starfsemi ráðherranefndarinnar í Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi var talsverð á árinu. Norrænar skrifstofur eru reknar í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna og auk þess er ráðherranefndin með

skrifstofu í St. Pétursborg og Kaliningrad. Þá eru reknar upplýsingaskrifstofur í Arkhangelsk, Murmansk og Petrozavodsk. Árið var fyrsta eiginlega starfsár verkefnisins um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta í Rússlandi (sjá einnig skýrslu samstarfsráðherra 2006, bls. 11) og annað starfsár áætlunar ráðherranefndarinnar um stuðning við frjáls félagasamtök í Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum (sjá skýrslu samstarfsráðherra 2006, bls. 9).

Stuðningur við útlagaháskólann European Humanities University hélt áfram á árinu og var skipuð stjórnarnefnd fyrir háskólann, en formaður hennar er Per Unckel, lénshöfðingi í Stokkhólmi og fyrrverandi framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. Auk framlaga frá ráðherranefndinni hefur fjárstuðningur við EHU hingað til einkum komið frá ESB, Finnlandi, Svíþjóð og ýmsum samtökum. Síðla árs hófst svo undirbúningur að stofnun styrktarsjóðs fyrir EHU, en Norræna ráðherranefndin mun sjá um það verkefni.

Nánar er fjallað um starfsemi ráðherranefndarinnar í grannlöndum og -svæðum í kafla 15.

Ráðstefna um málefni Norðurskautsins 2008 – stefna ESB í málefnum Norðurskautsins.

Á árinu var hafist handa við að undirbúa ráðstefnu sem haldin verður á Grænlandi 9.–11. september 2008 um málefni Norðurskautsins. Allt kapp verður lagt á að fá fleiri aðila til að koma að ráðstefnunni, þ.e. ESB, Norðurskautsráðið, Frakkland, sem fer með formennsku í ESB á síðari helmingi næsta árs, Rússland, sem er aðili að Norðlægu víddinni auk Bandaríkjanna og Kanada, sem eiga bæði áheyrnarfulltrúa að Norðlægu víddinni. Ráðstefnan tekur upp þráð annarrar ráðstefnu um sama málefni, „Conference on the Northern Dimension and Arctic Window“, sem var haldin á Grænlandi 2002.

Svo sem við er að búast eru Grænlandingar áhugasamir um að halda „Norðurskautsglugga“ Norðlægu víddarinnar opnum í norrænu umræðunni og hafa þeir verið helstu hvatamenn að því að halda ráðstefnuna. Jafnframt var ákveðið að í tengslum við ráðstefnuna yrði gerð úttekt á stefnu ESB í málefnum Norðurskautsins og því hvernig unnið er að þeim málum innan stjórnkerfis ESB, en Danir og Grænlandingar hafa m.a. hvatt ESB til að setja á laggirnar sérstaka skrifstofu um málefni Norðurskautsins. Eins og staðan er nú er hvergi að finna heildstætt yfirlit yfir starfsemi ESB á Norðurskautinu, hversu miklu fjármagni er veitt til þeirrar starfsemi né heldur hver stefna sambandsins er í þessum málaflokki. Auk ráðherranefndarinnar munu Svíar, sem fara með formennsku 2008, og Grænlandingar sjá um að undirbúa ráðstefnuna. Jafnframt hefur verið skipaður norrænn undirbúningshópur til að sjá um faglegt innihald hennar. Einnig verða fulltrúar landanna í Norðurskautsráðinu í ráðgjafahlutverki gagnvart undirbúningsaðilum ráðstefnunnar.

Óformlegt samstarf.

Á fjárlögum ársins var svokallaður aðlögunarsjóður, en honum var ætlað að auðvelda aðlögun þeirra ráðherranefnda sem lagðar voru niður með þeim

skipulagsbreytingum á Norrænu ráðherranefndinni sem tóku gildi í upphafi árs 2006. Sá hluti norræns samstarfs sem þá varð óformlegur átti þess kost að sækja um fjármuni í aðlögunarsjóðinn til þess að standa straum af kostnaði við samstarfsverkefni sín. Á árinu var veitt rúmlega 4,5 millj. d.kr. úr aðlögunarsjóði, einkum til samstarfsverkefna á sviði neytendamála. Aðlögunarsjóðurinn var lagður niður í árslok en frá 2008 verður hægt að sækja um fjármuni í formennskusjóð til að kosta óformleg samstarfsverkefni.

Samstarf við Norðurlandaráð.

Norræna ráðherranefndin leggur mikið upp úr góðu samstarfi og samráði við Norðurlandaráð um norrænt samstarf almennt og sérstaklega um norrænu fjárlögin enda afar mikilvægt að góð sátt ríki um þau þegar þau eru endanlega afgreidd á þingi Norðurlandaráðs. Ráðherranefndin hefur komið sér upp föstum starfsreglum í þessu sambandi þar sem haldnir eru samráðsfundir með Norðurlandaráði í upphafi fjárlagavinnunnar, um miðbik hennar og skömmu fyrir þing ráðsins sem haldið er í lok október/byrjun nóvember hvert ár. Auk þess gefst Norðurlandaráði kostur á að koma með skriflegar ábendingar og athugasemdir á öllum stigum fjárlagavinnunnar. Í tengslum við fjárlög 2007 lagði ráðið sérstaka áherslu á málefni Norðurskautsins, á eftirfylgni við skýrsluna „Norðurlönd – sigursvæði á heimsvísu“ og á norræna félagsmála- og heilbrigðissamstarfið. Komið var til móts við óskir ráðsins með því að veita aukalega samtals 12,2 millj. d.kr. til þessara málaflókka.

Sem endranær beindi Norðurlandaráð tilmælum sínum til Norrænu ráðherranefndarinnar og til ríkisstjórna landanna. Kemur það í hlut skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og landsskrifstofu þess lands sem fer með formennsku í ráðherranefndinni hverju sinni að afla gagna frá löndunum og samræma svör sem eru síðan send ráðinu í skýrsluformi í lok júní ár hvert. Árið 2007 voru tilmæli Norðurlandaráðs 33 talsins, af þeim voru 18 samþykkt á þingi ráðsins haustið 2006 en 15 voru frá fyrri árum.

Formennskuáætlun Svíþjóðar 2008.

Yfirskrift formennskuáætlunar Svíþjóðar 2008 er „Samtakamáttur“ og byggir hún á eftirfarandi 4 leiðarstefjum:

- Konkurrenskraft – samkeppnishæfni: undir það heyrir starfið gegn stjórnsýsluhindrunum og hnattvæðingaráherslan,
- Klimat – loftslagsmál: þar hafa Svíar hugsað sér að vinna að því að Norðurlönd verði leiðandi svæði í baráttunni við loftslagsbreytingar,
- Kreativitet – sköpunargáfa: þá er átt við nýsköpun og atvinnugreinar framtíðarinnar,
- Koordinering – samhæfing: hér vísa Svíar til þess að önnur fjölþjóðleg samtök eru starfandi í Norður-Evrópu, s.s. Barentsráðið, Eystrasaltsráðið og Norðurskautsráðið. Nauðsynlegt er að Norræna ráðherranefndin ásamt þessum samtökum samræmi betur aðgerðir sínar á svæðinu til að varast tvítekningu og nýta fjármuni betur.

Á formennskuári Svía verður áfram unnið að verkefnum sem ýtt var úr vör

í formennskutið annarra þjóða. Má þar nefna breytingar og nútímavæðingu á norrænu samstarfi, einkum hjá norrænum stofnunum, samþættingu jafnréttis-sjónarmiða hjá ráðherranefndinni, framkvæmdaáætlunina „Hönnun fyrir alla“, en hún miðar að því að auka aðgengi fatlaðra í þjóðfélaginu. Á árinu verður norræna stefnumótunin um sjálfbæra þróun endurskoðuð, en áformað er að ný áætlun taki gildi 2009.

Auk þessa mun hin nýja áhersla um tækifæri og áskoranir hnattvæðingar og sameiginleg viðbrögð Norðurlanda við þeim setja svip sinn á formennsku-ár Svía, en það kemur í þeirra hlut að halda fyrsta hnattvæðingarþingið, auk þess að fylgja eftir öðrum hnattvæðingarverkefnum sem nánar er lýst í kafla á bls. 8.

Formennskuáætlun Svíþjóðar 2008 er að finna á slóðinni <http://www.regeringen.se/sb/d/9708>.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Reglulegir fundir utanríkisráðherra Norðurlanda voru haldnir í júní og lok október en óformlegur fundur ráðherranna er einnig að jafnaði haldinn í september við upphaf allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Októberfundurinn er haldinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs og utanríkisviðskiptaráðherrar Norðurlanda funda við sama tækifæri. Auk þess var haldinn sameiginlegur fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í ágúst-mánuði. Samstarf NB8 á sviði utanríkismála hefur eflst á undanförunum árum og einnig í Eystrasaltsráði, Barentsráði og Norðurskautsráði og er komið í fastan farveg á stigi ráðherra og embættismanna auk þess sem aukið samráð er milli fastanefnda hjá öðrum alþjóðastofnunum og milli sendiráða erlendis eftir atvikum. Utanríkisráðherrar Norðurlanda funduðu einnig með ráðherrum nokkurra Afríkurríkja, sem er orðinn fastur liður í samstarfinu.

Á formennskuári Finnlands í ráðherranefndinni hafði finnska utanríkisráðuneytið frumkvæði að því að kortleggja alla norræna og NB8-embættismannafundi á vegum utanríkisráðuneytanna. Eru þar taldir 40 norrænir embættismannafundir á ári á hinum ýmsu sviðum, þ. á m. í öryggis- og varnarmálum, þróunarsamvinnu, friðargæslu og umhverfis- og auðlindamálum. Þar er einng talið norrænt samráð hjá Sameinuðu þjóðunum og undirstofnunum þeirra og hjá öðrum fjölþjóðlegu stofnunum. Þá er náið samráð í rekstrar- og ræðismálum og er þar ótalið reglubundið samráð norrænna sendiráða erlendis. Gefur þetta nokkra mynd af umfangi og mikilvægi norræna samstarfsins í utanríkismálum, sem grundvallast á mikilvægum sameiginlegum hagsmunum og áþekkri afstöðu í alþjóðamálum. Þetta samstarf, eins og annað norrænt samstarf, sækir ekki síst styrk sinn í það að vera gagnsætt og óformlegt.

Embættismannafundir NB8 eru um 20 talsins á hverju ári. Að frumkvæði Finnlands voru ræddar hugmyndir um það hvort Eystrasaltsríkin ættu, eða vildu, koma nánar að norrænu samstarfi í utanríkismálum með aukinni þátttöku í embættismannafundum þess. Vilji er til að fjölga sameiginlegum emb-

ættismannafundum NB8 og óformlegum fundum hjá alþjóðastofnunum og sendiráðum erlendis á sama hátt og tíðkast hefur meðal norrænu landanna um áratuga skeið. Undirstrikað var mikilvægi hins óformlega þáttar við samráð, þar sem tekið er mið af málefnum, nauðsyn og gagnsemi. Lögð var áhersla á þróun norræns samstarfs um langt skeið, sem leitt hefur til málefnalegrar samstöðu í þjóðfélags- og menningarmálum og mikilvægustu málaflokkum á alþjóðavettvangi. Hins vegar megi líta á samstarf NB8 sem ákveðinn virðisauka. Niðurstaða utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á fundi þeirra í Túrku í ágústmánuði var á þá leið að Eystrasaltsríkin væru velkomin að taka aukinn þátt í samstarfinu þegar báðir aðilar telji það gagnlegt og nauðsynlegt, án þess þó að það leiði til breytinga á kjarnasamstarfi Norðurlanda á sviði utanríkismála eða því óformlega ferli sem einkennir samstarfið.

Í aprílmánuði sl. var undirritað annars vegar tvíhliða rammksamkomulag Íslands og Noregs um samstarf á sviði öryggismála, varnarmála, viðbúnaðar og leitar og björgunar og hins vegar sameiginleg yfirlýsing Íslands og Danmerkur um samstarf um öryggis- og varnarmál og almannavarnir. Í samkomulaginu og yfirlýsingunni er vísað til aðildar Íslands, Noregs og Danmerkur að Atlantshafsbandalaginu og þeirra skuldbindinga sem af henni leiða og áhersla lögð á þá viðleitni ríkjanna að stuðla að auknu öryggi og stöðugleika á Atlantshafi. Unnið er að því að útfæra nánar einstök verkefni og skilgreina samstarfsfleti enn frekar. Litið er á þetta verkefni sem viðbót við aðra varnarsamvinnu og framlag Íslands til sameiginlegs öryggis nágrannaþjóða.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Helsingfors þann 8. júní sl. leiddi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra umræður um loftslagsmálin og voru ráðherrarnir sammála um að norrænu löndin ættu að gegna lykilhlutverki í að raunhæf og metnaðarfull niðurstaða náist á ráðherrafundi Loftslagssamningsins sem haldinn verður í Kaupmannahöfn árið 2009. Ráðherrarnir ræddu einnig um svæðisbundið samstarf, norðurslóðamál (Norðlægu víddina) og málefni Eystrasaltsráðsins og hvernig efla megi þann vettvang. Norðlæga víddin, en svo nefnist rammksamkomulag ESB, með aðild Íslands, Noregs og Rússlands, nær yfir samstarf ESB við Rússland á Eystrasaltssvæðinu og norðurskautssvæðinu og er ætlað að taka sérstaklega á aðstæðum þar. Samkomulagið er byggt á frumkvæði Finnlands frá árinu 1997 og tók gildi frá ársbyrjun 2007. Fengist er við verkefni á víðtæku sviði umhverfis- og auðlindamála, efnahags- og viðskiptamála, kjarnorkuöryggis, menningar- og vísindamála og heibrigðismála. Þá voru rædd orkumál Rússlands og áhrif þeirra á grannsvæðin auk umfjöllunar um helstu alþjóðamálin, Miðausturlönd, Afríku og vestur-Balkanskaga.

Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) var haldinn í Turku í Finnlandi 16.–17. ágúst sl. Ráðherrarnir ræddu Eystrasaltssamstarfið á víðum grundvelli, bæði hvað varðar hið skilgreinda NB8-samstarf og aðkomu ESB að Eystrasaltssamstarfinu með sæti þess í Eystrasaltsráðinu. Ráðherrarnir samþykktu fyrirbyggjandi tillögur um eðli

og útfærslu NB8-samstarfsins, sem fjallað er um að framan. Af hálfu ESB-rikkjanna á fundi ráðherranna kom fram að vaxandi áhugi gæti innan ESB á svæðissamstarfi við Miðjarðarhaf, Svartahaf og Visegrad. Hins vegar hafi ESB sýnt Eystrasaltssamstarfinu fekar lítinn áhuga. Þörf væri á því að þau Eystrasaltslönd, sem eiga aðild að ESB, hefðu sterkara frumkvæði að því að koma málum svæðisins ofar á dagskrá ESB. Ekki væri skortur á stofnunum á Eystrasaltssvæðinu en efla þyrfti tengingu þeirra við hagsmuna- og félagasamtök, samhæfa starfsemi þeirra og komast hjá tvíverknaði þar sem verkefni skarast. Mikilvægt væri að Eystrasaltsríkin hafi frumkvæði að því að móta stefnu ESB um svæðið og láti öðrum það verkefni ekki eftir. ESB getur verið lykilaðili við aðkomu að mikilvægum úrlausnarefnum á Eystrasaltssvæðinu vegna lagagrundvallar, fjárhagslegs styrkleika og stefnumörkunar þess, sérstaklega með tilliti til þess að verkefni stofnana á svæðinu eru að mestu leyti fjármögnuð af frjálsum framlögum.

Í umfjöllun um helstu alþjóðamál á dagskrá og málefni Sameinuðu þjóðanna skýrði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra frá heimsókn sinni til Miðausturlanda skömmu áður og hafði framsögu um fund um loftslagsmál í tengslum við 62. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í septembermánuði og almennar umræður á þinginu í aðdraganda að ráðherrafundinum í Bali um loftslagsbreytingar, sem haldinn var í desember sl. Ennfremur var rætt um stuðning við framboð Íslands til öryggisráðsins.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í tengslum við þing Norðurlandaráðs þann 31. október sl. var haldið áfram ítarlegri umræðu um samstarfsumhverfið á norðurslóðum. Ráðherrarnir voru sammála um að vaxandi stuðningur væri meðal almennings við norrænt samstarf. Norður-Evrópa sé orðinn vettvangur margs háttar samstarfs og stofnana, sem nauðsynlegt sé að samhæfa betur og gera skilvirkari. Eystrasaltsráðið er vettvangur allra ríkja á norðursvæðinu og tillögur um endurskoðun ráðsins verða lagðar fram í júní 2009. Norðurlönd hafi mikið fram að færa í þessu samstarfi og ekki síst er varðar lýðræði, mannréttindi og réttaröryggi. Einnig verði að festa í sessi samstarf ESB við svæðisstofnanir á norðurslóðum og er í þeim efnum litið til formennsku Svíþjóðar í ESB árið 2009. Finnland og Svíþjóð íhuga að setja fram sérstaka Eystrasaltsstefnu í utanríkismálum sínum til að efla og hnitmiða samstarfið enn frekar. Norðlæga víddin er mikilvæg í þessu samhengi og vægi Barentsráðsins eykst með hverju ári vegna aukinna umsvifa í orkumálum, en um Barentshafið fer vaxandi fjöldi rússneskra skipa yfir á Atlantshaf. Norðurlönd eru mikilvæg brú milli allra svæðasamtaka á norðurslóðum þar sem Norðlæga víddin getur verið mikilvæg undirstaða.

Fjallað var um nýtt samstarfsform norrænu landanna á sviði öryggis- og varnarmála og í friðargæslu án tillits til aðildar þjóðanna að fjölþjóðasamtökum eins og Atlantshafsbandalaginu (NATO) og ESB. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skýrði frá rammamálum Íslands og Noregs og yfirlýsingu Íslands og Danmerkur um öryggis-, varnar- og björgunarmál. Spáð er auknum skipaferðum vegna opnunar nýrra siglingaleiða í norðri og auknum eldsneytisflutningum yfir Atlantshafið sem hefur beint athygli alþjóðasam-

félagsins í auknum mæli að Norður-Atlantshafi og kalli á aukið samstarf Norðurlandþjóðanna allra.

Noregur, Svíþjóð og Finnland hafa stofnað til þríhliða samsráðs um öryggismál landamæra norðursvæða Skandinavíu (Nordkalotten) og Noregur og Danmörk eiga tvíhliða samstarf er varðar Grænland og Spitsbergen. Finnland og Svíþjóð hafa einnig átt með sér tvíhliða samstarf í varnarmálum frá fornu fari. Varnarmálaráðherrar Norðurlanda funda tvisvar á ári og norrænu löndin eiga einnig marghliða samstarf við ESB um norðurslóðamál. Landfræðilegur veruleiki veldur því að blanda tvíhliða og þríhliða samstarfs norrænu þjóðanna fimm í öryggismálum er hagkvæmt og gagnlegt. Ekkert norrænu landanna er hins vegar útilokað frá beinni þátttöku í þessum verkefnum og getur komið að hverju þeirra að vild. Lögð var áhersla á að samstarfið er opið og gagnsætt.

Noregur, Svíþjóð og Finnland eru með sameiginleg friðargæsluverkefni, í Afganistan og í Súdan vinna Svíþjóð og Noregur saman við mjög erfiðar aðstæður og Finnland og Svíþjóð eru að undirbúa samvinnu í Tjad. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir áréttaði að Ísland legði sitt af mörkum með borgaralegri friðargæslu og þar sem Ísland haldi ekki úti eigin her, hljóti framlagið í Afganistan og annars staðar að vera á borgaralegum nótum.

Að venju sátu utanríkisráðherrarir fyrir svörum á hádegisverðarfundi forsetisnefndar Norðurlandaráðs og haldin var opin ráðstefna með ráðherrunum í Ósló um alþjóðavæðinguna.

Utanríkisráðherra Íslands átti fund með Vestnorræna ráðinu í tengslum við Norðurlandaráðsþingið og átti einkafund með Aleqa Hammond, sem fer með utanríkismál í grænlenku landsstjórninni.

5. Menningarmál

Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K), sem í situr af hálfu Íslands Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, ásamt embættismannanefndinni (EK-K) vann á árinu að því að koma í framkvæmd þeirri endurskipulagningu á menningarsamstarfinu, sem hefur átt sér stað á síðastliðnum tveim árum. Menningarsamstarfið byggir nú annars vegar á pólitískum áherslum ráðherranna sem fram koma í þriggja ára samstarfsáætlunum (kulturstrategi) og tímabundnum framkvæmdaáætlunum (programmer) og hins vegar þörfum aðila á menningarsviðinu sem hægt er að ná fram í gegnum Norræna menningarvettvanginn (Nordisk kulturforum) hins vegar. Á árinu var farið að huga að framtíðarstarfi embættismannanefndarinnar m.a. hvað varðar þau pólitísku viðfangsefni sem mikilvægust eru í samskiptum Norðurlanda, um hvernig samvinnu, samstarfi og eftirliti með starfsemi stofnana á vegum ráðherranefndarinnar verði háttað og hvernig staðið verði að samstarfi utan Norðurlanda. Stjórnunarlega er menningarsamstarfið nú samansett úr fjórum þáttum: Ráðherranefndinni, embættismannanefndinni, menningardeild ráðherranefndarskrifstofunnar og Norrænu menningargáttinni (Kulturkontakt Nord) sem hefur aðsetur í Sveaborg í Finnlandi. Gerður var

árangursstjórnunarsamningur við stofnunina á árinu en hún fer með umsýslu nær allra þeirra framkvæmdaáætlana sem Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að standa að. Þessar framkvæmdaáætlanir eða verkefni eru: ferða- og dvalarstyrkir (Mobilitets- og residensprogram), lista- og menningarstyrkir (Kunst- og kulturprogram) og tölvuleikjastyrkir (Nordic Game). Sænskt fyrirtæki annast umsýslu síðasttalda verkefnisins. Framkvæmdastjóri Norrænu menningargáttarinnar var ráðinn á árinu og fyrir valinu varð Bergljót Jónsdóttir sem lengi var stjórnandi Listahátíðarinnar í Bergen. Á árinu var í fyrsta sinn úthlutað samkvæmt hinu nýja skipulagi á framkvæmd styrkveitinga til ferða- og dvalarstyrkja listamanna, til lista- og menningarverkefna og til verkefna sem ætlað er að styrkja tölvuleikjagerð og samstarf á því sviði á Norðurlöndum. Embættismannanefndin mun taka til skoðunar þá vankanta á nýja fyrirkomulaginu sem komið hafa í ljós við úthlutun á fyrsta árinu.

Aðrar menningarstofnanir á vegum ráðherranefndarinnar eru: Norræna húsið í Reykjavík, Norræna stofnunin í Finnlandi, Norræna stofnunin á Álandseyjum, Norðurlandahúsið í Færeyjum og Norræna upplýsinga- og fjölmiðlarannsóknarstofnunin. Ísland fer með formennsku í stjórn Norrænu stofnunarinnar á Álandseyjum (NIPÅ) og er Guðrún Ögmundsdóttir stjórnarformaður. Menningardagskrá stofnunarinnar á ári hverju hefur verið afar fjölbreytt, þótt ekki sé stofnunin stór í sniðum. Á árinu bar hæst sýning á hönnun frá Álandseyjum, en hún var m.a. í Norræna húsinu sl. sumar. Sýningin hefur ferðast milli norrænu landanna og hlotið mikið lof. Íslenskur hönnuður, Steinunn (steinunn.com), kynnti hönnun sína á Álandseyjum og stóð jafnframt fyrir umræðum um stöðu hönnunar. Á árinu voru viðburðir á vegum stofnunarinnar sem tengdust tónlist, leikhúsi, bókmenntum og barnamenningu svo eitthvað sé nefnt. Mánaðarlegar fyrirlestraraðir „Norrænar raddir“ eru fastir liðir í starfinu. Meðal fyrirlesara í ár var t.d. Bogi Hansen, Norðurlandaverðlaunahafi frá Færeyjum. Einnig eru menningarhádegi með listamönnum haldin nokkrum sinnum yfir vetrartímann og ýmis námskeið eru í boði hjá Norrænu stofnuninni á Álandseyjum. Stofnunin hefur fasta samstarfsaðila og hefur átt afar gott samstarf við stofnanir og félög vegna þeirra verkefna sem í boði eru hverju sinni. Á næsta ári er margt nýstárlegt og fjölbreytilegt á döfinni. Má þar nefna „Mord i Norden“ en ráðgert er að fá norræna glæpasagnarithöfunda til Álandseyja til að kynna bækur sínar. Einnig verður sýndur „Hellisbúinn“, Baltneskir músikdagar verða haldnir, Norræn sagnakvöld o.fl. Það er ætlun stofnunarinnar að styrkja verulega stöðu sína í samfélaginu á Álandseyjum og verða mun sýnilegri. Flytja á stofnunina í nýtt húsnæði í hjarta miðbæjar Maríuhafnar.

Samstarf við Eystrasaltsríkin á sviði menningarmála hefur verið mikið í allmörg ár. Að frumkvæði Finna sem fóru með formennsku í ráðherranefndinni á árinu var byrjað að undirbúa þátttöku Eistlands, Lettlands og Litháen í ferða- og dvalarstyrkjaáætluninni. Samstarf við Rússland hefur einnig farið vaxandi á undanförunum árum.

Markmið Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins er að efla kvikmyndagerð á Norðurlöndum með því að taka þátt í lokafjármögnun framleiðslu á

leiknum kvikmyndum, leiknu sjónvarpsefni, stuttmyndum og listrænum heimildarmyndum. Til að hljóta styrk verða verkefni að hafa fengið brautargengi heima fyrir með styrk úr kvikmyndasjóði eða fjármögnun og staðfestu vilyrði um sýningu í sjónvarpsstöð sem er aðili að sjóðnum. Þá þurfa myndirnar að vera líklegar til að hljóta dreifingu og höfða til áhorfenda á Norðurlöndum. Sjóðnum er einnig ætlað að efla kvikmyndagerð með styrkjum til þróunar á einstökum verkefnum, til dreifingar í kvikmyndahús sem hefur verið gert með sérstökum styrkjum til dreifingafyrirtækja, til kynningar og þýðingar á önnur norræn tungumál. Sjóðurinn ráðstafar jafnframt fjárframlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til menningarlegra viðburða í tengslum við kvikmyndir, t.d. kvikmyndahátíða og námskeiða fyrir norrænt fagfólk. Við veitingu styrkja úr sjóðnum er lagt mat á verkið sjálft út frá listrænum og markaðslegum forsendum, en ekki er um kvóta að ræða eða um ákveðið hlutfall á milli þjóðanna né hvernig þeim er skipað í lið lista- og tæknifólks sem að verkinu kemur. Sérstakur gaumur er gefinn að barna- og unglíngamyndum.

Eftirtaldir íslenskar kvikmyndir fengu styrk úr sjóðnum: Zik Zak: „The Good Heart“, leikstjóri Dagur Kári; Frontier films: „Lifting the Veil of Autism/Hulunni svipt af einhverfu“, leikstjóri Friðrik Þór Friðriksson; Sögn og Spiral films: „Reykjavík-Rotterdam“, leikstjóri Óskar Jónasson; Zik Zak og Vesturport: „Brim/Undercurrents“, leikstjóri Árni Óli Ásgeirsson; Tröllakirkja/Ergis: „At the Edge of the World/Syndir feðranna“, leikstjórar Bergsteinn Björgólfsson og Ari Alexander Ergis Magnússon; Tröllakirkja: „Hidden People/Huldufólk“, leikstjóri Jóhann Sigmarsson. Að auki fékk kvikmyndahátíðin í Reykjavík, Reykjavík International Film Festival, styrk úr sjóðnum.

Tilgangur Norræna menningarsjóðsins er að styrkja menningarsamstarf Norðurlanda með því að veita styrki til ákveðinna menningarverkefna á Norðurlöndum og til norrænna verkefna í öðrum löndum. Stjórn sjóðsins skipa þrettán fulltrúar, tveir frá hverju norrænu landanna fimm, annar tilnefndur af Norðurlandaráði og hinn af Norrænu ráðherranefndinni, auk eins fulltrúa frá hverju sjálfstjórnarlandanna þriggja: Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Fulltrúar Íslands nú eru þau Rannveig Guðmundsdóttir fv. alþingismaður og Stefán Baldursson óperustjóri.

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK), sem hefur leyst af hólmi norrænu æskulýðsnefndina sem áður féll undir menningarráðherrana, heyrir nú undir samstarfsráðherrana en menningarskrifstofa ráðherranefndarinnar annast umsýslu hennar og því þykir rétt að geta stuttlega starfsemi hennar. Í starfi nefndarinnar hefur mikil áhersla m.a. verið lögð á að ná til jaðarhópa barna og ungmenna, bæði þeirra sem eru af erlendum uppruna og þeirra sem búa á jaðarsvæðunum. Tölvutæknin hefur verið eitt sterkasta vopnið í að brjóta niður þá einangrun sem þessi börn og ungmenni eru oft í og hefur nefndin styrkt norskt verkefni í því sambandi sem heitir EtNorden. Verkefninu er ætlað að skapa norræna vitund meðal minnihlutahópa á Norðurlöndum og leita nýrra leiða til að ná til þessa hóps.

Á árinu hefur umtalsverð vinna verið lögð í að halda utan um æskulýðsrannsóknir á Norðurlöndum og er unnið að því að fá betra yfirsýn yfir þær.

Samstarfið í menningarmálum er stærsta einstaka samstarfssviðið innan Norrænu ráðherranefndarinnar en þar að auki fer einnig fram ágætt samstarf milli ráðuneyta menningarmála á Norðurlöndum í þeim málaflokkum sem norræna samstarfið nær ekki yfir, svo sem á sviði höfundaréttarmála, fjölmiðla, íþróttar og menningararfs.

Allt frá árinu 1996 hefur verið í gildi samstarfssamningur milli Íslands, Grænlands og Færeyja um mennta-, menningar- og vísindamál. Hinn 29. nóvember sl. undirrituðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Jógvan á Lækjuni menntamálaráðherra Færeyja og Tommy Marø menntamálaráðherra Grænlands hér á landi endurnýjaðan samning sem gildir til næstu þriggja ára. Markmiðið með samningnum er að styrkja og þróa menningarsamskipti milli vestnorrænu landanna þriggja. Árið 2008 verður helgað verkefnum á sviði handverks og hönnunar. Með þeim verkefnum er verið að undirstrika þýðingu handverks og hönnunar og að skapa þessum listformum fastan sess innan listasköpunar. Þessi listgrein er mikilvæg atvinnulífinu, menningartengdri ferðaþjónustu og ekki síst þeirri listrænu þróun sem á sér stað í dag í vestnorrænu löndunum. Í löndunum eru skýr tengsl milli hefðar og nýsköpunar. Handverk og hönnun stendur föstum fótum í menningararfinum, en þangað sækja ungir listamenn innblástur og hugmyndir. Það er nauðsynlegt að styrkja þekkingu og vitneskju innan þessara greina til að tryggja gæði og afkomu þeirra. Einkum verður horft til hönnuða og handverksfólks af yngri kynslóðinni í þessu vestnorræna átaki. Árið 2009 verður áherslan á óformlegar menntunarleiðir í sjálfbærri þróun. Nýting auðlinda verður að byggja á sjálfbærum grundvelli og um leið grundvallast sjálfbært samfélag einnig á virðingu fyrir menningu og menningararfi þjóða. Vestnorrænu löndin hafa því ákveðið að auka samstarf sín á milli og fræðslu í sjálfbærri þróun, með formlegum hætti í skólum og menntastofnunum sem og á óformlegan hátt með útbreiðslu þekkingar. Með því að deila reynslu sinni geta þjóðirnar bætt við sig fleiri hagnýtum verkefnum í löndunum þremur og um leið getur það verið framlag til áætlunar um menntun á sviði sjálfbærrar þróunar og þar með virkt framlag til að minnast 10 ára afmælis samþykktar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Árið 2010 verður efnt til sumarnámskeiða fyrir ungt fólk á Vestur-Norðurlöndum. Með verkefninu verður ungmennum frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum gert kleift að kynnast hvert öðru sem færir þeim meiri þekkingu á löndum hvers annars og að mynda tengslanet milli ungmenna á Vestur-Norðurlöndum, sem skapar skilning á þýðingu samstarfs milli landanna. Ætlunin er að styrkja tengsl og samstarf milli vestnorrænu landanna og annarra norrænna landa ásamt því að efla áhuga grannlandanna á tungumáli, sögu, menningu, umhverfi og auðlindum á Vestur-Norðurlöndum.

6. Jafnréttismál

Samstarfsáætlun norræns jafnréttissamstarfs ber yfirskriftina „Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi“. Samkvæmt samstarfsáætluninni verða tvö meginvið í fyrirrúmi, þ.e. kyn og völd og kyn og æska. Auk þess verður lögð áhersla á umfjöllun um menningu og miðlun út frá sjónarhorni kynferðis.

Ráðherrafundur.

Fundur í Norrænu ráðherranefndinni um jafnréttismál (MR-Ligestilling) var haldinn í Helsingfors þann 15. október sl. Eitt meginumræðuefni fundarins var fyrirkomulag og reynsla af fæðingarorlofi á Norðurlöndum. Önnur umræðuefni voru konur og völd og jafnréttismál og unga fólkið. Kynntar voru rannsóknir sem sýna að fyrirtæki með konur í forystu skila meiri hagnaði en önnur.

Félagsmálaráðherra gerði grein fyrir fæðingarorlofslögunum á Íslandi og greindi frá þeirri stefnumótun ríkisstjórnarinnar að lengja fæðingarorlofið í áföngum á kjörtímabilinu. Jafnréttisráðherra Finnlands taldi niðurstöðu fundarins vera að íslenska leiðin, þ.e. að réttindi feðra séu bundin og óyfirfæranleg, sé mikilvæg til að auka þátttöku feðra (www.norden.org/webb/news/news.asp?lang=5&id=7233#). Miklar umræður eru á Norðurlöndum um aðgerðir til að fá feður til að taka fæðingarorlof, meðal annars með lagabreytingum og sérstökum aðgerðum með auglýsingum og fræðsluefni.

Ráðherrarnir voru sammála um að fæðingarorlofið á Norðurlöndum væri til fyrirmyndar og til athugunar sé hvernig hægt væri að miðla reynslu þjóðanna á alþjóðavettvangi. Mikilvægt væri að gera sér ljóst að fæðingarorlofið yki samkeppnishæfni Norðurlandþjóðanna í þeirri hnattvæðingu sem nú á sér stað.

Skiptar skoðanir voru á fundinum um hvaða leiðir væru færar til að auka hlut kvenna í stjórnnum fyrirtækja, stofnana og ráðuneyta. Jafnréttisráðherrarnir samþykktu að setja á laggirnar viðamikið norrænt rannsóknarverkefni á næsta ári um kyn og völd.

Á fundinum kynnti framkvæmdastjóri Norrænu kvenna- og kynjarannsóknarstofnunarinnar (NIKK) niðurstöður rannsóknar sem lögð var fram í september sl. en hún sýnir að fjöldi kvenna í stjórnnum fyrirtækja í Finnlandi hefur áhrif á afkomu fyrirtækjanna. Rannsóknin sem unnin var á vegum Finnsku atvinnulífsnefndarinnar (EVA) sýnir að fyrirtæki undir stjórn kvenna skila 10% meiri arði en fyrirtæki undir stjórn karla. Rannsóknin náði til 14.000 fyrirtækja, þ.e. allra fyrirtækja með fleiri en tíu starfsmenn (wo.uio.no/as/WebObjects/avis.woa/wa/visArtikkel?id=40525&del=nikk).

Rannsóknarverkefni og ráðstefnur.

Ýtt var úr vör rannsóknarverkefni sem ber heitið „Vændi á Norðurlöndum“. Markmiðið er að fá yfirlit yfir vændi og mansal til kynlífsþjónustu út frá jafn-

réttissjónarmiði. Einnig að kortleggja viðhorf karla og kvenna til kaupa á kynlífsþjónustu. Rannsóknarverkefningu er ætlað að afla upplýsinga og þekkingar til að efla möguleika á að grípa til samnorrænna aðgerða gegn vændi og mansali.

Verkefningu „Karlar og jafnrétti“ lauk á árinu með ráðstefnu í Ósló þar sem kynntar voru niðurstöður verkefna sem unnin voru á tímabilinu 2004–2006. Ráðstefnan „Kyn og unga fólkið – efni til aðgerða“ var haldin í Finnlandi. Ráðstefnan „Margbreytileiki og nýsköpun“ var haldin í Kaupmannahöfn í samstarfi við Rannsóknar- og nýsköpunarmiðstöðina í Danmörku og Norrænu kvenna- og kynjarannsóknarstofnunina (NIKK). Haldin var ráðstefna um jafnréttismál Sama. Ráðstefna undir heitinu „Priset på att få ett barn – kostnader för familjeledigheter och jämställdhet“ var haldin í Helsingfors. Á ráðstefnunni voru rædd mismunandi regluverk um fæðingarorlof í norrænu löndunum.

Í samstarfi við Eystrasaltsríkin voru haldnar þrjár ráðstefnur. Sú fyrsta bar heitið „Pol-E-Quality in Diversity“ og var í samstarfi við tengslanet norrænna og baltneskra kvenlögregluþjóna. Í samvinnu við félagsmálaráðuneytið í Vilníus var haldin ráðstefnan „Is Gender Mainstreaming the Key to Future Society?“ og svo var ráðstefnan „Stay at home? The Rights of Parents to Parental Leave and Benefits“ haldin í samstarfi við félagsmálaráðuneytið í Eistlandi.

Á 51. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York í febrúar stóðu norrænu jafnréttisráðherrarnir fyrir sérstökum fundi um fæðingarorlof á Norðurlöndum undir heitinu „The Nordic Father: Role Model for a Caring Male“.

7. Málefni dómsmálaráðuneytisins

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmálefni byggir að meginstefnu til annars vegar á samstarfsáætlun og hins vegar formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-Lov) hittast árlega. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK-Lov). Unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd og ný eða væntanleg löggjöf og styrkir veittir til einstakra norrænna verkefna. Um einstök réttarsvið eða álitæfni er fjallað í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á fót vinnuhópa.

Dómsmálaráðherrarnir starfa samkvæmt samstarfsáætlun sem samþykkt var árið 2005. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggir á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökufæri á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða við „norrænt notagildi“. Stefnt skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang,

nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega viðtækri samræmingu löggjafar og því samstarfi beri að halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og öðru alþjóðlegu samhengi, en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Helstu áhersluatriði er varðar löggjafarsamvinnu á formennskuári Finna snéru meðal annars að því að beina sjónum að evrópski lagahefð og norrænni sýn á betri lagasetningu, norrænum refsirétti og sakfræði og norrænum verkefnum gegn ofbeldi.

Árlegur fundur dómsmálaráðherranna var haldinn 20. júní sl. í Koli í Finnlandi. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sat fundinn fyrir Íslands hönd. Voru málefni tengd vernd barna og efni refsireglna í því skyni helsta umræðuefnið. Rætt var um leiðir til að hindra, að netið sé notað til að lokka börn til kynferðislegs sambands og hvernig unnt sé að bregðast við hættum af þessum toga með refsireglum. Akveðið var, að ríkislögreglustjórar landanna skyldu ræða sameiginlegar aðgerðir gegn misnotkun á netinu gegn börnum á næsta fundi sínum og leggja til grundvallar skýrslu frá norska dómsmálaráðuneytinu um varnarráðstafanir í þágu barna.

Meðal annarra umræðuefna á fundinum voru ákvarðanir dómsmála- og innanríkisráðherra ESB þann 12. júní sl. um aukið lögreglusamstarf á grundvelli Prüm-samningsins. Ákváðu norrænu ráðherrarnir að nánara lögreglusamstarf ríkja þeirra skyldi rætt í ljósi þessarar þróunar. Einnig var rætt um flutning dæmdra manna og möguleika á að auka samstarf Norðurlanda við grannríki sín í þessu sambandi, þannig að erlendir fangar afpláni refsivist sína í auknum mæli í heimalandi sínu.

Þá bauð norski dómsmálaráðherrann til aukafundar 4. desember sl. í Ósló til að ræða aðgerðir gegn barnaklámi á netinu. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sat fundinn fyrir Íslands hönd. Norðmenn hafa verið brautryðjendur í norrænu samstarfi á þessu sviði og hafa lagt á ráðin um formlegt norrænt lögreglusamstarf um netvörslu í þágu barna og ungmenna. Þá kynnti norski ráðherrann reynslu Norðmanna af sérstöku hegningarlagaákvæði gegn nettælingu gagnvart börnum eða því, sem nefnt er „grooming“ á alþjóðamáli.

Á fundinum var lýst áhuga á því að nýta sér reynslu Norðmanna af svonefndri „Virtuell politistasjon“ eftir því sem lög einstakra landa leyfðu. Aðeins er unnt að halda uppi eftirliti og síu lögreglu á netinu í náinni samvinnu við netþjónustuaðila. Hér á landi hefur embætti ríkislögreglustjóra stofnað til slíks samstarfs. Norrænn gagnagrunnur í samvinnu við gagnagrunna Europol og Interpol er talinn geta auðveldað þetta forvarnar- eða eftirlitsstarf lögreglu.

Á fundinum voru menn sammála um að stuðla að frekari norrænum rann-

sóknum um þá hættu, sem steðjar að börnum við notkun þeirra á netinu, til þess að frekar verði unnt að verja þau gegn árásum í netheimum.

Þá voru áherslumál rædd að venju í eftirtöldum óformlegum starfshópum sem ekki fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum: sérfræðingahópi um sifjarétt, starfshópi ráðuneytanna um refsirétt og starfshópi um endurskoðun norrænna reglna um fullnustu refsíðoma (sbr. lög um fullnustu refsíðoma, sem kveðni hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. nr. 69 12. desember 1963).

Einnig var að störfum starfshópur um samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem að jafnaði eru haldnir árlega. Að þessu sinni var haldinn fundur í Levi í Finnlandi. Á fundinum var fjallað um nauðsyn á skýru og skilmerkilegu málfari í lagatexta, uppbyggilega réttvísi, upplýsingaskipti milli landa varðandi bann við stofnun fyrirtækis vegna refsiverðra brota fyrirsvarsmanns og notkun tæknilegra sönnunargagna og réttarfræðilegra sérfræðialita í sakamálum. Í áður nefndri samstarfsáætlun norrænu dómsmálaráðherranna segir að samstarfið við Eystrasaltsríkin hafi áður fyrir miðað að því að stuðla að þróun í átt að lýðræði í Eystrasaltsríkjunum og efla sameiginlegt réttarfar, en það hafi þróast í þá átt að vera samstarf átta jafnréttárra ríkja (NB8) í ljósi þess að áframhaldandi og náð samstarf á svæðinu sé mikilvægt í stækkuðu ESB og gagnvart ríkjum utan ESB. Þá var samþykkt á fundinum að auka vægi samvinnu ríkjanna á vettvangi mála sem unnin eru innan ESB.

Málefni flóttamanna og annarra útlendinga.

Fundur norrænna ráðherra, sem fara með útlendingamál og málefni flóttamanna, var haldinn í Reykholti í júní undir forystu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Jafnframt var haldinn fundur samráðsnefndar háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) sem fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna og innflytjenda en Ísland tók við formennsku nefndarinnar í fyrsta sinn um mitt ár 2006. Síðari fundur samráðsnefndarinnar var svo haldinn undir danskri formennsku í árslok.

Upphaflega var á þessum vettvangi eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna, en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfraeðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaefirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu og þar með atriði er varða framkvæmd svonefnds Dyflinnarsamstarfs um málsmeðferð í málefnum hælisleitenda. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafis. Undir nefndinni starfa vinnuhópar um ýmis þessara mála.

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggir á rannsamningi um björgunarbþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili sammingsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Sjá nánar á www.nordred.org.

Löndin skiptast á um formennsku til þriggja ára í senn og lýkur hverju tímabili með því að haldin er norræn björgunarráðstefna og gjarnan æfing tengd henni.

Norræna ráðherranefndin styrkir NORDRED björgunarráðstefnurnar og æfingarnar.

8. Menntun og rannsóknir

Samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega.

Fastar ráðgjafanefndir.

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

Samstarf um skólamál.

Verksvið ráðgjafarnefndarinnar um samstarf um skólamál (NSS) nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og því tekur nefndin til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi á hverjum tíma og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem í hlut eiga.

Á formennskuári Finna var á sviði skólamála m.a. lögð hersla á líðan nemenda í skólum, gæði í skólastarfi, starfsmenntun og samvinnu við Norðvestur-Rússland.

Á sviði skólamála lögðu Finnar ríka áherslu á líðan nemenda í grunn- og framhaldsskólum og kynntu hvað væri verið að gera í Finnlandi í þeim málum. Haldin var ráðstefna þar sem fyrirlesarar alls staðar að á Norðurlöndum kynntu rannsóknir og verkefni og fólki gafst tækifæri til að bera saman bækur sínar.

Á síðastliðnum þremur árum hefur nefndin einbeitt sér að því að skoða lestrarfærni grunnskólaskólanemenda á Norðurlöndum. Í því skyni var stofnaður norrænn vinnuhópur sem m.a. hélt málstofu með helstu sérfræðingum Norðurlanda í lestrarmálum og fyrir stuttu kom út skýrsla um málstofuna og niðurstöður hennar. Einnig kom út skýrsla sem unnin var fyrir nefndina þar sem m.a. brýnum samstarfsverkefnum á sviði lestrarkennslu er forgangsraðað.

Haldið var áfram með ýmis verkefni tengd gæðum í skólastarfi. Þá var unnið áfram með verkefni tengd starfsmenntun á Norðurlöndum. Einnig var haldinn fundur með SVL um m.a. samvinnu milli NSS og SVL.

Háskólasamstarf.

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk stjórnarnefndarinnar er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Vegvísar í starfi HÖGUT í formennskuáætlun Finna voru: „Möjlichkeiternas Norden – Nära dig“.

Á árinu var haldið áfram að undirbúa Nordplus-rammaáætlunina sem tekur gildi árið 2008. Með rammaáætluninni er verið að samþætta ólíkar menntaáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar undir einn hatt og auka þannig samlegðaráhrif milli verkefna á ólíkum skólastigum.

Nordplus-áætlunin er mikilvægasta verkfæri stjórnarnefndarinnar til að auka og efla samstarf háskóla á Norðurlöndum með nemenda- og kennaraskiptum. Við val á verkefnum fyrir 2007 var lögð áhersla á náttúruvísindi, sameiginlegar prófgráður og samstarf háskóla svo og virka þátttöku Eystrasaltsríkjanna.

Undir Nordplus-áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar var í fyrsta sinn auglýst eftir umsóknum um styrki til að setja upp sameiginlegar háskólagráður (Nordic Master) meðal norrænna háskóla. Sex umsóknir fengu styrki og eru íslenskir háskólar þátttakendur í þremur þeirra. Slíkir styrkir verða boðnir í þrjú ár en þá verður gerð úttekt á árangri verkefnisins.

Norræn ráðstefna um kennaramenntun á Norðurlöndum var haldin í mars sl. í Ósló. Markmiðið með ráðstefnunni var að bera saman stöðu kennaramenntunar í norrænu löndunum. Í kjölfarið er stefnt að því að gera sam-
anburðarrannsókn á menntun kennara milli landanna.

Ráðstefna sem haldin var í desember sl. á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar undir formennsku Finna bar heitið: „Developing joint programmes and degrees in Nordic and Baltic countries“.

Fullorðinsfræðsla.

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem efst eru á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Grundvallarmarkmiðið í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu er að stuðla að og þróa skilning á fjölbreytileika og samkennd á þessu sviði á Norðurlöndum og efla norðlæga vídd á alþjóðavettvangi.

Stjórnarnefndin fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að vera íslenskur tengiliður í norrænu samstarfsneti um fullorðinsfræðslu (NVL) í fjögur ár frá upphafi árs 2005. Norræna netinu er ætlað að vera fullorðinsfræðsluáðilum til stuðnings, fanga nýjar hugmyndir og eiga frumkvæði að nýjum verkefnum sem eru til þess fallin að vinna að á norrænum vettvangi. Þá á netið að afla og miðla upplýsingum um norrænt samstarf á sviði fullorðinsfræðslu.

Í ársbyrjun 2008 hófst ný áætlun Nordplus Junior sem styður við verkefni á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu og stuðlar að hreyfanleika og myndun samstarfsneta milli Norðurlandþjóðanna á þessu sviði. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir upplýsingar og aðstoð vegna þátttöku í norrænum samstarfsáætlunum í menntamálum.

Vísindasamstarf.

Norrænt vísindasamstarf er nú í meginatriðum skipulagt með aðstoð NordForsk sem tók til starfa í ársbyrjun 2005 sem sjálfstæð stofnun undir skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, en Norræna vísindastefnuráðið (FPR) og Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) voru lögð niður á sama tíma. Stjórn NordForsk er skipuð fulltrúum rannsóknarráðanna í ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af samstarfi háskóla á Norðurlöndum (NUS) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðar- og atvinnumála. Af hálfu Íslands situr formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og formaður Rannsóknasjóðs í stjórninni. Rannís hefur með höndum starfræn tengsl við NordForsk og annast upplýsingamiðlun þar að lútandi.

Í fyrstu starfsáætlun NordForsk, sem unnið verður eftir árin 2006–2009, skilgreinir stofnunin framtíðarsýn og starfsaðferðir sínar. Lögð er sérstök áhersla á að byggja samstarf landanna á innri styrk Norðurlanda og þeim þjóðfélagslegu gildum sem einkenna löndin fimm og beita samstarfinu í hnattrænu samhengi. NordForsk leitast við að marka áherslusvið sem rannsóknarráðin og fjármögnunaraðilar rannsókna í aðildarlöndunum telja mikilvæg og leggja sjálf til fjármagn að verulegu leyti. Fjármunir NordForsk eru fyrst og fremst ætlaðir til að tengja áherslusvið landanna sem best til að skapa samlegðaráhrif. Stofnunin rekur að þessu leyti ekki sjálfstæða stefnu í vali á áherslum en tekur mið af áherslum aðildarlandanna. Við mat á samstarfsverkefnum sem stofnunin tekst á hendur er lögð rík áhersla á alþjóðlega samkeppnishæfni rannsóknarverkefna á grundvelli vísindalegra gæða um leið og tekið er mið af þjóðfélagslegum þörfum.

Starfsaðferðir NordForsk byggjast á því að laða til samstarfs framsækn-

ustu aðila í vísindum á Norðurlöndum til að ná fram sem sterkustu áhrifum í alþjóðlegu samhengi og gera árangurinn sýnilegan. Eftir er til samkeppni um hugmyndir og samstarfsverkefni. Sett hafa verið á laggirnar norræn öndvegissetur (Nordic Centers of Excellence, NCoE) á eftirfarandi sviðum:

- Matvæli, næring og heilsa.
- Velferðarsamfélagið.
- Hnatrænar breytingar.
- Læknisfræðileg sameindalíffræði.
- Hug- og félagsvísindi.

Starfræktir eru norrænir rannsóknarnámsskólar í tengslum við norrænu öndvegissetrin og skipulagt netsamstarf rannsóknarnámsskóla í aðildarlöndunum. Einnig hefur verið eftir til samstarfs milli öndvegissetra í aðildarlöndunum á sviðum sameindalíffræði, barnasálfræði og norrænna samanburðarmálvísinda. Þá heldur NordForsk utan um þemasamstarf milli stofnana á Norðurlöndum á sviði faraldsfræðilegra rannsókna, hafveðurfræðirannsókna og er bakhjarl Nordunet 3, sem er samstarf norrænna háskólaneta um þróun háhraðatenginga milli Norðurlanda og við umheiminn á grundvelli tengingens sem NorduNet AS starfrækir og RH-net er aðili að fyrir Íslands hönd.

9. Vinnumál og vinnuverndarmál

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) var á árinu undirbúinn ráðherrafundur þar sem fjalla átti um áhrif stækkunar ESB á norræna vinnumarkaðinn. Einnig voru undirbúnar umræður í ráðherraráði ESB um sveigjanleika með öryggi (flexicurity) og var vísað til grænbókar ESB um umbætur á reglum sem gilda á vinnumarkaði í aðildarríkjunum.

Vinnuhópur ráðherranefndarinnar um flutning starfsmanna frá nýjum aðildarríkjum ESB til norrænu landanna lauk á árinu við skýrslu sem fyrirhugað var að kynna á ráðherrafundinum. Í henni kemur fram að frá stækkun ESB árið 2004 hafi straumur fólks á vinnufærum aldri frá Eystrasaltsríkjum og Póllandi til Norðurlanda stóraukist. Á því tímabili sem skýrslan tekur til hófu 150 þúsund nýir starfsmenn frá þessum löndum störf í einhverju norrænu landanna og 75 þúsund fengu leyfi sín endurnýjuð í þeim tilvikum sem það var nauðsynlegt. Við þetta bætast starfsmenn sem dvöldu í löndunum vegna tímabundinna verkefna eða voru óskráðir. Vinnuhópurinn telur að sá hópur sé jafn stór ef ekki stærri en sá fyrrnefndi. Þetta hefur haft ýmsar afleiðingar ekki síst fyrir þau ríki sem hafa þurft að sjá á bak þessu vinnuafli en hér er fyrst og fremst um að ræða ungt og í flestum tilvikum vel menntað starfsfólk. Flutningur þess til annarra landa hefur skapað vandamál heima fyrir, einkum hefur skortur á hæfu fólki verið tilfinnanlegur og hamlað framförum í atvinnulífi og staðið í vegi efnahagslegra framfara.

Fyrirhugað var að norrænu vinnumálaráðherrarnir skiptust á skoðunum um stöðu nokkurra mála á vettvangi ESB. Endurskoðun á vinnutímatil-

skipun sambandsins, sem að stofni til er frá árinu 1993, er vandasöm. Á sínum tíma tókst sumum aðildarríkjum ESB, einkum Bretum, að tryggja sér undanþáguheimildir í tilskipuninni. Það hefur valdið óánægju annarra aðildarríkja sem annað hvort vilja fella þessar heimildir niður eða að þær verði látnar taka til allra ríkjanna. Einnig er ágreiningur um það hvernig fara skuli með bakvaktir þegar vinnutími er reiknaður. Nefna má áhuga sumra aðildarríkja ESB á því að settar verði samræmdar Evrópureglur um starfsemi starfsmannaleiga. Norrænu löndin eru ekki samstíga í afstöðunni til þessa málefnis.

Árlegur fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) féll hins vegar niður vegna ónægrar þátttöku ráðherra, eftir að hann hafði verið undirbúinn.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A) hélt fundi í apríl og október. Meginviðfangsefni nefndarinnar er að undirbúa fundi norrænu vinnumálaráðherranna.

Á fundum nefndarinnar eru lagðar fram til umræðu skýrslur ríkjanna um helstu viðfangsefni stjórnvalda vinnumála. Í þeim eru birtar hagtölur t.d. að því er varðar ný störf, atvinnuleysi og útgáfu atvinnuleyfa til erlendra starfsmanna. Sérstök áhersla er lögð á kynningu á nýjum áætlunum eða nýrri löggiöf um félags- og vinnumál. Skýrslurnar gefa oft tilefni til gagnlegra skoðanaskipta. Á árinu vöktu einkum athygli tillögur Svía um aðgerðir til að gera ýmsa hópa sem hafa staðið utan vinnumarkaðarins að virkum þátttakendum í atvinnulífinu.

Alþjóðavæðing efnahags- og atvinnulífs hefur verið forgangsverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar. Umræðan hefur þó ekki verið eins umfangsmikil og ætla mætti í embættismannanefndinni um atvinnulíf og vinnuumhverfi þar sem athygli ráðherranefndarinnar hefur beinst að afleiðingum alþjóðavæðingar á ýmsa umhverfisþætti eins og breytingum á loftslagi og áhrifum þess á veðurfar. Þó er ein af afleiðingum alþjóðavæðingar flutningurinn á framleiðslu og þjónustu frá iðnríkjum til ríkja þar sem minni virðing er borin fyrir grundvallarréttindum í atvinnulífinu. Hættan á því sem nefnt er félagsleg undirboð fer vaxandi.

Til umræðu var að ráðast í endurskoðun Norðurlandasamningsins um vinnuumhverfi frá 1989 eða að gerð verði við hann bókun sem feli í sér uppfærslu á þeim ákvæðum hans sem þykja úrelt. Hugmyndin mætti andstöðu Svía og var málið tekið af dagskrá nefndarinnar.

Á fundi nefndarinnar var gerð grein fyrir drögum að skýrslu vinnuhóps sem var falið að taka saman yfirlit yfir veikindaförföll í atvinnulífinu á Norðurlöndum. Þetta er töluvert og vaxandi vandamál sem hefur verið Norðmönnum hugleikið.

Málefni innflytjenda hafa síðustu missirin fengið minni athygli á vettvangi ráðherranefndarinnar en áður var. Það er að breytast og er ljóst að með breyttri stefnu varðandi aðgang að norræna vinnumarkaðnum munu málefni innflytj-

enda fá aukna þýðingu í starfi ráðherranefndarinnar. Kynnt var skýrsla og tillögur starfshóps um aðlögun innflytjenda og samþykkt var að fela vinnumarkaðsnefndinni að fara nánar yfir þær. Gert er ráð fyrir að vinnumarkaðsnefndin skili síðan embættismannanefndinni tillögum um frekari sameiginleg norræn verkefni á þessu sviði.

Núverandi samstarfsáætlun á sviði vinnu- og vinnuverndarmála gildir árin 2005–2008. Embættismannanefndin samþykkti á árinu að stofna starfshóp til að endurskoða samstarfsáætlunina og semja drög að nýrri áætlun sem gildi fyrir árin 2009–2011. Starfshópurinn leggur til að samstarfsáætlunin taki til fjögurra ára og gildi til ársins 2012.

Nefnd um vinnurétt (NAU).

Nefnd um vinnurétt hélt tvo fundi á árinu. Á fundunum kom meðal annars fram sameiginleg þörf ríkjanna fyrir fleira fólk til starfa á vinnumarkaði til að gegna ósérhæfðum sem og sérhæfðum störfum. Í því sambandi var rætt almennt um nauðsyn þess að fá ungt fólk út á vinnumarkaðinn sem og að halda eldra fólk sem lengst á vinnumarkaði. Enn fremur var rætt um vinnu við breytingar á löggjöf ríkjanna, meðal annars í tengslum við mismunun, leyfi erlendra ríkisborgara til atvinnuþátttöku og minni álögur á atvinnulífið. Töluverð umræða varð um eftirfylgnina við stækkun ESB til austurs og skiptust nefndarmenn á upplýsingum um þær aðgerðir sem einstök ríki hafa gripið til í kjölfar stækkunarinnar. Þá skiptust nefndarmenn á upplýsingum í sambandi við innleiðingu ríkjanna á ESB-tilskipunum og farið var yfir þau mál á hendur ríkjunum er liggja fyrir Evrópuþómstólnum, Mannréttindadómstólnum, Alþjóðavinnuárástofnuninni og hjá embættismannanefnd er starfar á grundvelli félagsmálasáttmála Evrópu.

Norræna vinnumarkaðsnefndin.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir. Verkefni nefndarinnar tengdust samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar á vinnuálasviðinu 2005–2008. Áætlunin hefur m.a. að markmiði að stuðla að áframhaldandi þróun samstarfsins, miðlun reynslu og framkvæmd verkefna.

Í starfi sínu leggur nefndin m.a. áherslu á að allar vinnufúsar hendur hafi verk að vinna. Enn fremur er áhersla á:

- Að samþætta samstarfsverkefni ráðherranefndarinnar við starf vinnumarkaðsnefndarinnar auk þess að fylgja eftir ákvörðunum á vegum ráðherranefndarinnar svo og embættismannanefndarinnar.
- Að auka hreyfanleika vinnuafis milli Norðurlanda og innan landanna á milli svæða og atvinnugreina með það að leiðarljósi að tekið sé mið af síbreytilegum aðstæðum á vinnumarkaðnum. Innflytjendamál verða einnig hluti af starfssviði vinnumarkaðsnefndarinnar.
- Aðgerðir sem beinast gegn stjórnsýsluhindrunum og fylgjast með hnattvæðingu vinnumarkaðar með það að markmiði að vinnumarkaðurinn starfi á sem eðlilegastan hátt.

- Að þróa upplýsingalíkön og miðla upplýsingum um vinnumarkaðsstefnuna, þ.m.t. vinnumarkaðsaðgerðir og skipulag þeirra.
Undir formennsku Finna var lögð áhersla á:
- Aukna skilvirkni vinnumálayfirvalda.
- Rannsókn á ástæðum fyrir vaxandi tíðni veikindaforfalla frá vinnu.
- Stækkun ESB og áhrif á norrænt samstarf.
- Greið samskipti á vinnumarkaði og samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins.

Norrænt atvinnuleysistryggingamót var haldið í Færeyjum í júní sl. þar sem m.a. var fjallað um mismun á réttindum og lög og reglur sem torvelda launafólki að flytjast á milli norrænu landanna í atvinnuskyni.

Sérfræðingar frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi ræddu um það hvernig ríkin mæta auknum skorti á vinnuafli með því að styrkja vinnumiðlunar/ráðningarsamstarf svo og samstarf við atvinnurekendur.

Ákveðið hefur verið að leysa af hólmi norræna nefnd um málefni innflytjenda á vinnumarkaðnum en verkefni hennar voru falin vinnumarkaðsnefndinni.

Framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2009–2012 var samþykkt og kom í stað áætlunarinnar 2005–2008.

Nefndin gaf út:

- Skýrslu um reynslu norrænu landanna af aðlögun innflytjenda og flóttamanna að vinnumarkaðnum.
- Skýrslu um aðlögun fólks með litla menntun að vinnumarkaðnum og áhrif atvinnuleysisbóta (samanburðarrannsókn í þremur norrænum löndum).
- Skýrslu um sameiginlegan norrænan vinnumarkað 1954–2004.
- Skýrslu frá ráðstefnu um alþjóðavæðingu vinnumarkaðar.
Eftirfarandi verkefni eru í vinnslu:
- Hreyfanleiki á norrænum vinnumarkaði.
- Atvinnugreinar þar sem skortur er á vinnuafli.
- Frá skóla til þátttöku í atvinnulífinu í einstökum norrænum löndum að því er varðar val á menntun eða starfsbrautum.

Atvinnuskipti ungs fólks.

Umfangsmikið norrænt samstarfsverkefni á sviði vinnumála er Nordjobb, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna. Upphaflega var það hluti af starfi opinberu vinnumiðlunarinnar í norrænu ríkjunum að Íslandi undanskildu en hér var starfsemin á vegum Norræna félagsins. Þróunin hefur orðið sú að hún hefur nú einnig færst til Norrænu félaganna í öðrum norrænum löndum. Á árinu komu 93 ungmenni til starfa á Íslandi en 67 ungmenni fóru héðan til starfa á Norðurlöndum. Einnig var unnið að menningartengdu verkefni um ungmennaskipti sem nefnist Snorraverkefnið. Í því felst að tekið er á móti börnum Vestur-Íslendinga til sumardvalar á Íslandi en síðastliðið sumar dvöldu 30 vestur-íslensk ungmenni hér. Í samstarfi við Íslendingafélögin á „Nýja-Íslandi“ í Manitoba fóru 10 íslensk ungmenni til sumardvalar í Kanada.

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).

Samstarfshópurinn miðlar upplýsingum á vinnumálasviði en undir það falla vinnumarkaðs-, vinnuumhverfis- og vinnuréttarmál. Haldnir voru tveir fundir.

Gefin voru út þrjú tölublöð af „Arbejdsliv i Norden“ (AiN) og eitt af „Nordic Labour Journal“ (NLJ). Þema fyrsta tölublaðs AiN var „Arbetsmiljön – företagens dolda kapital“. Í öðru tölublaði var þemað „På vei til den første jobben“ og í því þriðja „Klimatkrisen skapar nya gröna jobb“. Í NLJ var þemað „The hunt for manpower is on – is labour import the solution?“.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.

Árið 2007 var fyrsta heila starfsár norrænu samstarfsnefndarinnar um vinnuvernd, sem snýr bæði að almennu vinnuverndarstarfi og að rannsóknum á sviði vinnuverndar. Nefndin hélt tvo fundi á árinu.

Fram kom ósk finnsku formennskunnar um að norræna vinnuverndarsamþykktin frá 1989 (Arbeidsmiljøkonvensjonen) yrði tekin til endurskoðunar með það markmið að gera hana að fullu virka og skilgreina leiðir þar að lútandi. Ekki náðist þó full samstaða um endurskoðun.

Nefndin skilgreindi kjarnaverkefni sín sem eru:

- Að bæta vinnuumhverfi, heilsu, velferð og framleiðni í atvinnulífinu á Norðurlöndum.
- Öflugt samstarf með samstarfsverkefnum og öðrum aðgerðum til að styðja vinnuverndarstarf og stefnumótun í löndunum.
- Umfjöllun um mikilvæg viðvangsefni og vandamál sem kalla á pólitísk viðbrögð embættismannanefndarinnar og norrænu vinnuáráðherra.

Byggt á þessu og með tilvísun í samstarfsáætlun Norrænu ráðherra-nefndarinnar kallaði nefndin eftir því að áherslur í vinnuverndarverkefnum á Norðurlöndum, sem yrðu styrkt af nefndinni, væru á eftirfarandi sviðum:

- Sálfélagslegt vinnuumhverfi, varnir gegn sjúkdómum í hreyfi- og stoðkerfi og varnir gegn vinnuslysum.
- Markmið og áhrif stefna í vinnuverndarmálum á Norðurlöndum.
- Fækkun veikindafjarvista og atvinna fyrir alla.
- Erlent vinnuafl, vinnuumhverfi, félagsleg undirboð og efling samstarfsstjórnvalda á þessu sviði.
- Staðlar á vinnuverndarsviði á innri markaði EU.

Teknar voru fyrir umsóknir um styrki til vinnuverndarstarfs á Norðurlöndum. Fáar umsóknir bárust á sviði vinnuverndarrannsókna. Ástæðan gæti verið að sænska rannsóknarstofnunin á sviði vinnuverndar hafi verið lögð niður, drifkraftur í norrænu rannsóknarsamstarfi þar með orðið fyrir tjóni og grundvöllur fyrir samvinnuverkefnum því mun lakari en áður. Af alls 19 umsóknum voru fimm umsóknir um samstarfsverkefni frá Íslandi en þrjú þeirra voru samþykkt:

- Verkefni um vinnuaðstæður og líkamsbeitingu/líkamlegt álag; samræmingu milli eftirlitsstofnana.

- Verkefni um samvinnu á efnasviði milli eftirlitsstofnana.
 - Norræn vinnueftirlitsráðstefna sem haldin verður á Íslandi 2.–4. júní n.k. og mun fjalla um áhrif hnattvæðingar og áskoranir í vinnuverndarstarfi.
- Auk þess voru veittir styrkir til sex þemafunda til viðbótar þar sem fulltrúar Íslands verða virkir þátttakendur. Auk þess taka Íslendingar þátt í tveimur rannsóknarverkefnum.

Samráðsfundir um vinnuvernd.

Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjórum samráðsfundum um vinnuverndarmál. Þeir voru á eftirfarandi sviðum:

- Bygginga- og mannvirkjagerð. Fjallað var um reglugerðir, leiðbeiningar, aðferðir og stöðu vinnuverndar í byggingariðnaði á Norðurlöndum. Löndin upplýstu m.a. um nýjungar sem eru í farvatninu á sviði reglugerða og nálgun í eftirliti. Á fundinum kom fram hugmynd um að löndin fimm finni góðar fyrirmyndir á sviði vinnuverndar í byggingariðnaði og skoði hvort hjá þeim séu sameiginlegar áherslur sem megi miðla sem norrænu módeli.
- Vinnuáætlun og álag á hreyfi- og stoðkerfið í vinnu. Tekið hefur verið saman yfirlit yfir gildandi reglur og leiðbeiningar á þessu sviði sem gilda á Norðurlöndum til að auðvelda samræmingu milli landanna. Farið var yfir aðferðir sem prófaðar hafa verið til að meta líkamlegt álag við að handleika byrðar en þeirri vinnu verður fram haldið á næsta ári. Dagana 11.–13. ágúst n.k. verður haldin norræn vinnuvistfræðiráðstefna, NES2008, í Reykjavík.
- Eftirlit með sálfélagslegum þáttum í vinnuumhverfinu. Fjallað var um mismunandi aðferðir í eftirliti með sálfélagslegu vinnuumhverfi og átaksverkefni sem löndin hafa unnið að. Bornar voru saman bækur og reynsla reifuð en öll löndin leggja nú ríka áherslu á að hafa þennan þátt með í eftirlitinu þó að nálgunin sé mismunandi. Umræða og upplýsingamiðlun gagnast hérlandis í áframhaldandi þróun aðferða.
- Staðlamál. Fjallað var um samvinnu milli landanna um staðla á ólíkum sviðum vinnuverndar, s.s. byggingavara, persónuhlífa, véla/tæknilegs búnaðar og þrýstibúnaðar. Áhersla mun á næstunni beinast að markaðseftirliti með vörum.

Íslendingar tóku þátt í verkefni um stefnu á sviði vinnuverndar og í verkefni um samspil vinnuumhverfis og aukinna krafna um framleiðni í heilbrigðiskerfinu. Seinna verkefnið er á byrjunarstigi. Tvö önnur verkefni sem Íslendingar hafa tekið þátt í nálgast nú lokastigi, annað þeirra lýtur að áhrifum af vaktavinnu og óreglulegum vinnutíma á starfsmenn en hitt lýtur að öryggishegðun á byggingarvinnustöðum.

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).

NIVA fagnaði á árinu 25 ára afmæli sínu. Námskeiðshald var með hefðbundnu sniði. Tilraun var gerð með svokallaðan NAM-NIVA sumarskóla, þ.e. sameiginlegan sumarskóla NIVA og NAM (Nordisk Arbejds Miljømøte), en

ekki reyndist vera vilji fyrir áframhaldi þar sem hlutur NIVA í námskeiðinu yfirgnæfði nokkuð hlut NAM. Stjórn NIVA á fyrst og fremst að vera stefnumótandi um almennt innihald námskeiða og umfang. Áfram er lögð áhersla á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og verðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar. Þá er lögð meiri áhersla á að ná til stjórnenda og þeirra sem starfa að vinnuvernd í fyrirtækjum sem og þeirra sem vinna hjá vinnueftirlitsstofnunum. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir u.þ.b. sama umfangi starfseminnar með alls 12 námskeiðum sem þegar eru ákveðin. Þá er gert ráð fyrir meiri sveigjanleika í framtíðinni þannig að koma má á fót námskeiði á sviði vinnuverndar með stuttum fyrirvara. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar www.niva.org.

10. Atvinnumál, orkumál og byggðamál

Á fundi sínum í júní sl. ákváðu forsætisráðherrar Norðurlanda að nýta þau sóknarfæri sem felast í hnattvæðingunni. Í samþykkt þeirra frá fundinum eru margar og ólíkar tillögur sem allar miða þó að því að bregðast við hnattvæðingunni á þann hátt að nýta styrkleika Norðurlanda til sóknar. Í því samhengi er einkum horft til menntunar, nýsköpunar, loftslagsmála, umhverfismála og orkumála. Stór hluti þessara málaflokka heyrir undir ráðherranefndina um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER), sérstaklega embættismannanefndina um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Þetta verkefni breytir á ýmsan hátt dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar og einstakra embættismannanefnda. Í lok ársins var búið að skilgreina og vinna verklýsingar fyrir þau verkefni sem byrjað verður á að vinna í hnattvæðingarvinnunni. Ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál á beina aðild að flestum þessara verkefna og ber ýmist fulla ábyrgð á þeim eða ábyrgð að hluta. Verkefni eru þessi: 1) hágæðarannsóknir, 2) athugun á möguleikum þess að setja á fót starf nýsköpunarfulltrúa í Asíu, 3) norræn nýsköpunarverðlaun, 4) EnergiExpo (sýning), 5) Expo 2010 í Shanghæ (sýning), 6) norrænt hnattvæðingarþing, 7) samvinna við samningagerð vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda eftir 2012 og 8) samstarfsvettvangur um afnám stjórnsýsluhindrana.

Því má gera ráð fyrir nokkuð breyttum áherslum í störfum nefndanna.

Frá því að ákvörðun forsætisráðherranna lá fyrir í júní má segja að vinna embættismannanefndanna hafi að miklu leyti snúist um úrvinnslu á þeim verkefnum sem fyrir lágu í hnattvæðingarvinnunni. Áform eru uppi um að setja á fót vinnuhópa, með fulltrúum frá hverju landi, í flestum ef ekki öllum þeim verkefnum sem upp eru talin hér að framan sem mun kalla á töluverð umsvif. Í desember var óskað eftir tilnefningum í stýrihóp um hágæðarannsóknir og af Íslands hálfu tilnefndu embættismannanefndir um orkumál og atvinnumál sameiginlega einn fulltrúa með sérfræðilekkingu á orkumálum.

Fundur í ráðherranefndinni um atvinnu-, orku- og byggðamál var haldinn í Helsingfors 19.–20. september sl. Nánar er fjallað um þann fund hér á eftir undir hverjum málaflökki.

Formlega starfa tvær embættismannanefndir um viðkomandi málaflokka, embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) og embættismannanefndin um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Þó um eina embættismannanefnd sé að ræða á sviði orku- og atvinnumála, er þó oftast fundað aðskilið um málaflokkana, þ.e. EK-NE/Næring og EK-NE/Energi og byggir umfjöllunin hér á eftir á því fyrirkomulagi.

Haldinn var einn fundur þar sem saman komu embættismenn allra ofangreindra málaflokka (EK-NER) en tveir fundir voru haldnir þar sem fjallað var um atvinnu- og orkumál (EK-NE). Nefndirnar héldu auk þess fundi hver fyrir sig.

Atvinnumál.

Á árinu hafði ákvörðun forsætisráðherra Norðurlanda í hnattvæðingarmálum mikil áhrif á störf embættismannanefndar um atvinnumál (EK-NE/Næring) og snérist vinnan í nefndinni að miklu leyti um hinar nýju tillögur.

Á ráðherrafundinum í september sl. voru hnattvæðingarmálin rædd en einnig önnur mál á sviði atvinnumála. Rætt var um að stuðla þyrfti að frekari samvinnu stofnana á Norðurlöndum sem vinna að nýsköpun enda gæti slíkt tengslanet verið til þess fallið að styrkja starfsemi þessara aðila. Samvinna stofnananna og upplýsingamiðlun þeirra á milli er einnig talin mikilvæg í ljósi þeirrar miklu áherslu sem liggur á nýsköpun í hnattvæðingarvinnunni. Í framhaldinu var undirbúinn sameiginlegur fundur með fulltrúum frá stofnunum sem vinna með nýsköpun í öllum löndunum fimm og er hann áformaður í ársbyrjun 2008.

Ráðherrarnir ræddu einnig stöðu áhættufjármagns á Norðurlöndum. Talsvert starf hefur verið unnið á þessu sviði að frumkvæði embættismannanefndarinnar. Undir stjórn Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NICE) voru vinnuhópar að störfum á árinu 2006 sem skiluðu af sér þremur skýrslum um stöðu þessara mála á Norðurlöndum. Þá var einnig haldin ráðstefna um málið í árslok 2006. Í framhaldi af þeirri vinnu var ákveðið á ráðherrafundinum að setja saman vinnuhóp með fulltrúum frá öllum norrænu löndunum sem hefur það verkefni að greina frekar þarfirnar á þessu sviði og meta hvort ástæða sé til að mæla með breytingum á reglum. Ísland á fulltrúa í þessum hópi sem hóf störf í október sl. og áformað er að skili af sér í apríl n.k.

Ráðherrarnir ræddu einnig ferðamál, m.a. nýsköpun á sviði ferðamála. Svíar munu á formennskuári sínu 2008 leggja áherslu á ferðamál og embættismannanefndin um atvinnumál hefur ákveðið að styrkja tveggja til þriggja daga málþing um ferðamennsku á norðlægum slóðum (arktisk turisme) sem haldið verður á árinu 2008. Norræna nýsköpunarmiðstöðin hefur í samvinnu við fulltrúa Grænlandinga í embættismannanefndinni haft með höndum undirbúning málþingsins. Með þessu er verið að fylgja eftir ákvörðunum ráðherranefndarinnar frá árunum 2003 og 2004 um sjálfbæra ferðamennsku á norðlægum slóðum.

Þrátt fyrir að hnattvæðingarmálin hafi tekið mikinn tíma nefndarinnar var öðrum verkefnum þó sinnt samhliða. Megináherslur í störfum nefndarinnar

eru þrjú þættar þ.e. 1) greining og afnám stjórnsýsluhindrana í atvinnulífi, 2) nýsköpun í atvinnurekstri og 3) áhættufjármagn. Áhersla á aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum er áfram mikil og sérstakur starfsmaður (pádriver) sem ráðinn var til að sinna þessu verkefni var að störfum allt árið. Starfshópur um aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum á byggingavörumarkaði var einnig að störfum allt árið. Verkefnið nær til Norðurlanda, Eystrasaltsríkjanna og Póllands. Til stóð að verkefninu lyki á árinu en óskað hefur verið eftir fram- lengingu á því.

Orkumál.

Samstarf um orkumál á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar byggir á aðgerðaáætlun fyrir árin 2006–2009 (Handlingsplan for det nordiske energisamarbejde 2006–2009). Helstu áherslurnar eru á orkumarkaðinn, sjálfbær orkukerfi og norræn orkumál í alþjóðlegu samhengi. Í samræmi við þessar áherslur hafa verið starfandi 4 vinnuhópar sem fjalla um raforkumarkaðinn, orkuhagkvæmni, endurnýjanlega orkugjafa og orkuöflun á dreifbýlum svæðum. Ísland hefur tekið þátt í síðastnefnda vinnuhópnum en þar er lögð áhersla á að finna sjálfbærar orkulausnir fyrir dreifbýl svæði sem standa utan nettengingar. Einkum er um að ræða Grænland, Færeyjar og nyrstu svæði Noregs. Á þessum vettvangi hefur einnig verið lögð áhersla á að ná samstarfi við nágretta okkar í vestri, þ.e. Austur-Kanada og Hjaltlandseyjar, en þar hefur komið fram mikill áhugi á samstarfi á sviði orkumála. Á haustdögum var haldin ráðstefna á Hjaltlandseyjum þar sem fjallað var um þau vandamál sem steðja að dreifbýlum svæðum varðandi endurnýjanlega orku. Iðnaðarráðuneytið styrkti ráðstefnuna.

Ísland tók einnig þátt í afmörkuðu verkefni á vegum vinnuhóps um endurnýjanlega orkugjafa.

Norrænar orkurannsóknir (NEF) leika stórt hlutverk í norrænu samstarfi á sviði orkumála. Sjóðurinn er fjármagnaður beint af löndunum auk þess sem hann fær fjármuni af norrænum fjárlögum. Nokkur íslensk verkefni hafa fengið styrk úr sjóðnum. Eitt stærsta verkefni sem sjóðurinn hefur fjármagnað lýtur að rannsóknnum á áhrifum loftslagsbreytinga á endurnýjanlega orkugjafa. Verkefninu hefur verið stýrt af Vatnamælingum Orkustofnunar.

Á fundi norrænu orkumálaráðherranna í september var mest áhersla lögð á málefni raforkumarkaðarins og samræmingu á honum. Þrátt fyrir að hinn norræni raforkumarkaður sé fyrirmynd varðandi samrekstur á slíkum markaði er ljóst að enn er margt sem betur má fara. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að halda áfram þeirri vinnu sem fram hefur farið á þeim vettvangi. Raforkuhópnum, sem starfar í umboði embættismannanefndarinnar, var falið að útfæra tillögu ráðherranna um sameiginlegan kerfisstjóra (TSO). Hópurinn á að leggja fram tillögur fyrir næsta ráðherrafund að ári.

Einnig var rætt um mikilvægi þess að auka enn hlut endurnýjanlegra orkugjafa og að norrænu löndin mörkuðu sér sameiginlega stefnu og markmið í loftslagsmálum og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Fimm fundir voru haldnir á árinu í embættismannanefndinni um orkumál (EK-NE/E). Einnig voru haldnir tveir fundir þar sem fjallað var um Evrópumál og áhrif ESB á norrænt orkusamstarf.

Mörg þeirra verkefna sem vinna á að á næstu árum í samræmi við nýjar áherslur forsætisráðherranna snúa beint að orkumálum. Embættismannanefndin hefur farið yfir tillögurnar og gert athugasemdir varðandi þá þætti sem snúa beint að starfsemi nefndarinnar, en sjónarmið nefndarinnar hafa að nokkru stangast á við þá framkvæmdaáætlun sem lögð hefur verið fram í hnattvæðingarmálunum.

Byggðamál.

Starfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2005–2008 (Nordisk regionalpolitisk samarbeidsprogram 2005–2008) svo og formennskuáætlun Finna.

Starfsemi. Aðalatriðin í formennskuáætlun Finna hvað byggðamálum viðvíkur voru:

- að bæta samkeppnishæfni og efla nýsköpun,
- að tryggja grunnþjónustu,
- að auka samstarfið við Eystrasaltsríkin með því að styrkja Norðlægu víddina,
- að hrinda í framkvæmd nýrri stefnu varðandi svæðasamstarf yfir landamæri,
- að efla rannsóknir og miðla upplýsingum m.a. á vegum Nordregio.

Á árinu hélt embættismannanefndin um byggðamál (EK-R) fimm fundi. Að venju voru nokkrar nefndir starfandi á vegum embættismannanefndarinnar til að vinna að einstökum málum.

Aukið samstarf við Eystrasaltsríkin. Finnar lögðu mikla áherslu á það í formennskuáætlun sinni að auka samstarfið við Eistland, Lettland og Litháen. Til að undirstrika þann vilja var fyrsti fundur embættismannanefndarinnar á árinu haldinn í Tallinn í Eistlandi og þangað boðið fulltrúum allra landanna. Þrátt fyrir góðan vilja til samstarfs hefur ekki orðið af því eins og Finnar vonuðust til. Stafar það af því að stjórnkerfi landanna ræður ekki við aukin verkefni og fjármunir eru ekki til. Undantekning þar á er að löndin hafa tekið þátt í einstökum verkefnum á vegum norrænu fræðslustofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio). Í skoðun er að efna til sameiginlegs ráðherrafundar um byggðamál á næsta ári.

Svæðasamstarf yfir landamæri. Svæðisbundið samstarf fer fram á 8 svæðum á Norðurlöndum. Á árinu var unnið eftir þeirri stefnu sem mótuð var árið 2006 varðandi úthlutun fjár til svæðasamstarfsins. Mismikil ánægja er með hið nýja fyrirkomulag eins og verða vill. Sú breyting hefur verið gerð að frá og með árinu 2008 fær Norræna Atlantsnefndin (NORA) sérstaka úthlutun í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar undir byggðamálum. Breytingar varðandi fjármögnun svæðasamstarfsins hafa ekki áhrif á fjárveitingar til Norrænu Atlantsnefndarinnar. Enn fremur fær nefndin frá árinu 2007 beinan fjárstuðning frá þáttökulöndunum til viðbótar við fjárveitingar af norrænum

fjárlögum. Svæðasamstarf yfir landamæri fær stærstan hluta þess fjár sem embættismannanefndin um byggðamál ráðstafar.

Starfsnefndir. Nokkrar tímabundnar starfsnefndir voru að störfum á vegum embættismannanefndarinnar. Ein þeirra á að gera úttekt á landshlutamiðaðri nýsköpunarstefnu en það er samstarfsverkefni með embættismannanefndinni um atvinnu- og orkumál (EK-NE) og unnið í samstarfi við norrænu fræðslustofnunina í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) og Norrænu nýsköpunarmiðstöðina (NICE).

Verkefninu er ætlað að skoða nýsköpunarstefnu með hliðsjón af mismunandi svæðum, en því á að ljúka snemma árs 2008. Nefnd um markmiðs- og árangursstýringu í byggðamálum er að ljúka störfum og skilar af sér um áramótin. Embættismannanefnd um borgarstefnu lauk störfum sl. vor en fyrirhugað er að ýta úr vör framhaldsverkefni sem nefnt er framtíðarborgin. Nefnd um bættu samræmingu á stefnu stjórnvalda í byggðamálum tók til starfa í samræmi við ákvörðun ráðherrafundar í Bodø haustið 2006.

Nordregio, rannsóknarverkefni og ráðstefnur. Stór hluti ráðstöfunarfjár embættismannanefndarinnar rennur til Nordregio en um þá stofnun er fjallað sérstaklega. Þá styrkti nefndin ýmis rannsóknarverkefni og ráðstefnur, m.a. ráðstefnu um frumkvöðlastarf kvenna og byggðaþróun og verkefni um byggðapólitískar afleiðingar lífrænnar orku.

Ný samstarfsáætlun. Sú samstarfsáætlun sem unnið er eftir í dag gildir til ársloka 2008. Hafin er vinna við að semja nýja áætlun og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki síðsumars 2008 svo hægt verði að leggja nýja áætlun, sem nær til árana 2009–2012, fyrir fund ráðherra byggðamála haustið 2008.

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. Nefndin heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á þrjá fulltrúa í stjórn nefndarinnar en löndin skiptast á um formennsku. Stærstur hluti tekna nefndarinnar kemur frá Norrænu ráðherranefndinni, en einnig koma framlög frá þátttökulöndunum.

Norræna Atlantsnefndin veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna, m.a. með áherslu á auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni og eflingu fámennra byggðarlaga. Áhersla er lögð á samstarf við aðra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfsvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum milli landanna. Verkefni innan nefndarinnar hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli aðildarlandanna sé að ræða. Jafnframt er sóst eftir samstarfi við lönd við Norður-Atlantshaf, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada.

Tvívegis var úthlutað verkefnastyrkjum. Í júní sl. var úthlutað 35 millj. ísl. kr. til 23ja verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í 17 þeirra. Í desember sl. var úthlutað um 37 millj. ísl.kr. til 13 verkefna, en Íslendingar taka þátt í 9 þeirra. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er því mjög góð. Á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is) er að finna yfirlit yfir verkefni.

Norræna Atlantsnefndin tekur jafnframt þátt í Norðurslóðaáætlun ESB (NPP) en það er ein af fimm svæðaáætlunum Interreg IV.

Þann 1. ágúst sl. lét Kaspar Lytthans af störfum sem framkvæmdastjóri og við tók Lars Thostrup. Eitt af hans fyrstu embættisverkum var heimsókn til Íslands, m.a. til að kynna starfsemina.

Nordregio. Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún var stofnuð árið 1997 á grunni eldra samstarfs á sviðinu og er staðsett í Stokkhólmi. Í lok ársins störfuðu 37 manns hjá stofnuninni.

Hlutverk stofnunarinnar er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum, hefur farið vaxandi undanfarin ár.

Heildarvelta Nordregio á árinu 2006 var alls 31,9 milljónum s.kr. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum fimm og áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi. Þá sitja í fagraði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu landanna og tveir frá hverju sjálfstjórnarlandanna.

Á árinu stóð Nordregio fyrir alls 27 námskeiðum og ráðstefnum og voru þátttakendur í þeim alls 550.

Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio“ sem kemur út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda, en einnig má sækja það af vefsíðu Nordregio (www.nordregio.se). Einnig heldur stofnunin úti rafræna fréttabréfinu „Bifröst“ og „European Journal of Spatial Development“ sem er rafrænt tímarit um skipulagsmál og svæðaþróun.

Á árinu gaf Nordregio út 4 stórar rannsóknaskýrslur og 4 vinnuskýrslur, sem er nokkru færri en árið áður. Vísindamenn stofnunarinnar birtu alls 11 ritrýndar greinar í fræðitímaritum og 28 aðrar greinar, auk 45 fræðigreina og bókarkafla.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICE).

Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar að framgangi nýsköpunar og atvinnustarfsemi sem grundvölluð er á þekkingu og færni. Skrifstofa miðstöðvarinnar er í Ósló og eru starfsmenn 17 og koma alls staðar að á Norðurlöndum. Velta miðstöðvarinnar var rúmlega 110 millj. n.kr. á árinu, þar af 24 millj. frá Evrópusambandsstyrkjum.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur að því að Norðurlönd verði virkur innri markaður án landamæra þar sem ekkert kemur í veg fyrir frjálsan flutning hæfni, hugmynda, fjármagns, fólks eða afurða. Að þessu er unnið með tengslamyndun, upplýsingaöflun, dreifingu upplýsinga og fjárstuðningi við

samstarfsverkefni. NICE er því í lykilstöðu við uppbyggingu á þekkingu í stefnumótun við nýsköpun.

Skilyrði fyrir þátttöku NICE í verkefnum er að fulltrúar a.m.k. þriggja norrænu landanna eigi aðild að verkefninum og að verkefnið muni skipta máli fyrir samkeppnishæfni norræns atvinnulífs. Ennfremur er hvatt til þess að fulltrúar frá Eyrstrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi taki þátt í verkefnum.

NICE er á hverjum tíma með nokkur áherslusvið, sem breytast ár frá ári. Þannig eru 3–4 ný áherslusvið auglýst og sama fjölda sviða lýkur á ári hverju.

Í árslok voru áherslusviðin þessi:

- Innri markaðir - stjórnsýsluhindranir og aðgerðir gegn þeim.
- Norræn nýsköpunarstefna (svæðisbundin nýsköpun, neytendastýrð nýsköpun).
- Nýr norrænn matur.
- Nýsköpun í byggingariðnaði.
- Skapandi atvinnugreinar.
- Umhverfistækni.
- Örtækni.

Auk þess er NICE þátttakandi í Evrópuverkefnum um matvælaöryggi, nýsköpun og myndun samvinnukjarna í Eyrstrasaltsríkjunum. Fulltrúar allra sviða atvinnulífsins eru hvattir til að sækja um stuðning við áhugaverð verkefni þótt þau séu utan áherslusviðanna.

Miðstöðin styður nú við 122 verkefni og samstarfsnet með þátttakendum af öllum sviðum atvinnulífsins. Þegar er mörgum verkefnum lokið sem hafa haft mikla þýðingu fyrir samvinnu og framþróun í atvinnulífi Norðurlanda. Íslendingar taka þátt í verkefnum innan allra áherslusviðanna og eru virkir í 60–70% af samstarfsverkefninum sem styrkt eru af NICE. Þegar Ísland á ekki fulltrúa í verkefninu er ævinlega leitast við að tryggja að niðurstöðurnar sem til verða innan verkefnisins skili sér til tengiliða í íslensku samfélagi.

NICE gefur út fjölda skýrslna og upplýsingarita sem greina frá niðurstöðum verkefna og kynna verkefni sem verið er að vinna að. Tímaritið „Innovate“ er gefið út fjórum sinnum á ári en auk þess komu út á árinu 62 skýrslur um niðurstöður verkefna og 8 kynningabæklingar. Allt útgefið efni má nálgast á heimasíðu miðstöðvarinnar www.nordicinnovation.net. Heimsóknir á heimasíðuna eru 6–7000 á mánuði.

NICE skipuleggur fjölmarga fundi og ráðstefnur á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar fyrir íbúa Norðurlanda og nærliggjandi svæða. Fulltrúar NICE héldu kynningar á u.þ.b. 300 fundum og ráðstefnum og voru í áberandi hlutverki á 26 ráðstefnum. Fjöldi gesta á fundunum voru um 9000 talsins. Finnar stóðu á formennskuári sínu fyrir ráðstefnu í Oulu í nóvember sl. um „Nýjar stefnur í norrænni nýsköpun“, þar sem fyrirlesarar voru úr hópi framsækinna og áhrifamikilla einstaklinga úr alþjóðlegum fyrirtækjarekstri og leiddir voru saman fulltrúar stjórn mála og atvinnulífs til umræðu um hvernig best yrði staðið að uppbyggingu sterks og skapandi atvinnulífs á Norðurlöndum.

11. Heilbrigðis- og félagsmál

Ráðherrafundir.

Dagana 11.–12. júní var árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda (MR-S) haldinn í Lathis í Finnlandi. Ráðherrarnir fjölluðu um skýrslu og tillögur um breytingar á skipulagi norrænna stofnana á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Ákveðið var að gefa embættismannanefndinni umboð til þess að vinna áfram að málinu og ráðherranefndin myndi síða taka afstöðu til málsins á haustdögum fyrir þing Norðurlandaráðs í Ósló. Ráðherrarnir fjölluðu sömuleiðis um áfengisstefnu norrænu ríkjanna, viðbrögð við hugsanlegum heimsfaraldri influensu, stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum og kjarnaverkefni norræns samstarfs á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Þemaumræða fundarins snerist um samanburð á fjármögnunar- og þjónustukerfum í heilbrigðisþjónustu norrænu landanna. Í þeim umræðum var gerð grein fyrir áformum íslensku ríkisstjórnarinnar um að breyta fjármögnun heilbrigðisstofnana í þá átt að fjármagn fylgi sjúklingum í auknum mæli. Á fundinum voru norrænu lýðheilsuverðlaunin veitt danska læknum og fyrrum þingmanni Kirsten Lee fyrir störf sín og baráttu fyrir bættri lýðheilsu í Kaupmannahöfn.

Að beiðni Íslands var 1. nóvember haldinn aukafundur norrænu heilbrigðisráðherranna í Ósló í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Umræðuefnið var sameiginlegur norrænn heilsu- og lyfjamarkaður. Ákveðið var að koma á laggirnar sérfræðingahópi sem einkum myndi beina athygli sinni að stöðu minni markaðssvæða á Norðurlöndum. Tillögur eiga að liggja fyrir á fundi ráðherranna í byrjun júní 2008.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (ÄKS) hélt fjóra fundi á árinu. Á fundi nefndarinnar í mars sl. var m.a. fjallað um formennskuáætlun Finna, skipulag norrænna stofnana, samstarf varðandi heilsuvá, framtíðar samstarf um lyfjamál, stjórnsýsluhindranir og þverfaglegt samstarf og samvinnu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland. Embættismannanefndin hélt aukafund um væntanlegar breytingar á skipulagi stofnana í september sl. Var þar einkum tekist á um hvort sameina ætti allar stofnanir á félags- og heilbrigðisviði eða halda skipan heilbrigðisstofnananna en sameina stofnanir á félagsmálasviði. Á fundi embættismannanefndarinnar í október sl. var áfram fjallað um stofnanirnar og farið yfir umsóknir um styrki til verkefna. Síðasti fundur embættismanna á árinu var í Tammerfors í nóvember. Þar fékkst loksins niðurstaða varðandi skipulag norrænu stofnananna sem var lögð skriflega fyrir heilbrigðis- og félagsmálaráðherrana og síðan var hún send til samstarfsráðherranna til endanlegrar ákvörðunar. Niðurstaðan er sú að Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV), Norræna tannlækningastofnunin (NIOM), Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO) og Norræna heilbrigðistölfraðinefndin (NOMESKO) starfa áfram í sem næst óbreyttu formi. En Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH), Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD), Norræna samstarfs-

miðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS) og Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD) munu sameinast og lúta sameiginlegri stjórn. Hver stofnun fyrir sig verður þó a.m.k. fyrst um sinn á sama stað og þær hafa verið undanfarin ár.

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV).

Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í lýðheilsufræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt sérstökum samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Megináherslan er á nám til meistara- eða doktorsgráðu í lýðheilsufræðum en einnig er hægt að sækja þar einstök námskeið. Nám við skólann er byggt upp á námskeiðum sem yfirleitt standa í tvær vikur í senn, auk mikillar verkefna- og rannsóknarvinnu.

Um 700 einstaklingar stunduðu nám við skólann og voru langflestir þeirra frá Norðurlöndum en einnig voru þar nokkrir einstaklingar frá Eystrasaltsríkjunum. Þá hélt skólinn áfram uppbyggingarstarfi varðandi nám í lýðheilsufræðum í Norðvestur-Rússlandi.

Mikil umræða hefur farið fram innan skólans um framtíðarhlutverk hans og hvernig hann getur gagnast norrænu löndunum sem best. Hefur þar m.a. haft áhrif sú uppbygging á námi í lýðheilsufræðum á Norðurlöndum þ.m.t. á Íslandi sem átt hefur sér stað á undanförunum árum. Stjórn og starfsmenn skólans eru sammála um að Norræni lýðheilsuháskólinn sé og verði í framtíðinni í lykilhlutverki varðandi það að bregðast við þörf fyrir menntun heilbrigðisstarfsfólks sem erfitt er fyrir einstök lönd að koma á fót án mikils fyrirvara. Þannig hóf Norræni lýðheilsuháskólinn á árinu t.d. nám í sóttvörnum og var aðsókn að því námi mun meiri en hægt var að mæta.

Lögð var aukin áhersla á rannsóknir og kennslu á geðheilbrigði, heilsu á heimsvísu, heilsuefingu, sóttvarnir og heilsu innflytjenda og flóttamanna. Í því samhengi hafa verið settir á fót sérfræðihópar þar sem Ísland á í öllum tilvikum sinn fulltrúa.

Norræni lýðheilsuháskólinn gerði mikið á þessu ári til að styrkja samstarf við Ísland og voru stjórnendur og kennarar í ákveðnu samstarfi við þá háskóla hér á landi sem kenna lýðheilsufræði og ýmsar stofnanir hér sem tengjast þeirri fræðigrein.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).

Norræna tannlækningastofnunin er samnorrænt og heimsþekkt rannsóknar- og þekkingarsetur sem rannsakar og fylgist með gæðum og öryggi efna á norrænum markaði sem eru notuð til tannlækninga og dreifir upplýsingum til heilbrigðisyfirvalda, tannheilsustétta og almennings.

Starfsemi stofnunarinnar hefur verið með hefðbundnu sniði á árinu hvað varðar rannsóknir á gæðum og öryggi efna til tannlækninga. Ísland gegndi formennsku í stjórninni og hefur lagt áherslu á aukið upplýsingastarf stofnunarinnar. Meðal nýjunga í starfseminni er að tannheilsustéttir hafa verið hvattar til að senda stofnuninni fyrirspurnir um ýmis álitamál eins og öryggi og endingu

efna sem eru notuð við tannlækningar. Svörin eru síðan birt í öllum almennum fagtímaritum tannlæknafélaga á Norðurlöndum, þ.m.t. Tannlæknablaðinu á Íslandi. Sömuleiðis hefur vinnu við norræna gagnagrunninn um tannfyllingarefni og önnur efni sem eru notuð við tannlækningar (Nordisk Databas för Dentala Biomaterialer) verið haldið áfram. Vefurinn er nýlega aðgengilegur öllum á heimasíðu NIOM (www.niom.no).

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna hefur undanfarin ár haft það sem markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Samstarfið hefur verið gott á öllum sviðum og tveir fundir voru haldnir á árinu. Kynnt var útgáfa á 50. hefti NAD en það hefti er samantekt á ensku um sögulega þróun í áfengis- og vímuefnaeðferð á Norðurlöndum. Á fundunum er að jafnaði farið yfir umsóknir sem borist hafa til nefndarinnar um fjárstyrk. Þá er farið yfir stöðu verkefna sem þegar hafa hlotið styrki og önnur málefni er varða málaflökkinn.

Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi stofnana og félagasamtaka á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar voru fyrirferðarmiklar í starfseminni. Fyrir liggur að sett verða á fót tvenn heildarsamtök eða stofnanir, ein á sviði heilbrigðismála og önnur á sviði samfélagsmála. Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna mun halda starfseminni áfram óbreyttri út árið 2008 en verður við áramótin hluti af þeirri stofnun sem snýr að samfélagsmálum.

Nefndin er í samstarfi við ritið NAT (Nordisk Alkohol og Narkotikatidsskrift) og fréttasíðuna Nosam.net. Tvisvar á ári eru fréttapistlar frá Íslandi í NAT og fréttir á Nosam.net þegar tilefni þykir. Nefndin stendur reglulega fyrir ráðstefnum, vísindadögum og vinnustofum ætluðum fagfólki. Á þessu ári var m.a. haldin ráðstefna um þróun áfengismála á veitingastöðum og voru flutt tvö íslensk erindi. Nefndin stóð fyrir málstofu á NordAN ráðstefnu í Reykjavík í október sl. en NordAN er samstarfsvettvangur félagasamtaka á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum þremur sem starfa að forvörnum. Þá var haldin ráðstefna í Helsingfors um vímuefnaeðferð í norrænum fangelsum. NAD er aðili að stóru Evrópuverkefni, „Building the Capacity“, um stefnumótun í áfengismálum. Ísland er einnig sjálfstætt starfandi í sama verkefni. Verið er að vinna að þemahefti undir vinnuheitinu „Krár, veitingahús og áfengisvenjur ungs fólks á Norðurlöndum“.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Eitt meginverkefna Norrænu samstarfsmiðstöðvarinnar um málefni fatlaðra er að stuðla að því að norræn markmið um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. Auðvelt aðgengi að þeim tækifærum sem upplýsingasamfélagið býður upp á er eitt þeirra lykilatriða sem lögð er áhersla á.

Samstarfsmiðstöðin kom á árinu að samstarfi um fjölda verkefna, m.a. má þar nefna kynningu og umræðu um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og verkefni til að bæta stöðu fatlaðra barna í Norðvestur-Rússlandi. Sérstöku verkefni var ýtt úr vör þar sem staða fatlaðra og fjöl-

skyldna þeirra á Vestur-Norðurlöndum er í brennidepli. Í þessu samstarfi taka þátt sveitarfélög í Norður-Noregi, Norska miðstöðin fyrir fjarlækningar í Tromsø (NST), Færeyjar, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Austurlandi, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ásamt Grænendingum. Í þessu verkefni verður horft til þess á hvern hátt hægt er að veita sérhæfða leiðsögn og stuðning við fatlaða í fjölskyldum í hinum dreifðu byggðum á þessum svæðum.

Á vettvangi NSH og þriggja annarra stofnana hefur verið opnuð norræn vefgátt um velferðarmál, www.nordically.org. Þar má lesa um heilsu, félagsmál, menntun og starfsemi á Norðurlöndum. Umræða um nýja skipan stofnana í skipulagi innan heilbrigðis- og félagsmála var einnig umfangsmikil á árinu.

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Hún á jafnframt að styrkja faglega þróun starfsfólks á umræddu sviði og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist.

Hlutverk menntamiðstöðvarinnar er að bjóða norræna menntun á sviði daufblindu sem bætir upp menntunartilboð landanna. Í fyrsta lagi með því að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti bæði á norrænum vettvangi og alþjóðlega; í öðru lagi að miðla þekkingu t.d. með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu og sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Tvö grunnnámskeið voru haldin, fimm þemanámskeið og fjórar málstofur/námsstefnur fyrir valda þátttakendur. Sjö norrænir fundir voru haldnir í menntamiðstöðinni um ýmis þróunarverkefni á starfssviði stofnunarinnar s.s. fundur í vinnuhóp um síðdaufblindu, fundur um málefni tengd kuðungsígræðslu og ýmsir skipulagsfundir. Auk þess voru gefin út tvö norræn fréttabréf og eitt á ensku. Af öðru útgefnu efni má nefna að NUD gaf út tvo CNUS-texta (Communication Network Update Series) og tvö vísindarit. Af alþjóðlegu samstarfi NUD er vert að nefna þátttöku í meistaranámi í Hollandi á sviði tjáskipta og meðfæddrar daufblindu.

Norræna heilbrigðistölvfræðinefndin (NOMESKO).

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að samræmingu og söfnun tölfræðilegra upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum.

Starf þetta fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar, skráningu og afmörkun einstakra þátta til þess að tryggja að upplýsingar verði sem best sambærilegar milli landanna.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri í meginriti sínu „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem eru birtar á heimasíðu nefndarinnar (www.nom-nos.dk). Í ársbók nefndarinnar er í viðbæti fjallað um geðheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum.

Helstu verkefni sem unnið var að á árinu voru athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustunni, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun og gæðamat á flokkun aðgerða.

Undanfarin ár hefur heilbrigðistölfræðinefndin átt mikið samstarf við Eystrasaltsríkin og hefur m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um flokkanir í heilbrigðisþjónustu í Uppsölum er í nánú samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa og DRG (Diagnostic Related Groups) hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni en hún er viðurkennd af WHO sem samstarfsstofnun.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem koma frá þátttökulöndunum. Öll norrænu ríkin fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Meðal helstu mála sem fjallað var um á fundum nefndarinnar má nefna breytingar á skipulagi norrænna stofnana, skipulag og framsetningu tölulegra upplýsinga í löndunum, samstarfið við ESB og EUROSTAT, umfjöllun um ársskýrslu nefndarinnar, innihald og framsetningu upplýsinga á heimasíðu nefndarinnar, útgáfu á skýrslu um lífeyriskerfi landanna, samstarf við Eystrasaltsríkin og verkefni um norræna velferðarríkið.

Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS).

NOPUS er norræn miðstöð fyrir hugmynda- og reynslumiðlun ásamt því að bjóða upp á sí- og endurmenntun á sviði félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum. Markhópurinn er starfsfólk sem starfar við stjórnun eða eru lykilaðilar innan félagsþjónustunnar á Norðurlöndum og í nágrannalöndum þeirra. Markmiðið er að styrkja samstarf Norðurlanda með því að taka þátt í og standa að norrænum ráðstefnum og þróunarstarfi af ýmsu tagi og miðla viðeigandi upplýsingum á sviði félagsþjónustunnar.

Á fundum stjórnarinnar var mikil umræða um hugmyndir um breytt stofnanaskipulag á sviði heilbrigðis- og félagsmála í norrænu samstarfi. Verkefnisstjóri var ráðinn til að skoða og greina starfsemi stofnana á þessu sviði og leggja fram hugmyndir um framtíðarskipulag.

Miðstöðin hefur fengið framlengdan þjónustusamning við Norrænu ráðherranefndina um eitt ár. Helstu áherslur fyrir árið 2008 snúa m.a. að matskerfi innan félagslegrar þjónustu, að þróa hugmyndir um notendastýrða

þjónustu (kundval) og kenna verklag í fagþróun innan félagsþjónustunnar. Jafnframt er áhersla á þróun hugmynda á sviði sjálfbóðaliðastarfa.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar:

Markmið vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar, sérstaklega Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Vinnuhópurinn á að ræða almenna framkvæmd samningsins og einstök mál tengd honum og jafnframt að vera ríkjunum ráðgefandi um almannatryggingar. Skal vinnuhópurinn meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði samningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í ríkjunum. Þá skal vinnuhópurinn einnig fylgjast með vandamálum sem tengjast stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum og leggja til lausnir til að koma í veg fyrir slíkar hindranir.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar hefur það hlutverk að upplýsa um Norðurlandasamninginn um almannatryggingar og vinna að ráðgjöf um upplýsingastarfsemi og menntun á sviði samningsins. Vinnuhópurinn ræðir spurningar sem upp koma um EES-samstarf á félagslega sviðinu í eðlilegu framhaldi af Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Einnig ræðir hópurinn önnur sameiginleg mál sem tengjast almannatryggingum og getur skipað starfshópa til þess að kryfja tiltekin mál.

Vinnuhópurinn um almannatryggingar hélt tvo fundi. Helstu málefni eru undirbúningur að norrænum vef með upplýsingum um almannatryggingar fyrir þá sem vinna eða flytja milli norrænu landanna og norrænn bæklingur um almannatryggingar við flutning milli landanna en starfshópar hafa verið skipaðir til að vinna þessi verkefni. Þá hafa málefni námsmanna verið rædd, svo og þörf á endurskoðun Norðurlandasamningsins vegna væntanlegrar gildistöku nýrra EES-reglna um almannatryggingar milli landanna. Vinnuhópurinn hefur einnig farið yfir skýrslur frá fundum norrænna samskiptastofnana í ýmsum málaflökkum, s.s. lífeyrismálum og fjölskyldubótum, svo og frá reglulegum fundi norrænna samskiptastofnana á sviði almannatrygginga sem haldinn var á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili að 19 hópum. Eftirlitsnefnd samningsins tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingar eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Haldið var áfram umræðu um framkvæmd

norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB, stöðu og áhrif nýrrar tilskipunar ESB á starfsréttindi heilbrigðisstétta og áhrif þjónustutillskipunar ESB á starfsréttindin. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á lögum og reglum er varða stöðu og réttindi heilbrigðisstétta á Íslandi.

12. Efnahags- og fjármál

Ráðherrafundir:

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-Finans) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Helsingfors þann 19. júní í tengslum við svokallaða Eystrasaltsráðstefnu, þar sem fjármálaráðherrar ríkja við Eystrasaltið hittast og ársfund Norræna fjárfestingarbankans, NIB. Seinni fundurinn var haldinn í Ósló við upphaf þings Norðurlandaráðs. Eitt meginumfjöllunarefni ráðherrafundanna, auk hefðbundinna umræðna um efnahagsmál, skattamál og mál tengd ESB og EES, var samstarf ríkjanna í málefnum svokallaðra skatta-paradísa. Að undanfögnu hefur verið unnið sameiginlega að gerð upplýsinga-skiptasamninga við slík svæði og á fundinum í Ósló var fyrsti samningurinn undirritaður, við eyna Mön. Allan Bell, fjármálaráðherra Manar, undirritaði samninginn fyrir hennar hönd. Ráðherrarnir fjölluðu á árinu um allmargar rannsóknarskýrslur sem unnar hafa verið fyrir ráðherranefndina. Má þar nefna skýrslu um samspil peningamála- og ríkisfjármálastjórnar, sem unnin var að frumkvæði Íslands og skýrslu um samstarf fjármálastofnana við Eystrasaltið. Fjallað hefur verið um vinnumarkað á Norðurlöndum, orkuverð og hlut skattlagningar í því, skattlagningu ökutækja og eldsneytis og aðbúnað rannsóknarstarfsemi svo nokkuð sé nefnt.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar. Norrænu embættisnefndina um efnahags- og fjármál (EK-Finans) skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni hennar eru fjölbætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherra fundi og vera ráðgefandi í öllum mál-efnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherra fundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum.

Eftirtaldir vinnuhópar voru að störfum:

- 1) *Norræna efnahagsnefndin (Nordisk konjunkturgrupp).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu (Ekonomiska utsikter i Norden) um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á

- vegum Norðurlandaráðs. Á síðustu árum hefur tilgreind skýrsla legið fyrir þegar fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa mætt til reglulegs haustfundar.
- 2) *Vinnuhópur á sviði umhverfis- og efnahagsmála (Miljö- og økonomigruppen)*. Á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø) starfar vinnuhópur en megin verkefni hans eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórnækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Á árinu var meðal annars unnið að verkefnum á sviði orkumarkaðar á Norðurlöndum; þjóðhagfræðilegu mati í umhverfismálum; möguleikum á að beita hagrænum stjórnækjum til að stýra notkun skaðlegra efna og efnasambanda og hagrænni umfjöllun um Gautaborgarsambýktina.
 - 3) *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla*. Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu EU-tilskipana á fjármálasviði og að öðru sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum.
 - 4) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*. Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Haldinn var einn fundur.
 - 5) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet)*. Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn en hún getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Ennfremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988 um réttarstöðu norrænna stofnana og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru þrír fundir á árinu. Hinn 13. desember sl. tóku gildi nýjar starfsmannareglur, sem lengi hafa verið í undirbúningi hjá nefndinni og gilda fyrir starfsmenn Norrænu ráðherranefndarinnar og starfsmenn Norræna menningarsjóðsins. Nefndin fjallaði einnig um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári, laun forstöðumanna norrænna stofnana og hvernig bæta megi samkeppnisstöðu fulltrúa annarra Norðurlandþjóða en Dana svo auka megi hlutfall þeirra hjá Norrænu ráðherranefndinni.
 - 6) *Norræn starfsmannaskipti* (nordisk tjenestemandsudveksling). Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu en Norræna ráðherranefndin hefur haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í öðrum norrænum löndum. Starfsmannaskiptin hafa verið möguleg allt frá árinu 1979. Á árinu var hlutdeild Íslendinga

8% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar. Styrkþegar voru níu og hlutu þeir styrki allt frá einum mánuði til tíu mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Flestir fóru sem fyrr til Danmerkur eða sex. Tveir fóru til Finnlands og einn til Svíþjóðar. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

- 7) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Tilgangur samstarfsins er að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á fundinum í ár var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig á síðustu tólf mánuðum. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á norrænu löndin, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var rætt um OECD-samstarfið. Að lokum er á þessum fundum almennt fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.
- 8) *Norrænn stýrihópur um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágs kattaríki.* Norræna ráðherranefndin ákvað í júní 2006 að setja á laggirnar stýrihóp sem ynni að gerð upplýsingaskiptasamninga við lágs kattaríki. Ráðinn var verkefnisstjóri og hófst vinna innan stýrihópsins sama haust. Stýrihópurinn hélt fjóra formlega vinnufundi auk þess sem fulltrúar stýrihópsins sátu undirbúningsfundi með fulltrúum frá Mön, Guernsey, Jersey, Aruba og Hollensku Antillaeyjum. Norðurlöndin undirrituðu tvíhliða upplýsingaskiptasamning við Mön í tengslum við þing Norðurlandaráðs í október sl.
- 9) *Norræna skattrannsóknarráðið.* Markmið skattrannsóknarráðsins er að stuðla að skattrannsóknnum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund árlega auk þess sem haldin er ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Ráðstefnan í ár var haldin í nóvember og var umfjöllunar efnið skattlagning launa- og fjármagnstekna og hvort stefna ætti að meira eða minna jafnræði á skattlagningu þessarra tekna.
- 10) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum.* Nefndin ræðir málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996 og þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmir túlkun hans sín á milli. Einn fundur var haldinn og náðist samkomulag um breytingar á samningnum. Stefnt er að undirritun hins nýja viðauka við norræna tvísköttunarsamninginn á fyrri helmingi ársins 2008.
- 11) *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna.* Fjárlagastjórar, þ.e. forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Fjallað er um þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina,

stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum auk þess að auðvelda samskipti milli fjármálaráðuneyta ríkja.

- 12) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen)*. Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Farið var yfir fjárlagafrumvarp ráðherranefndarinnar, sérstaklega í ljósi þeirra breytinga sem voru gerðar á fjárlagavinnu og framsetningu ráðherranefndarinnar. Nefndin lagði áherslu á að uppsafnað eigið fé ætti að notast til að lækka innborganir til ráðherranefndarinnar á næsta ári. Einnig að svokölluð „globaliseringssatsning“ eða áhersluverkefni í hnattvæðingu ættu að fjármagnast með breyttum forgangi innan ramma fjárlaga ráðherranefndarinnar.
- 13) *FUT-nefndin (delegationen mot felaktiga utbetalinger)* rannsakar umfang bóta- og tryggingasvika á Norðurlöndum svo og viðhorf til þeirra og aðgerðir gegn þeim. Nefndin mun skila skýrslu til ráðherranefndarinnar í apríl n.k. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins tók þátt í vinnunni fram í ágústmánuð en þá tók fulltrúi Tryggingastofnunar ríkisins við.
- 14) *Framleiðni í starfsemi hins opinbera*. Á ráðstefnu um framleiðnimælingar í opinberum rekstri, sem haldin var í október sl., var kynnt hvað gert hefur verið varðandi framleiðnimælingar á Norðurlöndum, farið yfir aðferðarfræði og niðurstöður verkefna kynntar. Fulltrúi Íslands fór stuttlega yfir stöðu mála á Íslandi og fór yfir hugmyndir um framleiðnimælingar á menntunarmálum. Litið var á ráðstefnuna sem grundvöll fyrir tengslaneti en ekki var ákveðið neitt um formlegt framhald.

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

- 1) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget)*. Fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin miðar að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánunni samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.
- 2) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar*. Tvær embættismannanefndir eru starfandi til að tengja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna við fulltrúaskrifstofu þeirra í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndirnar eru skipaðar fulltrúum frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin, norræna-baltneska fjármálanefndin (e. Nordic-Baltic

Monetary and Financial Committee), er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum. Hin nefndin, norræna-baltneska fulltrúanefndin (e. Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee Alternates), er undirnefnd þeirrar fyrri og í henni sitja fulltrúar þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð norrænum og baltneskum embættismönnum. Helsta verkefni nefndanna er að móta sameiginlega afstöðu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til mála í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og leggja þá afstöðu í hendur fulltrúa landanna í stjórninni. Þá undirbýr hún aðkomu landanna að ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft nán samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Ennfremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Rússlands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

13. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-M) byggir á framkvæmdaáætlunum sem endurskoðaðar eru á fjögurra ára fresti. Sú áætlun sem nú er í gildi var unnin undir formennsku Íslands árið 2004 og gildir til ársloka 2008.

Eftirtalin fjögur meginefni eru í brennidepli í áætluninni:

- Umhverfi og heilbrigðismál.
- Hafið.
- Náttúruvernd.
- Sjálfbær framleiðsla og neysla.

Loftslagsmál eru samþætt efni allra ofangreindra kafla í áætluninni og er því unnið að þeim með einum eða öðrum hætti í tengslum við efni kaflanna.

Framkvæmdaáætlunin er leiðsögurit fyrir samstarfið á norrænum vettvangi svo og á vettvangi annarra alþjóðlegra stofnana eins og t.d. ESB og Sameinuðu þjóðanna og einnig gagnvart svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Norðurskautsráðinu. Framkvæmdaáætlunina má finna á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar: www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2004796.pdf.

Með því að velja ofangreind efni vilja umhverfisráðherrarnir leggja áherslu

á mikilvægi þess að samþætta stefnumótun og ákvarðanir um umhverfismál við önnur svið samfélagsins. Í kaflanum um umhverfi og heilbrigðismál er lögð áhersla á þörf fólks og rétt til að búa í hreinu og heilbrigðu umhverfi. Í kaflanum um hafið er lýst mikilvægi auðlinda hafsins fyrir öll Norðurlönd og sett fram markmið um vistkerfisnálgun í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu hafsins og varðveita fjölbreytni í lífríki þess. Þriðji málaflokkurinn tekur til náttúru, menningarminja og útivistar og er þar lögð áhersla á líffræðilega fjölbreytni og aðgengi að náttúrunni. Í fjórða kaflanum um sjálfbæra framleiðslu og neyslu er fjallað um tengslin milli álags á umhverfið og hagvaxtar og mikilvægi þess að leita leiða til að rjúfa þau.

Vegna þeirra miklu og margháttuðu áhrifa sem talið er að hlýnun jarðar muni hafa á norðurskautssvæðin ákváðu norrænu umhverfisráðherrarnir að setja fram sérstaka stefnu varðandi heimskautssvæði til hliðar við framkvæmdaáætlunina í umhverfismálum. Markmiðið með þeirri stefnu er að leita leiða til að takmarka útblástur gróðurhúsalofttegunda á norðurslóðum og draga úr mengun frá hættulegum efnum. Stefnuna um málefni norðurskautsins er að finna á slóðinni: www.norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2006788.pdf. Á árinu var gerð úttekt á framkvæmd umhverfisáætlunarinnar. Niðurstöður sýna að unnið er að allflestum þeim markmiðum sem sett eru fram í áætluninni og er um þessar mundir unnið að rúmlega 200 verkefnum til að fylgja henni eftir.

Auk þeirrar forgangsröðunar sem fram kemur í umhverfisáætluninni fjalla umhverfisráðherrarnir og taka ákvarðanir um ýmis önnur mál sem eru ofarlega á baugi á alþjóðavettvangi eða á Norðurlöndum hverju sinni.

Umræða um loftslagsmál var ofarlega á baugi á öllum fundum umhverfisráðherranna á árinu. Ráðherrarnir eru sammála um að ná þurfi samstöðu um harðari aðgerðir á alþjóðavísu til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2012. Samstaða er um að mikilvægustu aðgerðirnar til að draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið séu aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa, minni orkunotkun og þróun nýrrar tækni. Norrænu löndin munu leggja á eitt um sameiginlegar aðgerðir og stefnumótun varðandi loftslagsmálin og er þegar hafin vinna við sameiginleg verkefni í tengslum við fyrirhugaðan samningafund Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn árið 2009.

Í tengslum við ársfund Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) í febrúar gaf Norræna ráðherra nefndin út og dreifði upplýsingaefni um kvikasilfur. Sjá: www.norden.org/kemikaliegruppen/sk/Hg_English_LOW.pdf.

Upplýsingunum var m.a. ætlað að styðja tillögu sem Noregur, Ísland og fleiri lönd fluttu á fundinum um að hafin verði vinna við að gera alþjóðlegan skuldbindandi samning um kvikasilfur. Jafnframt hafa umhverfisráðherrarnir unnið að því innan vébanda Stokkhólmssamningsins svokallaða um takmörkun á losun þrávirkra lífrænna efna að fleiri efni verði tekin inn í hann en þau tólf sem hann tekur til nú.

Norræna embættismannanefndin um umhverfismál (EK-M) hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd áætlunarinnar auk þess sem hún undir-

býr ráðherrafundi og fylgir eftir ýmsum verkefnum sem ráðherranefndin felur henni.

Á vegum ráðherranefndarinnar starfa auk þess fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir vinnuhópar sem hafa það hlutverk að fylgja eftir markmiðum umhverfisáætlunarinnar. Vinnuhóparnir gefa út skýrslur og efna til ráðstefna og málþinga um ýmis fagleg málefni sem tengjast starfssviðum þeirra. Skýrslur og niðurstöður frá ráðstefnum og fundum hópanna nýtast við stefnumótun í löndunum og sem sameiginlegt framlag Norðurlanda m.a. í samningaviðræðum á alþjóðavettvangi svo og í vinnu við innleiðingu gerða ESB. Vinnuhóparnir halda fundi tvisvar til þrisvar á ári til að móta starf sitt og fylgja eftir verkefnum. Sjá nánar síðar um störf einstakra vinnuhópa.

Á árinu 2008 hefst vinna við að semja nýja umhverfisáætlun fyrir tímabilið 2009–2013.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn hefur verið við lýði á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar síðan 1989 sem opinbert umhverfismerki Norðurlanda. Svanurinn hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndum. Á liðnum árum hefur vörum með Svaninum fjölgað á Íslandi og nokkur fyrirtæki hafa öðlast leyfi til að merkja vörur sínar eða þjónustu með Svaninum.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir Norrænu ráðherranefndina um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO í kafla 17.2).

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun.

Í nóvember 1998 gáfu norrænu forsætisráðherrarnir út sameiginlega yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Í kjölfar yfirlýsingarinnar samþykktu þeir áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Ytri rammi áætlunarinnar nær til ársins 2020 en meginmarkmið hennar eru endurskoðuð á fjögurra ára fresti án þess að hróflað sé við langtímamarkmiðunum. Í áætluninni er lögð áhersla á samþættingu meginhugtakanna þriggja í sjálfbærri þróun, þ.e. umhverfismála, efnahagsmála og félagsmála. Á núgildandi tímabili sem nær til ársloka 2008 eru eftirtalin þverfagleg svið í brennidepli: Sjálfbær neysla og framleiðsla, félagsmál, loftslagsmál, líffræðileg fjölbreytni, hafið, efni og efnavörur og öryggi matvæla. Stýrihópur með fulltrúum allra landanna fylgist með framkvæmd stefnunnar og fylgir henni eftir. Stefnuna um sjálfbæra þróun er að finna á eftirfarandi slóð: www.norden.org/pub/ovrigt/baeredygtig/sk/ANP2004781.pdf.

Ríkisstjórnir norrænu landanna bera meginábyrgð á að fylgja eftir þeim markmiðum og verkefnum sem eru í brennidepli á hverju tímabili en fagráðherranefndir á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar bera einnig ábyrgð á framkvæmd hennar og móta því starf sitt með hliðsjón af þeim áherslum sem koma fram í áætluninni. Umhverfissviðið gegnir mikilvægu hlutverki

við að fylgja stefnunni eftir og mótast allt starf vinnuhópanna af því. Á árinu var unnin stöðuskýrsla um framkvæmd áætlunarinnar. Skýrslan var unnin á Íslandi og sýnir m.a. að umhverfissviðið hefur lagt mikið af mörkum við að fylgja áætluninni eftir.

Í skýrslunni eru ábendingar og tillögur um áframhaldandi starf að sjálfbærri þróun á Norðurlöndum og mun hún verða nýtt sem grunnur að vinnu við samninga milli landanna um nýtt tímabil (2009–2013). Stöðuskýrsluna er að finna á slóðinni: norden.org/pub/miljo/miljo/sk/ANP2007749.pdf.

Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda.

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna starfa fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem starfa með öðrum fagsviðum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Vinnuhóparnir gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd norrænu umhverfisáætlunarinnar og áætlunarinnar um sjálfbæra þróun. Á þeirra vegum eru unnar skýrslur um ýmis málefni og eru skýrslurnar nýttar til að undirbyggja stefnumörkum í löndunum en oftast en ekki eru slíkar skýrslur sameiginlegt framlag Norðurlanda á alþjóðavettvangi, t.d. í samningaviðræðum eða innan ESB. Einnig standa vinnuhóparnir fyrir ráðstefnum og málþingum um ýmis efni. Skýrslur vinnuhópanna um starfið á undanförunum árum er að finna á slóðinni: www.norden.org/pub/sk/index.asp?vis=alle&subject=Milj%F8&publang=&lang=&p_id=928.

Vinnuhópur um umhverfi hafs og lofts.

Innan ramma norrænu áætlunarinnar í umhverfismálum 2005–2008 vinnur hópurinn að verkefnum sem stuðla að aukinni þekkingu sem getur nýst sem norrænt framlag til stefnumótunar í alþjóðlegum stofnunum og samningum er lúta að mengun hafs og andrúmslofts. Meðal alþjóðlegra samninga sem starf hópsins tengist má nefna samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution, LRTAP), samninginn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic, OSPAR), Helsingforssamninginn um vernd Eystrasaltsins (HELCOM) og Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni. Þá hefur hópurinn einnig samvinnu við AMAP (Arctic Monitoring and Assessment Programme) sem er einn af vinnuhópum Norðurskautsráðsins. Helstu verkefni sem tengjast ESB varða loftgæði og tilskipanir um útblástur, mótun evrópskrar stefnu um málefni hafsins og framkvæmd rammatilskipunar um vatn. Unnið verður að 16 verkefnum á árinu 2008, þar af eru 13 ný. Meðal þessara verkefna eru fimm verkefni sem varða loftmengun, fjögur verkefni um ofauðgun af völdum næringarefna og fjögur verkefni varðandi þrávirk lífræn mengunarefni.

Vinnuhópur um efni og efnavörur.

Vinnuhópurinn um efni og efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Markmið starfsins er að notkun efna hafi

ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði stöðvuð.

Flest verkefni hópsins nýtast í alþjóðlegu samstarfi einkum í tengslum við löggjöf ESB. Verkefni eru fjölbreytt en beinast m.a. að því að safna upplýsingum um efni og gera þær aðgengilegar, þróa aðferðir til að meta áhættu og vinna að ráðstöfunum til að draga úr notkun hættulegra efna. Á liðnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á verkefni er tengjast nýrri efnalöggjöf í Evrópu (REACH) og væntanlegri löggjöf um samræmdar alþjóðlegar merkingar á eiturefnum og hættulegum efnum og efnavörum sem innihalda slík efni (GHS, Globally Harmonized System of Classification and Labelling of Chemicals).

Eftt var til ráðstefnu um nanóefni sem eru nýtt viðfangsefni í hópnum.

Á vegum hópsins starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í flestum þeirra. Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna hafa verið gefnar út sem skýrslur, fræðsluefni og prófunaraðferðir. Gagnabankar sem unnið er að gegna æ mikilvægara hlutverki fyrir sérfræðinga á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar enda eru þeir mikilvæg verkfæri fyrir stjórnvöld og aðra sem þurfa að afla upplýsinga um notkunarsvið og áhrif af notkun efna. Mikilvægustu gagnabankarnir eru SPIN (um efni í vörum á markaði á Norðurlöndum), N-klass og H-klass um hættuflokkun og áhættumat á efnum sem eru skaðleg fyrir umhverfi og heilsu og eru notuð í löndum ESB. Gagnabankarnir eru aðgengilegir á veraldarvefnum. Birt var skýrsla með samanburði á skráningu efnavara í Skandinavíu og efnaskráningu vegna REACH. Einnig var gefið út upplýsingarit um kvikasilfur og um ósoneyðandi efni og áhættu vegna aukinnar útfjólublárrar geislunar.

Vinnuhópur um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Norrænt samstarf að umhverfismálum á rætur að rekja til starfs á sviði náttúruverndar, líffræðilegrar fjölbreytni og útivistar. Vinnuhópurinn um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi gegnir lykilhlutverki við að fylgja eftir áherslum umhverfisáætlunarinnar varðandi líffræðilega fjölbreytni og náttúruvernd. Meginverkefni hópsins eru:

- Að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni þ.m.t. erfðaauðlinda.
- Að vinna að samþættingu náttúruverndar og menningarumhverfis þ.m.t. landslags.
- Að standa vörð um möguleika fólks og þá sérstaklega barna til útivistar með heilsuverndarsjónarmið og almannarétt að leiðarljósi.

Af þeim verkefnum sem lokið var á árinu má nefna verkefni um uppblástur og ofbeiti sem m.a. var kynnt á ráðstefnu í tilefni af 100 ára afmæli landgræðslu á Íslandi. Þá lauk verkefni um ástand sjófuglastofna í Atlantshafi. Unnið er að tveimur verkefnum sem miða að því að koma í veg fyrir frekari hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Í öðru þeirra verkefna eru norræn sveitarfélög þátttakendur, m.a. íslensk, og er markmið verkefnisins að skilgreina hvað sveitarfélög geta lagt af mörkum til að koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Hitt verkefnið mun kynna ástand ýmissa stofna dýra og plantna og greina hvað hefur skilað árangri og hvað hefur tekist miður vel.

Vinnuhópurinn hefur veitt fjárstuðning til að skipuleggja stutt námskeið um vernd menningarminja. Hefur eitt slíkt námskeið verið haldið hér á landi og var það skipulagt af Fornleifavernd ríkisins.

Auk þess sem hér er nefnt stýrir vinnuhópurinn fjölda verkefna bæði á sviði náttúruverndar og útivistar og má þar sem dæmi nefna verkefni sem tengjast útivist barna, landslagsverkefni og verkefni um notkun lífrænna orkugjafa og áhrif þeirra á umhverfið.

Vinnuhópur um vörur og úrgang.

Verkefni hópsins lúta að umhverfissvænni vörubrúun, hreinni framleiðslu-tækni og meðferð úrgangs. Vinna í hópnum fer að miklu leyti fram í verkefna- og tengiliðahópum sem stýra tilteknum verkefnum og miðla upplýsingum innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið ef EES-samningnum. Nefndin hefur m.a. unnið að verkefnum er lúta að umhverfisstjórnun, bestu fánlegu tækni og umhverfismálum í litlum samfélögum. Á árinu var unnið áfram að verkefni um umhverfisstjórnun í dreifðum byggðum og var verkleg- um þætti verkefnisins ýtt úr vör á Íslandi, í Færeyjum og á Álandseyjum. Á Íslandi taka 6 framleiðslufyrirtæki þátt í fyrsta hluta verkefnisins um umhverfisstjórnun í litlum fyrirtækjum. Undir lok árs var hafinn undirbún- ingur að næsta þætti verkefnisins og nokkur fyrirtæki á Íslandi hafa lýst áhuga á að vera með.

Lokið var við verkefni um sorphirðuáætlanir í höfnum. Verkefnið var unnið hér á landi og náði til Íslands, Færeyja og Norður-Noregs og var í framhaldi af því gefinn út bæklingur um sorphirðuáætlanir fyrir hafnir og úrgang frá skipum. Efnt var til ráðstefnu í Færeyjum síðla árs um úrgang frá skipum og móttöku úrgangs í höfnum. Í lok október var haldin málstofa í Hafnarfirði um störf starfshópsins um umhverfismál í litlum samfélögum. Málstofuna sóttu fulltrúar frá Íslandi, Færeyjum, Álandseyjum, Norður-Noregi og Norður- Finnlandi. Markmið ráðstefnunnar var að fara yfir starfið hingað til, að móta tillögur um áherslur á næstu misserum og þróa hugmyndir og tillögur sem gætu nýst í næstu norrænu umhverfisáætlun fyrir árin 2009–2012.

Málstofa um spilliefni og norræna samvinnu á því sviði var haldin í Noregi í september með fulltrúum allra Norðurlanda. Þar var m.a. farið yfir verklega þætti Baselsamningsins um flutning úrgangs milli landa. Mikil umræða er um flokkun á notuðum rafmagnsvörum og rafmagnsvöruúrgangi. Ákveðið var að setja á laggirnar sérfræðingahóp til eins árs með fulltrúum frá hverju landi þar sem ljóst er að þetta er sameiginlegt verkefni sem mikilvægt er að ræða á norrænum vettvangi. Loks var farið yfir hugmyndir vinnuhópsins um áherslur í næstu umhverfisáætlun með hliðsjón af forgangsöröðun verkefna innan nefndarinnar.

Vinnuhópur um umhverfissvöktun og meðferð gagna.

Vinnuhópurinn leggur höfuðáherslu á þrjú málaflokka; líffræðilega fjöl- breytni, þrávirk lífræn efni (POPs) og verkefni sem tengjast rammatilskipun ESB um vatn. Verkefnunum má skipta í þrjú flokka: 1) undirbúningsvinnu til að greina þörf fyrir ný vöktunarverkefni m.a. með rannsóknum á útbreiðslu,

2) vöktun, en í henni felst m.a. þróun aðferða og gæðastjórnun vöktunargagna og 3) samhæfingu vöktunaraðferða, úrvinnslu og nýtingu gagna með því að þróa umhverfisvísa sem notaðir eru til að miðla upplýsingum um niðurstöður vöktunarverkefna auk gerð líkana og sviðsmynda þar sem vöktunargögn eru notuð til þess að segja fyrir um þróun.

Verkefni vinnuhópsins er m.a. að mynda þekkingarnet varðandi ágengar tegundir, að kortleggja vistgerðir og vakta þær, að greina áhættu vegna efna- og lyfjanotkunar í sjávareldi, að efla notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við flokkun strandsvæða, að meta aðferðir og vöktunargögn vegna lífrænna efna í lofti og úrkomu og að gera samanburðarúttekt á þrávirkum lífrænum efnum og afleiðum þeirra í lífríki á Norðurlöndum.

Vinnuhópurinn er ábyrgur fyrir samræmingu á langtímavöktun á Norðurlöndum og styður sambærileg verkefni á grannsvæðunum. Öll verkefni vinnuhópsins skulu unnin í samstarfi við aðra vinnuhópa á umhverfissviðinu eða vera verkefni sem ráðherranefndin eða embættismannanefndin óskar sérstaklega eftir að verði unnin.

Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við önnur svið:

Vinnuhópur um loftslagsmál.

Í samstarfshópnum um loftslagsmál sitja fulltrúar frá bæði umhverfis- og orkugeiranum. Hópurinn vinnur að verkefnum sem varða stefnumörkun og því að greiða fyrir framkvæmd Loftslagssamningsins og Kyoto-viðaukans. Einnig leggur hópurinn áherslu á stefnumótun á sviði loftslagsmála eftir að Kyoto-tímabilinu lýkur í árslok 2012. Gefnar voru út sex skýrslur á síðastliðnu ári. Auk þeirra hafa fjórar skýrslur verið samþykktar til birtingar og unnið er að fjórum skýrslum til viðbótar. Nefndin hefur einnig staðið fyrir málstofum um tiltekin málefni.

Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál.

Vinnuhópur starfar á vegum ráðherranefndanna um umhverfismál annars vegar og efnahagsmál hins vegar (sjá nánar um vinnuhópinn í kafla 12).

Vinnuhópur um fiskveiðar og umhverfismál.

Vinnuhópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá hverju norrænu landanna, frá umhverfis- og sjávarútvegsyfirköldum. Hlutverk hópsins er að ræða nýjungar, stefnumótun og samstarf á þessu sviði og stýra verkefnum sem miða að því að styrkja þátt umhverfismála í sjávarútvegi og við vernd hafsvæða.

Megináherslur í starfi nefndarinnar undanfarið ár hafa tekið mið af stefnumótun í umhverfismálum, sjáfbærri nýtingu og líffræðilegri fjölbreytni og sjávarútvegi. Helstu verkefni hafa verið á sviði auðlindanýtingar, líffræðilegrar fjölbreytni, betri tækni, verndar viðkvæmra hafsvæða, mengunar- og heilbrigðismála í sjávarútvegi auk alþjóðlegs samstarfs um þessi málefni.

Vinnuhópur um umhverfi, landbúnað og skógrækt.

Hópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá hverju norrænu landanna, frá umhverfisyfirköldum og úr landbúnaðar- og skógræktargeiranum. Hlutverk

nefndarinnar er að ræða nýjungar, stefnumótun og samstarf á þessu sviði og stuðla að verkefnum sem miða að því að styrkja samþættingu umhverfismála í landbúnaði og skógrækt.

Megináherslur í starfi nefndarinnar undanfarin ár hafa tekið mið af stefnumótun í umhverfismálum, sjálfbærri þróun og landbúnaðar- og skógræktarmálum. Helstu verkefni hafa verið á sviði auðlindanýtingar, líffræðilegrar fjölbreytni, jarðvegseyðingar, nýrra framleiðslaðferða, menningarlandslags og alþjóðlegs samstarfs.

Vinnuhópur um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Vinnuhópurinn er þverfaglegur samstarfsvettvangur aðila sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Neytendasjónarmið eru til umfjöllunar í nefndinni á sama hátt og verið hefur þrátt fyrir að þau mál hafi ekki sömu stöðu innan Norrænu ráðherranefndarinnar og áður.

Meginmarkmiðið með starfi nefndarinnar er að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Áherslur í starfi nefndarinnar á árinu beindust að vistvænum innkaupum, umhverfisupplýsingum og sjálfbærum lífsstíl svo og umhverfistækni.

Meðal annars var unnið verkefni sem miðaði að því að styrkja stöðu norræna umhverfismerkisins Svansins. Ísland átti frumkvæðið að þessu verkefni og var það fjármagnað sameiginlega af Norrænu ráðherranefndinni og Umhverfisstofnun en kannanir höfðu sýnt að hlutfallslega færri Íslendingar þekktu Svaninn en íbúar annars staðar á Norðurlöndum. Verkefnið nýtist einnig til almennrar kynningar á Svaninum á Norðurlöndum og í nágrannalöndum. Um þessar mundir tekur hópurinn þátt í verkefni um endurskoðun á Svansmerkinu.

Lokið var við verkefni um umhverfisupplýsingar í ársreikningum og verkefni með góðum dæmum um sjálfbæra neyslu. Eftir var til málstofu í Kaupmannahöfn fyrir raftækjageirann og var þar aðallega fjallað um græna markaði og hreinni tækni.

14. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvælamál og skógrækt

Starfið innan Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt (MR-FJLS) er nú óðum að taka á sig fastmótaða mynd en það hefur á umliðnum árum verið endurskipulagt. Um leið voru sameinaðar þær aðgreindu ráðherranefndir sem fyrir voru og allar embættismannanefndirnar undir ráðherranefndinni sameinaðar í eina deildskipta embættismannanefnd (EK-FJLS).

Í formennskuáætlun Finna kemur fram að leitast skuli við að styrkja möguleika Norðurlanda á að svara alþjóðlegum áskorunum. Í áætluninni er lögð áhersla á að tryggð verði virkni norræna líkansins. Sérstaklega er rætt um þörfina á áframhaldandi þróun samkeppnishæfni og velferðar; menntun, menningu, félags- og heilbrigðisþjónustu ásamt jafnrétti. Samhliða því er

lögð áhersla á að auka sýnileika Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Þá er einnig fjallað um norræna orkustefnu, loftslagsbreytingar, aðgerðir gegn stjórnsýslu-hindrunum á Norðurlöndum auk þess sem lögð er áhersla á frjálsa för fólks milli norrænu landanna. Þá er sérstaklega fjallað um ástand Eystrasaltsins.

Árlegur sumarfundur ráðherranefndarinnar var haldinn í Björneborg (Pori) í Finnlandi þann 28. júní og í tengslum við hann voru ráðstefnur og fundir. Á ráðherrafundinum var almenn umræða um ástand þorsstofnsins í Eystrasalti, um markaðsfærslu matvæla gagnvart börnum og ungmennum og um lífrænt eldsneyti. Fjallað var um stefnumótun á eftirfarandi sviðum: Almenn þróun-aráætlun fyrir dreifbýlissvæði, endurskipulagning samstarfs um erfðaauðlindir, nýr norrænn matur og svokölluð kjarnaviðfangsefni ráðherranefndarinnar, einkum þar sem fyrir dyrum stendur að semja nýja starfsáætlun fyrir ráðherra-nefndina fyrir tímabilið 2009–2012.

Sjávarútvegsmál.

Starfið innan sjávarútvegsdeildarinnar var með mjög hefðbundnum hætti. Sérstök málefni sem upp voru tekin sneru fyrst og fremst að áhersluatriðum í formennskuáætlun Finna en samkvæmt henni var athyglinni beint mjög eindregið að ástandi mála í Eystrasalti, samanber umræðu um ástand þorsstofnsins sem greint er frá hér framar. Eftt var til ráðstefnu um seli í Eystrasalti þar sem offjölgun þeirra er farin að valda skaða á lífríkinu. Selurinn er einnig farinn að gera sig mjög heimakominn á svæðum þar sem hann sást ekki áður, s.s. baðsvæðum og skynjar að því er virðist enga ógn af mannum. Unnið var að því að móta stefnu deildarinnar gagnvart samstarfinu um erfðaauðlindir en sjávarútvegsdeildin er nú orðin hluti af þeim samstarfsvettvangi.

Landbúnaður.

Sameining Norræna genabankans fyrir nytjaplöntur (NGB), Norræna genabankans fyrir búpening (NGH) og Norrænu frænefndarinnar í skógrækt (NFPR) í eina stofnun, þ.e. „Nordisk genresurscenter – NordGen“ var stærsta viðfangsefni innan landbúnaðardeildar ráðherranefndarinnar á árinu en á sumarfundinum var endanlega gengið frá áætlun um sameininguna. Þessi ákvörðun á sér langan aðdraganda en mikilvægir þættir í ferlinu voru unnir undir formennsku Noregs árið 2006. Gengið hefur verið frá skipun bráðabirgðastjórnar yfir hinni nýju stofnun og ráðinn forstjóri sem tók til starfa 1. janúar sl. Starfið í landbúnaðardeildinni var að öðru leiti með hefðbundnum hætti.

Matvælamál.

Markmiðið með samstarfinu í matvælamálum er að vernda heilbrigði neytenda, koma í veg fyrir villandi merkingar og að hvetja til neyslu hollra matvæla. Samstarfinu er ætlað að stuðla að því að varðveita og þróa fagþekkingu og vísindalega sérfræðikunnáttu á sviði matvæla. Fulltrúar yfirvalda á Norðurlöndum sem fara með matvælamál hittast reglulega á vettvangi norrænu embættismannanefndarinnar um matvæli. Nefndin fjallar um fjölmörg álitamál sem snerta matvæli, matvælaeftirlit og löggjöf og ákveður hvaða

verkefni eigi að styrkja. Áherslur nefndarinnar beinast meðal annars í auknum mæli að velferð barna og ungmenna og hvernig má koma í veg fyrir vaxandi offituvandamál í þessum aldurshóp.

Ísland hefur tekur þátt í starfi allra fastanefnda matvælanefndarinnar svo og undirnefnda og verkefnahópa. Vinnunefndirnar hafa að jafnaði fundað tvisvar á ári og hefur þátttaka í norrænum verkefnahópum ávallt verið talin mjög mikilvægur þáttur í starfi íslenskra matvælayfirvalda. Með samstarfinu hefur myndast gott tengslanet við starfsmenn norrænna matvælastofnana sem nýst hefur vel við lausn sameiginlegra vandamála varðandi matvælalöggjöf, eftirlit, áhættumat ofl.

Á vegum nefndarinnar komu út fjölmargar skýrslur sem birtar eru á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Markaðssetning matvara og offita barna.
- Greining, tíðni og eituráhrif amínósýra (β -metýlamínóalanín).
- Flutningur sláturdýra.
- Samanburður á kostnaði og eftirliti í sláturhúsum á Norðurlöndum.
- Merkingar matvæla.
- Samræmdar aðferðir við rannsóknir á díoxíni í matvælum.

Skógrækt.

Skógræktardeildin hélt fjóra fundi á árinu. Á fundunum gerðu löndin grein fyrir starfi er lýtur að skógræktarmálum hjá hverju þeirra. Helstu atriði sem nefndin fjallaði um voru eftirfarandi:

Niðurstaða ráðstefnu á vegum norrænu skógarmálaráðherranna árið 2005 og eftirfylgni hennar. Fyrst og fremst var um að ræða eftirtalið:

- Að efla samræðu um skóga á hverjum stað, meðal íbúa, yfirvalda, skógar- eigenda, atvinnulífs og félagasamtaka, m.a. til þess að gera staðbundin og svæðisbundin verðmæti skóga sýnilegri og með því að hvetja sveitarfélög til þess að taka ábyrgð á gildum skógarins innan þeirra marka sem lögsaga þeirra nær til. Til að framfylgja þessu er samnorræn nefnd að störfum.
- Að þróa frekar möguleika sveitarfélaga til þess að færa sér í nyt skóga til útivistar og til þess að fegra umhverfi þeirra, bæta þjónustu sveitarfélaga í skógunum, þróa enn frekar möguleika almennings til að njóta útiveru, m.a. með hliðsjón af þörfum ólíkra hópa í hverju samfélagi.

Þá var rætt um skipulag norrænnar samvinnu um erfðaauðlindir. Einnig var fjallað um lífræna orku, hvernig megi auka hlut hennar og hvaða hlutverki skógarnir gegna þar að lútandi. Á fundunum var á dagskrá samstarf við Eystrasaltsríkin en það er að aukast og vilji fyrir hendi af þeirra hálfu til að efla það enn frekar.

Ákveðið hefur verið að haldin verði á Íslandi ráðstefna norrænu skógarmálaráðherranna á árinu 2008 svipuð ráðstefnunni sem haldin var árið 2005. Fulltrúar Íslands og Svíþjóðar, sem fer þá með formennsku í ráðherranefndinni, munu annast undirbúning hennar og framkvæmd í samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

15. Samstarf við nágrannasvæðin

Í *Norðvestur-Rússlandi* hefur Norræna ráðherranefndin lagt áherslu á uppbyggingu tengslaneta á sviði menntunar og rannsókna, félags- og heilbrigðismála, umhverfismála, landamærasamstarfs og þróunar lýðræðis. Áætlun um þekkingaruppbyggingu og myndun tengslaneta er farin vel af stað. Borgarstjórn St. Pétursborgar og Norræna ráðherranefndin hafa gert með sér samstarfssamning á sviði jafnréttismála og félags- og heilbrigðismála, þar sem áhersla er lögð á aðgerðir gegn mansali og félagslegum vanda. Samstarfið við stjórnámálamenn og frjáls félagasamtök er ekki síður mikilvægt enda hefur Norðurlandaráð lagt á það mikla áherslu.

Eftir inngöngu *Eistlands, Lettlands og Litháen* í ESB fer samstarfið við þau lönd fram á jafnræðisgrundvelli og á sér nú einungis stað á þeim sviðum sem allir aðilar hafa hag af.

Norræna ráðherranefndin hefur á árinu lagt áherslu á að þróa sameiginleg skiptidvalarkerfi, ekki síst NordPlus rammaáætlunina sem Norðurlandaráð samþykkti á þingi sínu sl. haust. Samningur hefur verið gerður um rannsóknir á sviði upplýsingatækni. Norræna ráðherranefndin og Eystrasaltsríkin eiga aðild að tengslaneti um nýsköpun á Eystrasaltssvæðinu, svokölluðu BSR INNOnet verkefni, sem hefur það að markmiði að þróa sameiginlega klasa á sviði atvinnulífsins. Rannís er fulltrúi Íslands í verkefninu.

Bæði Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hafa margsinnis lýst yfir vilja til að sameinast um að efla Eystrasaltssvæðið til að það geti mætt áskorunum alþjóðavæðingarinnar.

Ný stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um *samstarf við frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu* hefur hleypt lífi í samstarfið milli frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum, í Póllandi, Eystrasaltsríkjunum, Norðvestur-Rússlandi og Hvíta-Rússlandi. Stefnan virðist vera árangursríkt tæki til að styrkja borgaralegt samfélag þar.

Í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB veitir ráðherranefndin áfram fjármagn til að mennta 550 hvítrússneska námsmenn við *útlagaháskólann European Humanities University (EHU)* í Vilnías og í styrkjakerfi fyrir unga Hvítrússa sem eru við nám í Úkraínu og geta af pólitískum ástæðum ekki lokið námi í heimalandinu. Norðurlönd vilja leggja sitt af mörkum til að EHU geti einnig í framtíðinni boðið ungum Hvítrússum upp á nám sem byggir á evrópsku gildismati. Samstarfið við framkvæmdastjórn ESB og ESB-löndin auk bandarískra og annarra styrktaraðila er afgerandi fyrir þátttöku Norrænu ráðherranefndarinnar í starfseminni. Í lok árs voru lagðar fram tillögur um að stofna styrktarsjóð fyrir styrkveitingarnar til EHU.

Í samstarfi við Eystrasaltsráðið og framkvæmdastjórn ESB vinnur Norræna ráðherranefndin að tveimur verkefnum sem hafa sem markmið að styrkja *landamærasamstarf* á Eystrasaltssvæðinu. Baltic Euroregional Network East (BEN-EAST), sem stofnað var til í maí sl., vinnur að því að laða að rússneska og hvítrússneska samstarfsaðila. Ráðherranefndin hefur og ákveðið að styrkja framhald BEN-verkefnisins, sem var ýtt úr vör í samvinnu við Eystrasaltsráðið

og framkvæmdastjórn ESB fyrir tveimur árum. Markmið beggja verkefna er að stuðla að landamærasamstarfi.

Hlutverk Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA) hefur verið styrkt með því að setja fjárveitingar til starfseminnar undir sérstakan fjárlagalið á norrænum fjárlögum. Hlutverk nefndarinnar er að samræma þá vinnu sem fer fram um þverfagleg stefnumótandi verkefni til hagsbóta fyrir *Vestur-Norðurlönd* (sjá nánar um NORA í kafla 10).

Á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar er unnið að því að breikka samstarfið við önnur svæðisbundin ráð og samtök til að komast hjá tvíverkn- aði í starfsemi þeirra. Samstarf er hafið við *Barentsráðið* um sameiginleg verkefni til stuðnings samíska samfélaginu í Rússlandi og um að rannsaka afleiðingar veðursfarsbreytinga á vistkerfi Barentssvæðisins. Í samstarfi við *Eystrasaltsráðið* hefur ráðherranefndin ákveðið að koma á samvinnu við háskólann í Pskov, sem verður hluti af samstarfi háskóla á Eystrasaltssvæðinu (Eurofaculty). Markmiðið er að taka þátt í að nútímavæða menntun á háskóla- stiginu, en Rússar fagna því framtaki og styrkja fjárhagslega.

Samstarf við *Norðurskautsráðið* fer fram samkvæmt norðurskautsáætlun ráðherranefndarinnar, sem styrkti um 20 verkefni með u.þ.b. 8 millj. d.kr. á árinu til stuðnings alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2009. Meðal þeirra verkefna sem unnið er að eru verkefni á sviði loftslagsrannsókna á norðurskautssvæðinu. Starfsemi ráðherranefndarinnar á norðurskautssvæðinu var metin og niðurstaðan var jákvæð.

Ráðherranefndin hefur á árinu einnig haft samráð við Visegrad-löndin, Bandaríkin, Kanada o.fl. þar sem áhersla er lögð á málefni norðurskautsins. Samstarf við ESB hefur verið eflt á mörgum sviðum, m.a. varðandi nýsköpun, sjálfbæra þróun, menntun og rannsóknir.

16. Norrænar stofnanir á Íslandi

16.1 Norræna húsið

Starfsemi Norræna hússins var með fremur óhefðbundnum hætti á árinu. Nýr forstjóri, Max Dager frá Svíþjóð tók til starfa í janúar. Hann tók við starfinu af Gro Kraft frá Noregi sem gegnt hafði stöðunni sl. fjögur ár.

Nýr forstjóri hússins hefur verið ötull við að kynna Norræna húsið og norrænt samstarf fyrir ýmsum menningarstofnunum og samtökum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Það hefur m.a. leitt af sér að ýmsir stórir menningarviðburðir hafa farið fram í Norræna húsinu. Sem dæmi um þátttöku forstjórans í menningarstarfsemi á landsbyggðinni má nefna „Sænska daga“ á Húsavík sl. sumar og fyrirlestur á vegum Menningarmiðstöðvar Austurlands á Egilsstöðum um norrænt samstarf.

Norræna húsinu var lokað í tvo mánuði vegna viðgerða. Salerni og pípulagnir voru orðin úr sér gengin enda ekki verið endurnýjuð síðan húsið var opnað árið 1968. Húsið var því lokað á tímabilinu 17. júní–18. ágúst. Að loknum viðgerðum var húsið opnað að nýju með nýu daga norrænni menningarhátíð.

Tónleikar og sýningar:

Tónleikar: Að vanda var haldinn fjöldi tónleika. Margir voru á vegum aðila sem leigðu aðstöðu í húsinu, bæði innlendra og erlendra. Að auki halda ýmsar stofnanir og tónlistarsamtök fundi og tónleika í húsinu, s.s. Hádegistónleikar Háskóla Íslands, 15:15 tónleikaröðin, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Suzuki tónlistarskólinn, Listaháskóli Íslands, Wagner samtökin o.fl.

Eftirfarandi norrænir tónlistarmenn héldu tónleika:

- „Edith Söndergran – Ég stend á sól“. Iris Ensemble frá Finnlandi fluttu verk finnsku skáldkonunnar Edith Söndergran í tónum og tali.
- Tónlistarhópurinn „Lava“, þrír ungir tónlistarmenn frá Noregi og Íslandi.
- „Myrkir músikdagar“. Michael Clarke og Þórarinn Stefánsson píanóleikari.
- Danski píanóleikarinn Anne Öland hélt tónleika í mars.
- Í apríl hélt íslensk-færeyska tríóið „Trisfo“ útgáfutónleika.
- „Mosjöen Mannskor“ frá Helgeland í Noregi hélt tónleika í apríl.
- Sumartónleikar „Vox Borealis“, kórs ungmennadeildar Norræna félagsins.
- „Karis“ kórinn frá Finnlandi ásamt kvennakvartettinum „Alla Breve“ héldu tónleika í júní.
- Söngtónleikarnir „Í skugga Griegs“ voru haldnir í september. Flytjendur voru norski tenórsöngvarinn Harald Björköy og Selma Guðmundsdóttir píanóleikari. Tónleikarnir voru samvinnuverkefni Griegakademiunnar í Björgvin, Norræna hússins og Laugarborgar í Eyjafirði.
- „Ung Nordisk Musikk 2007“ héldu tónleika í byrjun september. Fluttur var fjöldi nýrra verka eftir ung norræn tónskáld.
- Í október hélt Kvennakórinn Embla tónleika þar sem flutt var tónlist eftir Edvard Grieg.

Sýningar: Flestar listsýningar sem haldnar eru í húsinu eru í sýningarsölum í kjallaranum eða í anddyri hússins.

- Í byrjun ársins hélt finnski ljósmyndarinn Susanna Majuri sýningu sem hún nefndi: „Þið þessi norrænu“.
- Ljósmyndarar alls staðar að á Norðurlöndum tóku þátt í ljósmyndasýningunni „Cityborderlands – Nordic Art Photography“ sem haldin var á tímabilinu janúar – mars. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Margaretha Sandström og Peter De Wit eru silfur- og gullsmiðir sem búsettir eru í Svíþjóð. Þessir tveir listamenn hafa haldið sýningar víða um heim og hafa sýningar þeirra hvarvetna vakið mikla athygli. Þau sýndu listmuni sína í Norræna húsinu í mars og apríl.
- „List án landamæra“ stóð yfir í apríl/maí. Að baki listahátíðinni standa Landssamtökin Proskahjálp, Fjölmenn, Átak, Öryrkjabandalag Íslands og Hitt Húsið.
- Samtímalistsýningin „[náttúrulega]“ var haldin í húsinu í september. Sýningunni var hleypt af stokkunum í Norðurlandahúsinu í Færeyjum sl. sumar. Sautján rótgrónir listamenn frá Færeyjum, Danmörku, Noregi,

Grænlandi og Íslandi áttu verk á sýningunni. Þema sýningarinnar var náttúran og voru listamennirnir hvattir til að gera því skil frá öllum hugsanlegum sjónarhornum. Norðurlöndin í fókusi styrkti.

- Sýningin „form.ax“ frá Álandseyjum var haldin í sambandi við menningarhátíðina Reyfi. Markmið sýningarinnar er að gefa heildstæða mynd af álenskri hönnun, gæðum hennar og nýsköpun. Sýningin er farandsýning sem hefur verið sett upp í öllum norrænu löndunum nema Danmörku og auk þess í Eistlandi. Norræna stofnunin á Álandseyjum, Norræni menningarsjóðurinn, landstjórn Álandseyja og Sænski menningarsjóðurinn styrktu.
- Sýningin „Handverkshefð í hönnun“ á vegum Heimilisiðnaðarfélags Íslands var haldin í september/október. Félagið gegnir formennsku í samtökum norrænna heimilisiðnaðarfélaga og héldu samsýningu á hönnun ungra nemenda frá íslenskum og dönskum skólum.
- Sýning á myndum norska ljósmyndarans Ove Aalo var haldin í október/nóvember. Sýning þessi er liður í menningarsamstarfi Vesterålen í Norður-Noregi og menningarsamtaka á Austurlandi. Ljósmyndarinn dvaldi að Skriðuklaustri meðan á myndatökunum stóð. Allar myndirnar á sýningunni eru teknar á Íslandi og sýna íslenska náttúru og dýralíf.
- Sýning Kristínar Scheving „Rythmi“ var í anddyri hússins í nóvember. Sýningin er blanda af vídeóverkum, málverkum og gömlum ljósmyndum.

Aðrir viðburðir:

Astrid Lindgren, dagskrá í tilefni af aldarafmæli. Í samvinnu við sænska sendiráðið var efnt til málþings og pallborðsumræðna í tilefni aldarafmælis Astrid Lindgren. Umræðan bar yfirskriftina „Réttur barna til foreldra“. Inngangsorð hélt Madeleine Ströje Wilkens sendiherra Svíþjóðar. Frummælendur voru: Frú Vigdís Finnbogadóttir, Lena Nyberg umboðsmaður barna í Svíþjóð, Ingibjörg Rafnar umboðsmaður barna á Íslandi, Vigdís Erlendsdóttir forstöðumaður Barnahúss og Kristín Helga Gunnarsdóttir rit höfundur. Sýnd var kvikmyndin „Till landet i fjærran“, kvikmynd sem fjallar um Astrid Lindgren og hugmyndir hennar um réttindi barna. Að auki var dagskrá fyrir börn sem byggð var á frásögum um Astrid Lindgren. Lesið og sungið var úr bókum hennar og sýnd var kvikmynd um eina af hennar vinsælustu skáldsagnarpersónum.

Reyfi – Menningargnægð. Níu daga norræn menningarhátíð „Reyfi“ var fyrsti viðburðurinn þegar húsið var opnað að nýju 18. ágúst. Hátíðin var formlega sett við opnun Menningarnætur Reykjavíkur sem fór fram við Norræna húsið. Unnið hafði verið að undirbúningi hátíðarinnar frá því um vorið og m.a. með aðstoð ungs fólks frá Norðurlöndum sem vann á landinu á vegum Nordjobb.

Allir listamennirnir sem fram komu á hátíðinni voru frá Norðurlöndum. Flestir listamannanna eru þekktir og viðurkenndir listamenn í sínum heimalöndum. Samtals voru haldnir rúmlega 30 tónleikar og flutt var mjög fjöl-

breytileg tónlist. Þá voru kvikmynda- og leiksýningar, myndlistasýningar og gjörningar. Skapandi verkstæði var fyrir börn og unglina, ásamt dans- og fjölleikasýningum. Kynning var á norrænum rithöfundum og verkum þeirra. Þá voru fyrirlestrar um hönnun og arkitektúr, að ógleymdri kynningu á norrænni matargerð. Við gerð dagskrárinnar var lögð mikil áhersla á að allir aldurshópar fyndu eitthvað við sitt hæfi.

Leigður var 700 fermetra glerskáli frá Hollandi til að hýsa stærri viðburði hátíðarinnar og fyrir þann fjölda gesta sem áætlað var að myndu sækja hátíðina. Minni viðburðir fóru fram í Norræna húsinu. Dagskráin hlaut mikla athygli í öllum fjölmiðlum. U.þ.b. 17000 gestir sóttu hátíðina. Norðurlöndin í fókus styrkti.

Bókmenntahátíð í Reykjavík. Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík 2007 var haldin í Iðnó og Norræna húsinu í september sl. 21 erlendu og 10 íslenskir höfundar komu fram á hátíðinni auk þess sem fjölda erlendra þýðenda var boðið. Norrænu rithöfundarnir Kirsten Hammann, Carl Johan Jensen, Jonas Hassen Khemiri, Tapio Koivukari, Morten Ramsland og Hanne Ørstavik lásu úr verkum sínum í Norræna húsinu. Meðal annarra þekktra rithöfunda sem voru gestir hátíðarinnar má nefna: Ayaan Hirsi Ali, Jung Chang, Roddy Doyle og J.M. Coetzee sem hlaut Bókmenntaverðlaun Nóbels árið 2003.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík. Alþjóðleg kvikmyndahátíð var haldin í lok september og byrjun nóvember. Meðal gesta á hátíðinni var finnski leikstjórinn Aki Kaurismäki. Í Norræna húsinu voru sýndar allar helstu kvikmyndir þýska leikstjórans Rainer Werner Fassbinder. Sýning á veggspjöldum af kvikmyndum leikstjórans var sett upp í anddyri hússins. Þýska leikkona Hanna Schygulla sem leikið hefur í flestum myndum leikstjórans sótti Norræna húsið heim meðan á hátíðinni stóð. Þá var einnig haldið námskeið, „Talent Campus“, fyrir íslenska og erlenda nemendur í kvikmyndagerð. Japanska sendiráðið stóð fyrir kvikmyndasýningum fyrir börn.

Iceland Airwaves – alþjóðleg tónlistarhátíð í Reykjavík. Í október var hluti af „Iceland Airwaves“, alþjóðlegu tónlistarhátíðinni, í fyrsta skipti haldinn í Norræna húsinu. Allir tónleikar með norrænum tónlistarmönnum og hljómsveitum fóru fram í húsinu. Sent var út beint frá nokkrum tónleikanna á Rás 2. Settar voru upp tvær ljósmyndasýningar, ásamt kvikmyndasýningu í anddyrinu hússins. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (Iceland Music Export) stóð fyrir „Speed Meeting Event 2007“. Norræna menningargáttin (Kulturkontakt Nord) styrkti.

Ýmsir aðrir viðburðir.

- Þýðingarstemma milli íslensku og finnsku tungumálanna var haldin í febrúar. Hingað komu finnsku rithöfundarnir Tapio Koivukari, Anja Snellman og Maria Antas sem héldu fyrirlestra og kynntu finnskar bókmenntir.
- Reykjavík Documentary Workshop, Kvikmyndamiðstöð Íslands, námsbraut í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands og Norræna

húsið hafa í samvinnu staðið fyrir mánaðarlegum kvikmyndasýningum í Norræna húsinu. Á sýningarnar hafa mætt erlendir leikstjórar og kynnt verk sín.

- Árlega standa kennarar í sænsku og norsku fyrir kvikmyndaviku, þar sem sýndar eru sænskar og norskar kvikmyndir. Sýningarnar eru fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum.
- Í febrúar tók Norræna húsið þátt í Safnanótt. Að þessu sinni var yfirskriftin „Pourquoi pas? – Franskt vor á Íslandi“, sem var viðamikil frönsk menningarveisla. Fleiri hundruð gestir heimsóttu Norræna húsið þetta kvöld og nutu fráberrar sýningar franska listahópsins Parques Majeures frá París. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Dómnefnd bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs hélt blaðamannafund í Norræna húsinu, þar sem tilkynnt var að rithöfundurinn Sara Stridsberg hefði hlotið verðlaunin.
- Í tilefni af opnun sendiskrifstofu Færeyja á Íslandi voru haldnir tónleikar í Glerskálanum við Norræna húsið. Á tónleikunum komu fram færeysku tónlistamennirnir Jensina Olsen, Budam, Jógvan Hansen og Ízafold. Kynnir á tónleikunum var rithöfundurinn Carl Johan Jensen. Tónleikarnir voru í boði sendifulltrúa Færeyja á Íslandi, Norðurlandahússins í Færeyjum og Norræna hússins í Reykjavík. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Í september var haldið málþing: „Kapphlaupið á Norðurpólinn – breytingar á stöðu Íslands og Norðurlanda í varnar- og öryggismálum“. Málþingið var haldið í Glerskálanum við Norræna húsið. Fyrirlestrar á ráðstefnunni voru í samvinnu við Excercise Northern Challenge Partnership for Peace. Ávörp fluttu utanríkisráðherra Íslands Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, dr. Guðni Th. Jóhannesson, Lars Möller Pedersen flotaforingi frá Konunglega danska flotanum og Claes Wolgast ofursti frá sænska hernum. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Fyrirlestrar undir yfirskriftinni „Auðlindir og umhverfi“ voru haldnir í september. Þeir voru samstarfsverkefni Norræna hússins, Landgræðslunnar, Land- og ferðamálafræðiskorar Háskóla Íslands, Lagastofnunar Háskóla Íslands og Rannís. Fyrirlesarar voru: Prófessor Roger Crofts, fyrrverandi forstjóri Náttúruverndarsamtaka Skotlands og núverandi formaður Evrópunefndar IUCN um vernduð svæði, Andrew Campbell forstjóri ráðgjafafyrirtækisins Triple Helix Consulting sem starfar á sviði sjálfbærni og dr. Ian Hannam frá University of New England sem starfar fyrir Australian Centre for Agriculture and Law. Sýnd var líka heimildarmyndin „The Thin Green Line“. Norðurlöndin í fókus styrkti.
- Í september var haldin dagskrá í minningu Stefáns Karlssonar handritafræðings á vegum Dansk-íslenska félagsins í samvinnu við stofnun Árna Magnússonar.
- Í haust var opnað nýstárlegt kaffihús, „þrjónakaffi“, í kjallara bókasafnsins í sambandi við sýninguna „Handverkshefð og hönnun“.
- Í október fór fram þriðja alþjóðlega ljóðahátíð Nýhils. Haldin voru tvö málþing um ljóðlist. Norðurlöndin í fókus styrkti.

- Höfundar barnabókanna „Barnbok över gränserna“, Áslaug Jónsdóttir, Rakel Helmsdal (Færejum) og Kalle Güettler (Svíþjóð) héldu fyrirlestur og spjölluðu um samvinnuna og hugmyndirnar að baki þessum margverðlaunuðu bókum.
- Stúdentaleikhúsið sýndi leikritið „Lífið liggur við“ undir stjórn Hlínar Agnarsdóttur í sýningarsalnum í kjallara hússins. Samtals voru 12 sýningar.
- Strengjaleikhúsið undir stjórn Messíönu Tómasdóttur sýndi verkið „Spor regnbogans“. Þetta er flautu- og brúðuleikhús án orða um tónlist. Verkið er fyrir börn á leikskólaaldri.
- Norræna húsið var með vandaða aðventudagskrá í desember. Daglega var opnaður gluggi í jóladagatali hússins. Ýmsir þekktir listamenn leyndust bak við hvern glugga og stóðu fyrir stuttri dagskrá eða uppákomu. Um helgar var barnadagskrá í bókasafninu þar sem lesið var úr þýddum bókum eftir norræna höfunda. Íslenskur og norskur barnakór sungu norræn jólalög. Strengjaleikhúsið undir stjórn Messíönu Tómasdóttur sýndi verkið „Litla trommuleikarann“. Um helgar var jólamarkaður hönnuða og handverksfólks í sýningarsalnum í kjallaranum. Jólahláðborð með girnilegum norrænum jólakræsingum var í veitingasölnunni, „Alvar A – matur og drykkur“.
- Fundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs var haldinn í Norræna húsinu 14. desember.
- Norrænu sendiráðin, að danska sendiráðinu undanskildu, héldu þjóðhátíðardaga sína hátíðlega í Norræna húsinu.

Bókasafn.

Starfsemi bókasafnsins var með hefðbundnum hætti fyrri helming ársins. Að venju var það vel sótt af heimamönnum, fólki af skandinavísku bergi brotnu sem hér dvelur um lengri eða skemmri tíma og erlendum nemendum við Háskóla Íslands, en auk þessara hópa fer fjölgandi erlendum ferðamönnum sem sækja safnið heim.

Bókasafnið var opnað eins og húsið á „Menningarnótt“ 18. ágúst og hófst þar með menningarhátíðin „Reyfi“ sem stóð yfir í níu daga. Safnið var opið lengur daglega meðan á hátíðinni stóð.

Vaxandi eftirspurn eftir þjónustu er frá grunnskólum landsins og hefur starfsfólk safnsins reynt að verða við henni m.a. með því að taka á móti nemendum. Þeim er sýnt bókasafnið og húsið og saga þess rakin. Frá því bókasafnið var opnað í ágúst hafa yfir tvö hundruð grunnskólanemendur komið í kynnisferðir.

Grunnskólanemum sem hafa valið sænsku sem annað tungumál var boðið á bókasafnið í “Norrænu bókasafnsvikunni“ í nóvember.

Veitingasalan – Alvar A matur og drykkur.

Veitingasalan í húsinu fylgir nú stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um „nýja norræna matargerð“. Danskur matreiðslumaður sér um að henni sé

framfylgt. Töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á veitingasölonni m.a. hefur hluti húsgagnanna verið endurnýjaður.

Norrænir lektorar:

Norrænu lektorarnir sem kenna við Háskóla Íslands hafa skrifstofur og kennsluáðstöðu í Norræna húsinu.

16.2. Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)

Meginmarkmið Norræna eldfjallasetursins (Nordisk Vulkanologisk Center) er að efla norrænt samstarf í eldfjallafræði og skyldum greinum, hvað varðar rannsóknir og menntun sem og þjálfun ungra norrænna jarðvísindamanna. Lykilþáttur í starfseminni eru fimm tímabundnar stöður fyrir unga norræna jarðvísindamenn sem veittar eru til árs í senn, þar sem nemendur eða nýdoktorar, gjarnan annars staðar að á Norðurlöndum, koma og vinna að rannsóknarverkefnum í samvinnu við rannsóknarhóp Norræna eldfjallasetursins. Ísland er notað sem „tilraunastofa“ og rannsóknirnar beinast að því að skilja grundvallareðli þeirra ferla sem eiga sér stað við myndun og mótun jarðskorpunnar. Rannsóknirnar nýtast þannig almennt til að skilja gerð og eðli fornrar jarðskorpu sem mótast hefur af eldvirkni, líkt og sums staðar annars staðar á Norðurlöndum. Áhersla er lögð á alþjóðlegt samstarf og að Norræna eldfjallasetrið sé sýnilegt á alþjóðlegum vettvangi sem sameiginleg norræn miðstöð eldfjallarannsóknna.

Norræna eldfjallasetrið er hluti af Jarðvísindastofnun Háskólans, samkvæmt samningi á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskóla Íslands, sem gerður var með fulltingi menntamálaráðuneytisins árið 2004. Upphaflegur samningur þess efnis gildi til ársloka 2007, en á síðastliðnu ári var unnið að framlengingu hans. Ákveðið var að framlengja samninginn um eitt ár, með sambærilegri fjármögnun árið 2008 og 2007. Fjármögnun starfseminnar er þannig tryggð út árið 2008. Á núverandi ári er miðað við að úttekt verði gerð á starfseminni og meðal annars á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um nýjan samning til lengri tíma.

Fjármögnun til starfsemi Norræna eldfjallasetursins kemur af norrænum og íslenskum fjárlögum. Þannig fékk starfsemin 4,95 millj. d.kr. af norrænum fjárlögum árið 2007, en árið áður hafði þessi upphæð verið 7,27 millj. d.kr. Þessi lækkun á fjárframlögum af norrænum fjárlögum er í samræmi við samnorrænt samkomulag um að færa ábyrgð á rekstri samnorrænna vísindastofnana til þeirra landa sem þær eru staðsettar í. Jarðvísindastofnun Háskólans, sem nú starfrækir Norræna eldfjallasetrið, er jafnframt ein af undirstofnunum Raunvísindastofnunar Háskólans. Í samræmi við ofangreindan norrænan niðurskurð fjármagns fékk Raunvísindastofnun Háskólans 20 millj. kr. hækkað rekstrarframlag á fjárlögum 2007 til að mæta lakkandi tekjum frá Norrænu ráðherranefndinni.

Jarðvísindastofnun Háskólans, sem varð til við samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar við jarðvísindahópa Háskóla Íslands árið 2004, er ung stofnun og skipulag enn í mótun. Eldfjallarannsóknir á stofnuninni eru leiddar

áfram af vísindamönnum í svoköllum þemahóp í eldfjallafræði, en í honum voru 20 manns við árslok. Þemahópurinn er alþjóðlegur og ungir norrænir jarðvísindamenn sem dvelja á Norræna eldfjallasetrinu eru hluti af hópnum. Rannsóknir hópsins falla undir verkefnaáætlun sem kölluð er „Understanding volcanoes – a thematic programme in volcanology“, eins og sjá má á: www.earthice.hi.is/page/ies_understanding_volcanoes.

Þemahópur í eldfjallafræði á Jarðvísindastofnun Háskólans sér jafnframt um rekstur Norræna eldfjallasetursins, þannig að öll aðstaða og þekking Jarðvísindastofnunar Háskólans nýtist nú að fullu fyrir unga norræna vísindamenn sem koma til setursins. Umsjónarmaður Norræna eldfjallasetursins og hópstjóri þemahóps í eldfjallafræði er Freysteinn Sigmundsson.

Norræn verkefni og samstarf.

Norræn verkefnanevnd, skipuð einum jarðvísindamanni frá hverju norrænu landanna, veitir Jarðvísindastofnun Háskólans ráðgjöf um hvernig tryggja megi best norræna vídd og norrænan áhuga á starfsemi Norræna eldfjallasetursins. Einn þátturinn er val norrænna styrkþega sem dvelja við Norræna eldfjallasetrið. Fimm nýir styrkþegar hófu störf. Tveir nýdóttarar, einn sem lauk Ph.D. námi við háskólann í Árósum og annar sem lauk Ph.D. gráðu frá háskólunum í Lundi, bættust í rannsóknarhóp Norræna eldfjallasetursins. Þá bættust tveir doktorsnemendur við, einn sem nýtir vinnu sína við eldfjallasetrið sem hluta af doktorsnámi við háskólann í Luleå í Svíþjóð og hinn sem nýtir vinnu við eldfjallasetrið sem hluta af doktorsnámi við háskólann í Helsingfors. Fimmti styrkþeginn sem hóf störf er frá Íslandi og að auki var veittur viðbótarstyrkur til dansks nemanda sem er að mestu kostaður af doktorsstyrk frá Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Styrkþegar eldfjallasetursins voru þannig sex á árinu.

Alþjóðleg verkefni.

Í ágúst sl. stóð Norræna eldfjallasetrið fyrir alþjóðlegum sumarskóla í eldfjallafræði þar sem saman komu um 50 vísindamenn og nemendur alls staðar að á Norðurlöndum, ásamt þátttakendum frá Bretlandi, Írlandi, Bandaríkjunum og Suður-Afríku. Sumarskólinn fjallaði um samspil jarðskorpahreyfinga og eldvirkni. Undirbúningsnefnd var skipuð aðilum frá Jarðvísindastofnun Bandaríkjanna, Háskólanum í Ósló, Pennsylvania State University ásamt Norræna eldfjallasetrinu. Norræn aðkoma að sumarskólunum og þátttaka norrænna nemenda var kostuð að mestu af sérstökum styrk frá NordForsk. Skólinn fór fram við Mývatn, þar sem haldnir voru fyrirlestrar, veggspjaldakynningar og umræður, ásamt því sem farið var í rannsóknarferðir um norðurgosbelti Íslands. Norræna eldfjallasetrið hefur staðið fyrir sumarskólum sem þessum að jafnaði annað hvert ár frá 1995 með góðum árangri. Þar gefst lengra komnum norrænum nemendum í jarðvísindum tækifæri til að kynna hóp alþjóðlegra vísindamanna og nemenda. Fjallað er ítarlega um valið efni hverju sinni sem ofarlega er á baugi í eldfjallafræði.

Alþjóðleg rannsóknarverkefni voru fjölmörg og niðurstöður rannsókna

birtust í um 15 tímaritsgreinum í virtum vísindatímaritum. Þannig birtust t.d. niðurstöður þróana á nýjum aðferðum til að meta jarðskorpuhreyfingar með nákvæmri úrvinnslu gervitunglamynda sem unnar voru í samstarfi við Stanford háskóla í Kaliforníu.

Íslensk verkefni og samstarf.

Á árinu birtust ýmsar niðurstöður rannsókna á íslenskum eldfjöllum, m.a. um myndunarhætti kviku undir Heklu fyrir fyrri tíma stórgos í fjallinu, ásamt því sem kynntar voru niðurstöður á umhverfisáhrifum Heklugosa 1991 og 2000. Þá tekur Norræna eldfjallasetrið þátt í viðamiklum mælingum á flekahreyfingum og jarðskorpuhreyfingum á íslenskum eldfjöllum, sem eru hluti af umhverfisvöktun sem unnin er í samstarfi við íslenskar jarðvísindastofnanir. Einnig hefur verið fylgst með landbreytingum vegna minnkandi jökla á landinu. Þannig rís land við jaðar Vatnajökuls nú yfir 2 sentímetra á ári vegna minnkandi jökulfargs og þau áhrif móta nú mikið aðstæður í jarðskorpu og möttli. Hreyfingarnar eru nú hraðari en flekarekið sjálft um Ísland sem er tæpir 2 sentímetrar á ári. Þessum hreyfingum, sem eru fyrst og fremst lóðréttar, fylgja spennur í jarðskorpunni sem mótað geta virkni í eldstöðvum undir jöklum landsins. Þá má nefna að Norræna eldfjallasetrið tók, líkt og fyrri ár, þátt í starfi vísindamannaráðs Almannaþingardeildar ríkislögreglustjóra við ráðgjöf á hættum af náttúruvá, m.a. við túlkun jarðskjálfta og jarðskorpuhreyfinga.

17. Norrænar lánastofnanir

17.1 Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Fyrstu átta mánuðir ársins einkenndust af miklum sveiflum á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Á fyrri helmingi ársins var framboð lánsfjár mikið og áhættusækni var ríkjandi. Í júlímánuði jókst óróleiki á mörkuðum sem einkum var rakinn til aðsteðjandi vandamála á bandarískum markaði með hús-næðisskuldabréf. Áhættutaka minnkaði verulega ásamt því að umtalsvert dró úr framboði fjármagns á millibankamarkaði og vaxtamunur jókst verulega. Þessar aðstæður höfðu áhrif á starfsemi Norræna fjárfestingarbankans líkt og annarra fjármálafyrirtækja.

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans á tímabilinu var engu að síður góð. Eftirspurn eftir lánum bankans breyttist lítið á tímabilinu en á hinn bóginn stækkuðu fjárhæðir nýrra lána að jafnaði umtalsvert. Vaxtamunur bankans fyrstu átta mánuði ársins nam 11,2 milljörðum króna (123 milljónir evra) samborið við 10,9 milljarða króna (120 milljónir evra) á sama tímabili á fyrra ári. Hagnaður bankans á tímabilinu lækkaði hins vegar lítillega, einkum vegna aðlögunar í eignaskráningu þar sem tekið var mið af markaðsaðstæðum. Hagnaðurinn á tímabilinu janúar til ágúst var 7,3 milljarðar króna (80 milljónir evra) en var 8,1 milljarðar króna (90 milljónir evra) á sama tímabili árið 2006.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í lok ágúst var 1.730 milljarðar

króna (19 milljarðar evra) í samanburði við 1.638 milljarða króna við áramótin 2006/2007 (18 milljarða evra). Á tímabilinu fengu eigendur bankans greidda fjóra og hálfan milljarð króna (50 millj. evra) arð af hagnaði ársins 2006.

Afar mikil aukning varð í útlánnum bankans á tímabilinu janúar til ágúst. Umsamin ný útlán námu 117 milljörðum króna (1.291 millj. evra) en útgreidd lán fyrstu átta mánuði ársins námu 145 milljörðum króna (1.598 millj. evra). Til samanburðar námu útgreiðslur á sama tímabili 2006 um 807 milljónum evra eða 73 milljörðum króna. Heildarútlánasafn bankans 31. ágúst sl. nam 1.098 milljörðum króna (12.065. millj. evra).

Á tímabilinu gaf bankinn út 56 flokka skuldabréfa í 8 mismunandi myntum, samtals að fjárhæð 230 milljörðum króna (2.528 milljónum evra). Í aprílmánuði gaf bankinn út í fyrsta sinn alþjóðlegan flokk skuldabréfa í japönskum jennum til 10 ára að fjárhæð 50 milljarðar jena (307 milljónir evra). Bankinn gaf þrisvar sinnum á árinu út skuldabréf í íslenskum krónum, samtals að fjárhæð 18 milljarðar króna (200 milljónir evra), hvert um sig til eins árs. Þar af var fyrsta útgáfan í íslenskum krónum hin stærsta til þessa, eða 10 milljarðar. Þær tvær útgáfur sem komu í kjölfarið, önnur að fjárhæð 3 milljarðar og sú síðasta, 5 milljarðar, voru til marks um mikla eftirspurn eftir bréfunum. Bandaríkjadalur var sem fyrr mikilvægasti lántökugjaldmiðill bankans. Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki. Engin framlög voru á sértækan afskriftarreikning til að mæta útlánatöpum.

Útlán innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Á fyrstu átta mánuðum ársins var fjöldi nýrra lána svo að segja óbreyttur frá sama tímabili fyrra árs. Þrjátíu og tvö lán voru veitt til aðildarlandanna allra á tímabilinu, þar af fjögur til Íslands. Hins vegar tvöfölduðust fjárhæðir einstakra lána bankans til Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna að jafnaði. Samþykkt lán til aðildarlandanna námu í heild um 100 milljörðum króna (1.104 millj. evra) en námu um 44 milljörðum króna eða 484 milljónum evra á sama tímabili 2006. Stærstur hluti útlána í heild var til iðnaðarmála, eða 28%. Jafnstór hluti eða 28%, var lánaður til orkumála, m.a. til Landsnets á Íslandi og Statnett í Noregi, en það síðarnefnda stendur fyrir lagningu um 580 km rafmagnskapals neðansjávar, frá Noregi til Hollands. Var það jafnframt stærsta einstaka verkefnið á því sviði á árinu. Um 12% útlána var til banka og fjármálafyrirtækja og sama hlutfall var veitt til samgöngu- og fjarskiptamála.

Útlán utan aðildarríkja.

Samþykkt lán utan aðildarríkja námu 17 milljörðum króna (187 milljónum evra) samanborið við 364 milljónir evra á sama tímabili á árinu 2006. Hins vegar eru horfur á að í lok ársins verði útlánin talsvert meiri, þar sem nokkur fjöldi lána hafði enn ekki hlotið formlegt samþykki bankastjórnar í lok ágúst sl. Stærstu lántökusvæðin voru sem fyrr Asía og Austur-Evrópa. Alþjóðalán bankans eru oftast veitt til opinberra framkvæmda með ábyrgð hins opinbera. Hins vegar hefur aukinn hluti lánanna á undanförunum árum runnið til einkaaðila, einkum til einkavæðra innviða á sviði orkumála og fjarskipta en einnig til

pappírsiðnaðar svo dæmi sé tekið. Á fyrstu átta mánuðum ársins voru til dæmis veitt lán til fjármögnunar samgönguverkefna í Serbíu og Tailandi, þróunarbanka í Slóvakíu, ýmissa umbótaverkefna á sviði umhverfismála í Kína og hollenskra hreinsistöðva fyrir úrgangsefni.

Umhverfislán.

Bankinn hefur þá yfirlýstu stefnu að veita fjármagni til umhverfisverkefna með lánastarfsemi sinni en einnig að bæta félagslegar aðstæður á einstökum svæðum. Bankinn hefur unnið eftir umhverfisstefnu sem sett var árið 2001, en á árinu 2007 var unnið að nýrri umhverfisstefnu bankans og er áformað að leggja hana til samþykktar í stjórn bankans í byrjun árs 2008. Byggir stefnan á samspili efnahagslegs vaxtar, ábyrgðar gagnvart umhverfi og félagslegri uppbyggingu.

Á tímabilinu samþykkti bankinn umhverfislán samtals að fjárhæð 30,7 milljarðar króna (337 millj. evra). Þau lán, sem sérstaklega voru veitt til verkefna eða verkefnispátta og voru álitin hafa jákvæð áhrif á umhverfið, námu 26% af heildarútlánnum bankans á tímabilinu. Meðal verkefna má nefna jarðhitaorkuver, vindorkuver, upphitun íbúðarhúsnæðis, umhverfisvænar fjárfestingar í landbúnaði og minnkun útblásturs í pappírsiðnaði.

Norræni fjárfestingarbankinn gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP) sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Evrópska fjárfestingarbankans, Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda á Eystrasaltssvæðinu, Barentshafi og í Norðvestur-Rússlandi. Verkefnið varða m.a. hreinsun á efnaúrgangi, fjármögnun á hreinum orkugjöfum og hreinsun kjarnorkuúrgangs. NIB hefur forystu fyrir undirbúningi, skipulagningu og fjármögnun sjö af fimmtán umhverfisverkefnum á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en 2 milljörðum evra.

Í samræmi við stefnu sína hyggst bankinn á komandi árum beina sjónum sínum enn frekar að umhverfistengdum verkefnum og sérstaklega þeim sem varða sjálfbæra þróun, hagkvæmari orkunýtingu og minnkun gróðurhúsalofttegunda.

NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu um 66 milljörðum króna (726 milljónum evra) eftir fyrstu átta mánuði ársins. Þetta samsvarar um 7,2% af heildarlánveitingum bankans til lántaka meðal aðildarlanda bankans á þessu tímabili.

Útborguð ný lán til verkefna á Íslandi námu tæplega 13,9 milljörðum króna (153 milljónum evra) en það er svipað og árið áður. Lánað var til 6 verkefna á árinu. Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis var veitt um 2,3 milljarða króna lán og 1,7 milljörðum var veitt til Byggðastofnunar í sérstaka lánaramma. Þá var Lánasjóði sveitarfélaga veitt 1,8 milljarða króna lán til fjölbreyttra verkefna. Fjármögnun banka, sparisjóða og lánasjóða á borð við þá sem að framan greinir hefur verið snar þáttur í lánveitingum NIB til Íslands, þar sem tilgang-

urinn er m.a. sá að beina útlánun til smárra og meðalstórra fyrirtækja. Með þessu móti getur fjármögnun bankans nýst fleiri fyrirtækjum og verkefnum þar með orðið fjölbreyttari.

Á undanförunum árum hefur Norræni fjárfestingarbankinn verið áberandi þátttakandi í fjármögnun íslenskra virkjanaframkvæmda og annarra orku-mannvirkja. Á árinu veitti bankinn fé til fjármögnunar þriggja slíkra verkefna. Akureyrarbæ var veitt 800 milljónir króna lán sem endurlánað var til Norð-urorku vegna jarðvarmaverkefna í Eyjafirði. Einnig var RARIK veitt um 2,7 milljarða lán til endurnýjunar á dreifiveitum og byggingar Lagarfossvirkjunar. Þá var Landsneti veitt 3,1 milljarða króna lán til fjárfestinga í dreifineti fyrirtækisins.

Í samræmi við stefnu bankans hafa umhverfisáhrif allra lánaverkefnanna verið metin. Umfang slíks umhverfismats fer jafnan eftir eðli og stærð verkefnanna hverju sinni. Bankinn hefur á undanförunum árum tekið þátt í fjármögnun einstakra verkefna ásamt öðrum lánastofnunum, sem ekki hafa sett slík skilyrði fyrir lánveitingum sínum. Má því segja að bankinn hafi haft viðtækari áhrif en ella á framkvæmd verkefnanna með tilliti til umhverfisverndar. Talsvert hefur verið lagt í að kynna stefnu bankans á þessu sviði á undanförunum árum og eru merki þess að aðrar bankastofnanir hafi tekið umhverfismál á dagskrá sína í tengslum við lánaveitingar.

Lykiltölur NIB (í milljónum evra)

	1/1 – 31/8 2007	1/1 – 31/8 2006	1/1 – 31/12 2006
Hreinar vaxtatekjur	123	120	179
Hagnaður	80	90	137
Útborguð lán	1.598	807	1.605
Samningsbundin lán	1.291	848	2.616
Tekin lán (ný)	2.528	1.929	2.689
Hagnaður / eigið fé (%)	5,8	6,8	6,9
	31/8/2007	31/8/2006	31/12/2006
Útistandandi lán	12.065	11.455	11,559
Niðurstaða efnahagsreiknings	18.912	17.970	17.988
Handbært fé	3.404	2.961	3.224

17.2 Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Umhverfisráðherrar Norðurlanda stofnuðu Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið árið 1990. Félagið hefur aðsetur í Helsingfors og stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju norrænu landanna.

Meginmarkmiðið með stofnun NEFCO var að vinna að verkefnum sem bæta umhverfið í löndum Austur- og Mið-Evrópu að því tilskildu að þau hafi jafnframt jákvæð áhrif á umhverfið á Norðurlöndum. Á fyrstu starfsárunum var megináhersla lögð á verkefni í Eystrasaltsríkjunum en eftir inngöngu þeirra í ESB árið 2004 hefur verið lögð meiri áhersla á verkefni í öðrum

löndum á svæðinu eins og t.d. í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu, Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Hvíta-Rússlandi.

Stuðningur NEFCO við verkefni er í formi lána eða hlutafjár í fyrirtækjum eða hjá opinberum aðilum á starfssvæði félagsins. Félagið vinnur ýmist á eigin vegum, með öðrum alþjóðlegum fjármálastofnunum eða svæðisbundnum samtökum eins og t.d. Eyrstrasaltsráðinu og Norðurskautsráðinu og innan hinnar Norðlægu víddar ESB.

Í öllu starfi NEFCO er lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og hafa sérfræðingar sjóðsins þróað aðferðafræði til að nota sem mælistiku á umhverfisáhrif verkefna áður en ákveðið er að fjárfesta í þeim. Útreikningar þeirra hafa m.a. sýnt að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfsvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingarnar þegar þeirra verður vart á Norðurlöndum.

Verkefni sem NEFCO tekur þátt í að fjármagna beinast einkum að því að innleiða umhverfissvænni tækni, bæta mengunarvarnir og hreinsa frárennsli, bæta meðferð úrgangs og veita ráðgjöf á sviði umhverfismála. Orkumál eru einnig mikilvægur liður í starfinu og er þar megináhersla lögð á hreinni og endurnýjanlega orku og betri orkunýtni. Íslensku orkufyrirtækin Virkir-Orkint og Orkuveita Reykjavíkur vinna að jarðhitaverkefnum í Slóvakíu í samstarfi við NEFCO. Í Eistlandi og víðar hefur félagið tekið þátt í að byggja vindmyllur og í Rússlandi hefur kolaverum verið lokað og lífmassi tekinn upp í staðinn. Þá hefur NEFCO stutt fjölda skóla, barnaheimila og sjúkrahúsa í Norðvestur-Rússlandi og víðar við að bæta orkunýtni sína. Öll þessi verkefni eiga þátt í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Nokkrar umræður fóru fram um nýjar áherslur í starfi NEFCO á næstu árum og mótuð hefur verið sérstök upplýsingastefna fyrir sjóðinn og starfsemi hans. Áfram verður unnið að meginverkefnum sem tengjast vatni, loftmengun og loftslagsmálum en aukin áhersla lögð á ný svið eins og t.d. þrávirk lífræn efni og þungmálma. Má í því sambandi nefna að NEFCO studdi leiðangur sem farinn var sl. haust í Franz Josef Land til að leggja mat á hættulegan úrgang (olíu, PCB, o.fl.) sem rússnesk hermálayfirvöld skildu þar eftir í miklu magni þegar þau yfirgáfu eyjarnar upp úr 1990. Verkefnið er eitt af forgangsverkefnum alþjóðlega heimskautaársins enda mikið í húfi að þessi efni berist ekki út í hafsvæði á norðlægum slóðum. Á næstu árum er ætlunin að hreinsa svæðið og má reikna með að NEFCO taki þátt í því.

Unnið var að tilraunaverkefni í samvinnu við yfirvöld umhverfismála í Kína með það fyrir augum að nota þá hugmyndafræði sem NEFCO byggir á til að vinna að umhverfisbætandi verkefnum í Kína. Drög að samningi liggja fyrir og er ráðgert að hann verði undirritaður í upphafi ársins 2008. Samstarf við Kína getur haft talsverða þýðingu fyrir norðurskautssvæðin sem eru afar viðkvæm fyrir mengun sem berst þaðan.

Stofnfé Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins er um 114 millj. evrur og er unnið að rúmlega 250 litlum og meðalstórum verkefnum með stuðningi NEFCO.


Auk þeirrar daglegu starfsemi sem snertir meginviðfangsefni NEFCO

hefur sjóðnum verið falið að hafa umsýslu með ýmsum öðrum sjóðum sem taka þátt í fjármögnun umhverfisverkefna. Má þar m.a. nefna verkefnasjóð Norðurskautsráðsins og sjóð sem opinberir aðilar og einkaaðilar á Norðurlöndum og í Þýskalandi hafa stofnað til að annast kaup og sölu á losunarkvótum í tengslum við sameiginlega framkvæmd Kyoto-bókunarinnar. Loks má geta þess að fulltrúi félagsins tók sl. haust sæti í stýrihópi umhverfisstarfsins innan Norðlægu víddarinnar (Northern Dimension Environmental Partnership) sem stofnað var til af ESB árið 2001 með það meginmarkmið að sameina kraftana til að leysa sem fyrst alvarlegustu mengunarvandamálin í Norðvestur-Rússlandi.


Sjá nánar á: www.nefco.org.

Tölulegar upplýsingar um NEFCO:

Fjárfestingar NEFCO eftir sviðum



Fjárfestingar NEFCO eftir löndum



Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn var stofnaður af Norrænu ráðherra-nefndinni og umhverfisráðherrum Norðurlanda árið 1996. Sjóðurinn er stofnaður í því skyni að veita hagstæð lán eða styrki til að vinna að umhverfisbætandi verkefnum í Austur-Evrópu sem hafa mikla þýðingu fyrir umhverfið á viðkomandi svæði en uppfylla ekki þau fjárhagslegu skilyrði sem sett

eru fyrir lánum frá NEFCO eða öðrum fjármálastofnunum. Eftir inngöngu Eyrstrasaltsríkjanna í ESB var starfsemi sjóðsins í þeim löndum hætt en aukin áhersla lögð á verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Árlegt framlag norrænu landanna til sjóðsins nemur um 14,2 millj. d.kr. og af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar renna árlega rúmlega 10 millj. d.kr. í sjóðinn. Stjórn NEFCO er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins.

17.3 Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð m.m. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og venjulega er láninu breytt í styrk þegar fyrir liggur skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiddast til baka verði af sölu verkefnisins en lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Samkvæmt ákvörðun Norrænu ráðherranefndarinnar hefur Nopef hætt að styrkja verkefni í nýjustu aðildarlöndum ESB í Austur-Evrópu, en undantekning gilti um þau lönd til ársloka 2007. Þó munu verkefni í Búlgaríu og Rúmeníu vera lánshæf til ársloka 2010. Frá og með árinu 2008 verður landfræðileg áhersla Nopef mun breiðari en áður og skilgreinir sjóðurinn hana nú einfaldlega þannig að stuðningur sjóðsins nái til landa sem standa utan EFTA og ESB.

Forsendur fyrir stuðningi frá Norræna verkefnaútflutningssjóðnum eru eftirfarandi:

- að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans, Norræna þróunarsjóðsins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins. Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsingfors. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Stjórnin hélt fjóra fundi. Á milli stjórnarfunda eru verkefnafundir, þar sem starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar taka fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest á næsta stjórnarfundi á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina og

stytta tímann frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir. Fulltrúi Noregs er nú formaður sjóðsins, en íslenski fulltrúinn er varaformaður.

Í apríl var haldin kynningarfundur um Nopef á Íslandi í samvinnu við Útflutningsráð. Þar kynntu framkvæmdastjóri sjóðsins og svæðisstjórinn fyrir Ísland starfsemi Norræna verkefnaútflutningssjóðsins.

Verkefni.

Sjóðnum bárust 201 umsókn á árinu, sem er nokkru fleiri en markmið sjóðsins var, 175 umsóknir. Umsóknir frá Íslandi voru 6, en hafa oftast verið um 2 á ári. Heildarfjöldi umsókna árið 2006 var 135, 200 árið 2005 og 220 árið 2004.

Samþykktar umsóknir voru samtals um 114 á árinu, þar af ein til íslensks fyrirtækis. Árið 2006 voru þær 96, 122 árið 2005 og 132 árið 2004.

17.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Sjóðurinn hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns sem er útgreiddur og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar Norræna þróunarsjóðsins eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 millj. SDR og 330 millj. evra, eða alls um 930 millj. evra (um 84 milljarða ísl.kr.). Norræni þróunarsjóðurinn tók upp evruna (EUR) sem mynteiningu í ársbyrjun 2001. Engin lán til nýrra verkefna voru samþykkt á árinu. Tvö viðbótarlán til útistandandi verkefna voru veitt á láninu fyrir samtals 2,55 milljónir SDR.

Frá upphafi hefur Norrænu þróunarsjóðurinn veitt lán að fjárhæð 912 millj. evra til 163 verkefna á vegum hins opinbera. 54 þessara verkefna voru útistandandi í lok ársins. Fjöldi verkefna með einkaðilum frá stofnun eru 27 og eru 10 þeirra útistandandi.

Frá stofnun sjóðsins hefur hann veitt lán að fjárhæð 980 millj. evra (um 88,2 milljarða ísl.kr.) til 190 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjáris hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við bandaríkjadali á ári. Um 43% lána Norræna þróunarsjóðsins hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 bandaríkjadali/ári),

41% til lágtekjulanda (LIC, <760 bandaríkjadalir/ári) og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761-3030 bandaríkjadalir/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum sjóðsins frá fyrstu árum hans og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 millj. evra (um 2,1 milljarða króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum Norræna þróunarsjóðsins árið 2001 og sjóðurinn getur nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu: 1) beint til fjárfestingarverkefna; 2) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; 3) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu) og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeypjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeypjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR (tæpir 2 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Stjórn sjóðsins hélt áfram undirbúningsvinnu vegna niðurlagningar sjóðsins og er stefnt að því að leggja niðurstöður þeirrar vinnu fyrir Norrænu ráðherranefndina fyrir lok ársins 2008. Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 12.

17.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Útlán.

Lánasjóðurinn lánar fé til fjárfestinga fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Einnig til íslenskra fyrirtækja, að því tilskildu að um sé að ræða samstarfsverkefni íslensks og annað hvort færeysks eða grænlenks fyrirtækis. Þetta er í samræmi við samþykktir frá árinu 1998. Sjóðurinn greiddi á árinu út sex lán, eitt til Færeyja og fimm til Grænlands, samtals að upphæð 9,5 millj. d.kr.

Rekstur.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2006/2007 119,7 millj. d.kr. og á sama tíma námu útlán samtals 102,1 millj. d.kr.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 millj. d.kr. á ári.

Í ársreikningnum fyrir árið 2006 er hagnaðurinn rúmlega 98 þús. d.kr., sem er styrkur sjóðsins til NORA árið 2007.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess. Aðild að Lánasjóði Vestur-Norðurlanda eiga Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar og Grænland.

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni www.vestnorden.is.

Fylgiskjal 1:

Punkaharju-yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda 19. júní 2007
Norrænir forsætisráðherrar í Punkaharju vilja auka hæfni, sýnileika og velferð á Norðurlöndum

Norðurlönd tækifæranna – svör við áskorunum hnattvæðingar.

Forsætisráðherrar Norðurlanda komu saman til árlegs sumarfundar í Punkaharju í Finnlandi dagana 18.–19. júní 2007. Þeir voru á einu máli um að fagna þeim nýju tækifærum og áskorunum sem Norðurlöndum bjóðast með hnattvæðingunni og vilja bregðast við þeim með því að þróa áfram norræna samfélagskipan þar sem velferð íbúanna, samkeppnishæfni atvinnulífsins, atvinna og hagvöxtur, sameiginleg menning og áhersla á sjálfbæra þróun er í fyrirrúmi. Forsætisráðherrar Norðurlanda vilja halda áfram að styrkja þá þætti þar sem þjóðirnar eru sterkar fyrir, háþrúð og yfirgripsmikil menntakerfi landanna, sérfræðikunnáttu þeirra og rannsóknarstarf, leikni í að nota upplýsingatækni og sköpunarkraft til nýsköpunar.

Því hafa forsætisráðherrarnir ákveðið að gefa rásmerki fyrir ný norræn samstarfsverkefni á sviði hnattvæðingar. Leitast skal við að ná samlegðaráhrifum með því starfi sem unnið er í þessum efnunum á evrópskum vettvangi og í samstarfi við grannsvæðin. Nánara samstarf við Eystrasaltsríkin styrkir samkeppnishæfni á öllu Eystrasaltssvæðinu og eykur möguleika á að færa sér hnattvæðinguna í nyt.

Unnið verður að eftirfarandi verkefnum og markmiðum til þess að auka hæfni, sýnileika og velferð á Norðurlöndum. Að þessum verkefnum og markmiðum verður unnið á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar sem og annars staðar þar sem ríkisstjórnir Norðurlanda vinna saman:

Meiri hæfni á Norðurlöndum.

- 1) Auka ber áherslu á að efla norrænt þekkingar- og nýsköpunarsvæði á evrópskum vettvangi. Í samráði við viðskipta-, menntamála-, og rannsóknarráðherrana mun Norræna ráðherranefndin móta tillögu fyrir sumarið 2008 um leiðir til að styrkja norrænar hágæðarannsóknir. Í því sambandi verður höfð nán samvinna við atvinnulífið, en jafnframt unnið að því að efla tengslanet þeirra sem vinna að hágæðarannsóknunum og þeirra sem fást við nýsköpun. Brynt er meðal annars að huga að eftirgreindum áhersluatriðum: loftslagsmálum, orku- og umhverfismálum auk velferðarrannsókna og heilbrigðismála.
- 2) Efling samstarfs á sviði æðri menntunar er til þess fallin að auka samskipti norrænna menntastofnana og aðdráttarafl Norðurlanda sem ákjósanlegra námslanda. Rannsóknir og nýsköpun verða eflað með því að samræma milli landanna rannsókna- og nýsköpunarverkefni og með því að stuðla að samvinnu þeirra aðila í löndunum sem fjármagna rannsóknir.

- 3) Ríkisstjórnir Norðurlanda munu í sameiningu kanna möguleikann á því að setja á fót sameiginlegar norrænar nýsköpunarskrifstofur á vaxandi markaðssvæðum í Asíu. Niðurstöður þeirrar könnunar verða kynntar fyrir norrænu samstarfsráðherrunum sumarið 2008.
- 4) Forsætisráðherrar Norðurlanda leggja til við Norðurlandaráð að stofnað verði til norrænna nýsköpunarverðlauna fyrir norræn gæði frá árinu 2008, en tilgangurinn er að gera verðlaunastefnu Norðurlanda margþættari.

Meiri sýnileiki á Norðurlöndum.

- 5) Norðurlönd sem eitt svæði verða markaðssett. Mótuð verður tillaga um norrænt samstarf á sviði markaðssetningar og útflutnings á markaðssvæðum sem eru í vexti, og þá sérstaklega utan Evrópu. Tillagan á að ná til sviða þar sem sameiginlegt norrænt átak hefur kosti fram yfir það að löndin geri átak ein og sér, þetta á t.d. við um notkun á endurnýjanlegri orku, bættri orkunýtingu og umhverfisvernd.
- 6) Í samvinnu við Norðurlandaráð verður lagt mat á tillögu þess efnis að haldin verði árleg norræn stefna eða þing (forum) – í fyrsta sinn árið 2008 – þar sem Norðurlönd móta sameiginlega svör við þeim möguleikum og áskorunum sem hnattvæðingin hefur í för með sér. Auk forsætisráðherranna taki þar þátt fulltrúar atvinnulífs, rannsókna, stjórn mála og frjálsra félagsamtaka.

Meiri velferð á Norðurlöndum.

- 7) Norrænt orkumálasamstarf verður eflt. Ráðist verður í að samræma norræna raforkumarkaðinn auk fjárfestinga í dreifikerfi og framleiðslu. Markmiðið er að raforkumarkaðurinn verði landamæralaus, skilvirkur og sjálfbær og stuðli þannig að góðu afkomuöryggi á Norðurlöndum.
- 8) Norðurlönd eiga að vera í fararbroddi við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Norðurlönd búa einnig yfir afburðabekkingu á sviði umhverfisverndar, orkunýtingar, endurnýjanlegrar orku og takmörkunar koltvísýrings. Sameiginlegt átak verður gert til þess að meta tæknimöguleikana og afmarka þá sem best eru fallnir til norræns samstarfs. Sérstök áhersla er lögð á sameiginlega hnattræna markaðssetningu á framangreindum styrkleikasviðum.
- 9) Ríkisstjórnir Norðurlanda munu láta gera yfirlit yfir raunhæfar aðgerðir til að ryðja úr vegi þeim stjórnsýsluhindrunum sem þar er enn að finna og hefta bæði frjálsa för íbúanna og starfsemi fyrirtækja. Með öllum tiltækum ráðum verður leitast við að liðka sem mest fyrir samgangi milli norrænna borgara. Skýrsla um þær stjórnsýsluhindranir sem enn eru til staðar ásamt aðgerðum sem ráðist hefur verið í – eða eru fyrirhugaðar – til að ryðja þeim úr vegi verður gefin reglulega á haustfundum forsætisráðherranna frá og með 2007.

Eftirfylgni og fjármögnun.

- 10) Samstarfsráðherrar Norðurlanda, ásamt viðkomandi fagráðherranefndum, munu sjá til þess að verkefnin komi til framkvæmda – reglulegt samráð verður haft við Norðurlandaráð. Jafnframt þróar Norræna ráðherranefndin starfsemi sína og aðlagar bæði fjárlög sín og innra skipulag að þverfaglegu samstarfi svo unnt verði að ná hinum sameiginlegu markmiðum á sviði hnattvæðingar. Stöðuskýrslu um framvindu verkefnanna skal kynnt fyrir forsætisráðherrunum í fyrsta sinn á 59. þingi Norðurlandaráðs í Ósló haustið 2007.
- 11) Forsætisráðherrarnir taka einnig mið af mjög athyglisverðum hugmyndum sem framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar kynnti á fundinum. Þær eru mjög gott innlegg í þá umræðu sem fram mun fara í hópi samstarfsráðherranna um útfærslu á hnattvæðingaráformunum.
- 12) Því er beint til samstarfsráðherranna að þeir ákveði að allt að 60 millj. d.kr. af norrænu fjárlögunum fyrir árið 2008 renni til fjármögnunar á hnattvæðingarverkefnunum og til þeirra norrænu stofnana sem munu gegna lykilhlutverki við að gera þau að veruleika. Jafnframt skipi Norræna ráðherranefndin sérstakan fjármögnunarhóp sem fari yfir mögulegar fjármögnunarleiðir vegna hnattvæðingaráformanna; einkum verði forgangsröðun í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar endurskoðuð þannig að úr þeim megi lesa þann forgang sem norræna hnattvæðingarsamstarfið nýtur. Haustið 2007 gefur vinnuhópurinn samstarfsráðherrunum skýrslu um hnattvæðingarfjárveitingar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2008 sem og um frekari fjármögnunarleiðir til framtíðar á árinu 2008.

Fylgiskjal 2:**Styttingar**

AC	The Arctic Council – Norðurskautsráðið
AfDB	African Development Bank
AMAP	Arctic Monitoring and Assessment Programme
AsDB	Asian Development Bank
BEN-EAST	Baltic Euroregional Network East
EBRD	The European Bank for Reconstruction and Development – Evrópubankinn
EHU	European Humanities University
EK-A	Nordisk embedsmannskomité for arbeidsmarkeds- og arbejdsmiljøpolitik – Norræna embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál
EK-Finans	Nordisk embedsmannskomité for økonomi- og finans- politik – Norræna embættismannanefndin um efnahags- og fjármál
EK-FJLS	Nordisk embedsmannskomité for fiskeri og havbrug, jordbrug, levnedsmidlar og skovbrug – Norræna embættis- mannanefndin fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt
EK-K	Nordisk embedsmannskomité for kulturelt samarbejde – Norræna embættismannanefndin um menningarmál
EK-Ligestilling	Nordisk embedsmannskomité for ligestilling – Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál
EK-LOV	Nordisk embedsmannskomité for lovsamarbejde – Norræna embættismannanefndin um löggjafarsamstarf
EK-M	Nordisk embedsmannskomité for miljøspørgsmål – Norræna embættismannanefndin um umhverfismál
EK-NE	Nordisk embedsmannskomité for erhvervs- og energi- politik – Norræna embættismannanefndin um atvinnu- og orkumál
EK-NE/Energi	Nordisk embedsmannskomité for energipolitik – Norræna embættismannanefndin um orkumál
EK-NE/Næring	Nordisk embedsmannskomité for erhvervspolitik – Norræna embættismannanefndin um atvinnumál
EK-R	Nordisk embedsmannskomité for regionalpolitik – Norræna embættismannanefndin um byggðamál
EK-S	Nordisk embedsmannskomité for social- og sundheds- spørgsmål – Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál
EK-U	Nordisk embedsmannskomité for undervisning og forsk- ning – Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir

ESB	Evrópusambandið
EUROSTAT	Statistical Office of the European Communities
GHS	Globally Harmonized System of Classification and Labelling of Chemicals
HELCOM	The Helsinki Commission – Helsingforssamningurinn um vernd Eystrasaltsins
HÖGUT	Ráðgivningsgruppen för nordiskt samarbete inom högre utbildning – Stjórnarnefndin um æðri menntun
IABD	Inter-American Development Bank
IMFC	The International Monetary and Financial Committee – Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn
LRTAP	Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution – Samningur um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa
MR-A	Nordisk Ministerråd for Arbejdsliv – Norræna ráðherranefndin um vinnumál og vinnuverndarmál
MR-Finans	Nordisk Ministerråd for Økonomi- og Finanspolitik – Norræna ráðherranefndin um efnahags- og fjármál
MR-FJLS	Nordisk Ministerråd for Fiskeri og Havbrug, Jordbrug, Levnedsmidler og Skovbrug – Norræna ráðherranefndin fyrir sjávarútveg, landbúnað, matvælamál og skógrækt
MR-K	Nordisk Ministerråd for Kulturelt Samarbejde – Norræna ráðherranefndin um menningarmál
MR-Ligestilling	Nordisk Ministerråd for Ligestilling – Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál
MR-LOV	Nordisk Ministerråd for Lovsamarbejde – Norræna ráðherranefndin um löggjafarsamstarf
MR-M	Nordisk Ministerråd for Miljø – Norræna ráðherranefndin um umhverfismál
MR-NER	Nordiskt Ministerråd för Erhvervs-, Energi- og Regionalpolitik – Norræna ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál
MR-S	Nordisk Ministerråd for Social- og Sundhedspolitik – Norræna ráðherranefndin um heilbrigðis- og félagsmál
MR-SAM	De nordiske samarbejdsministren – Samstarfsráðherrar Norðurlanda
MR-U	Nordisk Ministerråd for Uddannelse og Forskning – Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir
NAD	Nordisk nævn for alkohol- og narkotikaforskning – Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna
NAT	Nordisk Alkohol og Narkotikatidskrift
NATO	North Atlantic Treaty Organization – Atlantshafsbandalagið
NAU	Nordisk arbejdsretsudvalg – Norræn nefnd um vinnurétt
NB8	Norrænir/baltneskir ráðherrafundir

NCoE	Nordic Centers of Excellence – Norræn öndvegissetur
NDEP	Northern Dimension Partnership
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NEF	Nordisk energiforskning – Norrænar orkurannsóknir
NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NHV	Nordiska högskolan för folkhälsovetenskap – Norræni lýðheilsuháskólinn
NIAL	Nordisk Informationsgruppe for Arbejdslivsspørgsmål – Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál
NIB	Nordisk Investeringsbank – Norræni fjárfestingarbankinn
NICe	Nordisk InnovationsCenter – Norræna nýsköpunarmiðstöðin
NIKK	Norræna kvenna- og kynjarannsóknarstofnunin
NIOM	Nordisk Institutt for Odontologiske Materialer – Norræna tannlækningastofnunin
NIPÅ	Nordens Institut på Åland – Norræna stofnunin á Álandseyjum
NIVA	Nordiska institutionen för vidareutbildning inom arbetsmiljöområdet – Norræna stofnunin um menntun á sviði vinnuverndar
NMF	Nordiska miljöutvecklingsfonden – Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna heilbrigðis-tölfræðinefndin
Nopef	Nordiska Projektexportfonden – Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn
NOPUS	Nordisk Uddannelsesprogram for Udvikling af Social Service – Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantsnefndin
NORDBUK	Nordisk Børne- og ungdomskomité – Norræna barna- og ungmennanefndin
NordGen	Nordiskt Genresurscenter
NORDRED	Nordisk redningstjenestesamarbejde – Norræn samvinna um björgunarsamstarf
Nordregio	Nordic Centre of Spatial Development – Norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum
NORDVULK	Nordisk Vulkanologisk Center – Norræna eldfjallasetrið
NORIA	Nordic Research and Innovation Area
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála
NPP	Northern Periphery Programme – Norðurslóðaáætlun ESB

NSH	Nordiska samarbetsorganet för handikappsfrågor – Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra
NSHF	Nordisk samráðsgruppe i flygtningespørgsmål – samráðsnefnd um málefni flóttamanna
NSK	Nordisk Samarbejdskomité – Norræna samstarfsnefndin
NSS	Rådgivningsgruppen for nordisk skolesamarbejde – Norræn ráðgjafarnefnd um samstarf um skólamál
NUD	Nordisk Uddannelsescenter for Døvblindepersonale – Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu
NVL	Nordisk netværk for voksnes læring – Norrænt samstarfsnet um fullorðinsfræðslu
OSPAR	Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic – Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins
REACH	European Community Regulation on Registration, Evaluation, Authorisation and Restriction of Chemical substances – Reglugerð ESB um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir á notkun efna
SVL	Styregruppen for voksnes læring – Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu
UNEP	United Nations Environment Programme – Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna
ÞSSÍ	Þróunarsamvinnustofnun Íslands

